

VIÐÍS MÁSDÓTTIR
Bæði góðar og slæmar leiksýningar í Berlín
• ferðir • bílar
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



ÁRNI ÞÓRARINSSON
Slær í gegn í Frakklandi
Í fimmta sæti yfir söluhæstu glæpasögurnar
FÓLK 22



SIGRÍÐUR THORLACIUS
Smyrja nesti fyrir tónleikaferð um Bretland
Meðlimir Hjaltafn sníða sér stakk eftir vexti
FÓLK 22



FRÉTTABLAÐIÐ

8. október 2008 — 275. tölublað — 8. árgangur **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Alþjóðleg brjóstagjafarvika
Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur árum saman mælt með brjóstagjöf sem einu fæðu ung- barna til sex mánaða aldurs.
TÍMAMÓT 12

Eldflaug og eldfjall
Einar Már Jónsson veltir fyrir sér hvenær alþjóðasveitir örlaga- smjadrara skyldu skjóta upp kollinum á Íslandi.
Í DAG 10

Er engin klappstýra
Hermann Hreiðars- son íhugar framtíð sína hjá Portsmouth vegna skorts á tækifærum undanfarið.
ÍÞRÓTTIR 18



INN OG ÚT Hópur manna frá Fjármálaeftirlitinu fór inn um bakdyrnar á aðalstöðvum Glitnis á Kirkjusandi á tíunda tímanum í gærkvöldi. Klukkustund síðar yfirgáfu Þorsteinn Már Baldvinsson og Kristín Edwald, fyrrverandi stjórnarmenn í Glitni, höfuðstöðvarnar. Fjármálaeftirlitið hefur nú bæði tekið yfir Glitni og Landsbankann.



Fjármálaeftirlitið tók yfir stjórn Glitnis í gærkvöldi

FME tók Glitni yfir í gærkvöldi og Landsbankann í gærmorgun. Ný félög um innlenda starfsemi og bankarnir áfram opnir. Ekkert verður af þjóðnýtingu, en rætt um að Kaupþing taki yfir innlenda hluta Glitnis.

VIÐSKIPTI Fjármálaeftirlitið hefur á grundvelli nýsettra laga gripið inn í rekstur Glitnis og Landsbankans til að tryggja áframhaldandi viðskiptabankastarfsemi á Íslandi. Fjármálaeftirlitið hefur skipað skilanefndir sem taka við öllum heimildum bankaráðs Landsbankans og stjórnar Glitnis. Tilkynt var um yfirtöku á Landsbankanum eldsnemma í gærmorgun, en embættismenn á vegum Fjármálaeftirlitsins fóru inn í höfuðstöðvar Glitnis við Kirkjusand á tíunda tímanum í

gærkvöldi. Búið er við að ný félög verði stofnuð um innlenda hluta starfsemi beggja banka nú þegar. Stjórn Glitnis óskaði eftir því í gærkvöldi að Fjármálaeftirlitið nýtti sér nýfengnar heimildir í lögum til að flýta fyrirhuguðum hluthafafundi til samþykktar á aukningu hlutafjár félagsins um 600 milljónir evra í samræmi við hlutafjárloforð ríkisins. Fjármálaeftirlitið svaraði ekki þessari málaleitan. Vegna þessa gat ekki orðið af innborgun hlutafjárins í gær og þess vegna taldi stjórn

Glitnis að skilyrði laganna um skilanefnd ættu við, samkvæmt upplýsingum frá Glitni. „Það gera sér allir grein fyrir því að mikil verðmæti hafa farið forgörðum síðustu sólarhringa, en ég vona að skilanefndin reyni að varðveita þau verðmæti sem eftir eru,“ sagði Þorsteinn Már Baldvinsson, fráfari stjórnarformaður Glitnis, í gærkvöldi. Þar með er ljóst að ekkert verður af þjóðnýtingu bankans, sem átti að staðfesta á hluthafafundi næstkomandi laugardag.

Heimildir Markaðarins herma að sá möguleiki sé nú til alvarlegrar skoðunar að Kaupþing taki yfir innlenda starfsemi Glitnis. Skilanefnd tekur endanlega ákvörðun um slíkt, en með slíkri ráðstöfun á að byggja upp sterka fjármálastofnun til framtíðar og undirstrika þannig fjárhagslegan styrk Kaupþings í því erfiða árferði sem nú geisar á fjármála- mörkuðum. Viðmælendur blaðsins töldu að þetta gæti gerst mjög fljótlega, jafnvel fyrir helgi.

VEÐRIÐ Í DAG

ÁGÆTT VEÐUR Í dag verða suðvestan áttir, 3-8 m/s. Bjart austan til, annars skýjað með köflum og hætt við lítills háttar skúrum vestan til síðdegis. Hiti 5-10 stig.
VEÐUR 4

BORÐLAMPAR

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16

Móðurfélag Fjarðaáls dregur saman seglin en áætlanir um Bakka eru óbreyttar: Eftirspurn eftir áli minnkar

EFNAHAGSMÁL Alcoa, eigandi Fjarðaáls og stærsti álframleiðandi Bandaríkjanna, ætlar að skera niður framleiðslu vegna minnkandi eftirspurnar í Bandaríkjunum og verðlækkunar á áli af völdum efnahagsþrenginga í heiminum. Haft er eftir Klaus Kleinfeld, forstjóra Alcoa, á fréttaveitunni Bloomberg í gærkvöldi, að hagnaður hafi minnkað um 52 prósent á þriðja ársfjórðungi. Áfram verður eftirspurn eftir áli á heimsvísu, en þó minni en spáð var fyrir um. Gert er ráð fyrir að mun rólegri verði á álmörkum en undanfarin ár, allt fram til ársins 2010. Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls, segir orð forstjórans engin áhrif hafa á Fjarðaál sem

sé í öflugri stöðu og gangi vel. „Gangsetning er að baki og verksmiðjan í fullri framleiðslu. Þá hefur þetta engin áhrif á Húsavík. Enda er álver á Bakka fjær í tíma en þessi tilkynning segir til um og við höfum mikla trú á framtíðarverkefnastöðunni,“ segir Tómas. Hann bendir á að þar sé endi unnið eftir aðgerðaáætlun þar sem ekki sé að vænta ákvörðunar fyrr en í lok næsta árs. Iðnaðarráðuneytið hafði ekki haft spurnir af málinu seint í gærkvöldi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Norðurál hins vegar mikinn áhuga á að flýta framkvæmdum í Helgufvík og hefur nálgast iðnaðarráðuneytið með slíkar hugmyndir.

- jk, kh, óká

Bestu kaupin í dag **Kafbátur mánaðarins**

6 tommu pizzabátur 329 kr.

SUBWAY

Gildir í okt. 08, gildir ekki með öðrum tilboðum.

MINNA AF SYKRI MEIRA AF ÁVÖXTUM

SPURNING DAGSINS



Skralli, er einhverra breytinga að vænta á þér?

„Engra nema góðra breytinga.“

Tyggiótrúður, íspinninn vinsæli frá Emmess, gekkst undir miklar breytingar nýlega er tyggjókúlan var fjarlægð úr botni pinnans. Skralli trúður, einnig þekktur sem Aðalsteinn Bergdal leikari, hefur skemmt börnum í áratóðir með endalausum fíflalátum.

Starfsmenn Landsbankans: Pögulir og áhyggjufullir

VIÐSKIPTI „Þið haldið ykkar hlut óskertum,“ sagði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra við starfsmenn Landsbankans um launakjör þeirra á fundi í gær.

Starfsmennirnir hlýddu steinrunnir á viðskipta- og fjármálaráðherra í þéttskipuðum matsal Landsbankans við Hafnarstræti í Reykjavík.

Viðskiptaráðherra sagði orð sín ekki eiga við um „ofurlaun“.

Um 1.500 manns starfa hjá bankanum hér á landi.

- ikh / sjá Markaðinn

Seðlabanki Bandaríkjanna: Þarfirnar illa skilgreindar

EFNAHAGSMÁL Seðlabanki Bandaríkjanna segir þarfir Íslendinga ekki hafa verið nægilega skilgreindar í erindi Seðlabanka Íslands varðandi gjaldeyrisskiptasamning.

Þetta kom fram í kvöldfréttum Sjónvarpsins í gær. Þar var greint frá ástæðum þess að Seðlabanki Íslands var ekki með þegar gerðir voru gjaldeyrisskiptasamningar við seðlabanka hinna Norðurlandanna.

Í svarinu segir meðal annars að erindi Seðlabanka Íslands hafi verið tekið til „gaumgæfilegrar skoðunar“. Þá segir: „Á þeirri stundu lokuðum við ekki fyrir frekari viðræður um hvernig Seðlabanki Bandaríkjanna gæti stutt við samhæfingu aðgerða meðal annarra fjármálastofnana til stuðnings Íslendingum.“

-msh

LÖGREGLAN

Tekinn með amfetamín

Karlmaður á þritugsaldri var handtekinn í Grafarvogi um helgina með rúmlega 100 grömm af íkniefnun í fórum sínum, mestmegnis amfetamín.

2

FRÉTTABLAÐIÐ

8. október 2008 MIDVIKUDAGUR

Davíð Oddsson talaði um Glitnismálið og fleira í Kastljósi í gærkvöld:

Sá í hvað stefndi fyrir rúmu ári



DAVÍÐ ODDSSON Seðlabankastjóri sat fyrir svörum í Kastljósinu í gær. Þar svaraði hann spurningum um efnahagsmál.

FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTINN

Davíð sagði í viðtalinu að Seðlabankinn hefði alla tíð varað við þessu, aðspurður hvort hann

bæri einhverja á ábyrgð á efnahagsvandadanum. Davíð jätti því jafnframt að ríkisstjórnin hefði ekki hlustað þegar hann varaði við ástandinu. Hann hefði haft það á orði við bankastjóra, fyrir tólf til fjórtán mánuðum, hvaða ástand yrði uppi eftir þennan tíma og sú spá hefði ræst.

Í viðtalinu kom að auki fram að lán frá Rússlandi hefði ekki verið veitt heldur væri málið á umræðustigi. Hins vegar hefði fjármálaráðherra Rússlands lýst því yfir að farið yrði í viðræðurnar með jákvæðu hugarfari.

- vsp

Banki í gjörgæslu Fjármálaeftirlitsins

Stjórn Landsbankans hefur verið vikið frá. Hluthafar bankans tapa öllu sínu. FME tryggir áframhaldandi rekstur í skjóli nýrra laga. Óvíst að staðan hefði komið upp með láni frá Bandaríkjamönnum, segir fjármálaráðherra.

VIÐSKIPTI Skilanefnd hefur að beiðni Fjármálaeftirlitsins (FME) tekið yfir vald hluthafafundar Landsbanka Íslands og vikið stjórn bankans frá störfum. Tilkynnt var um þetta fyrir opnun markaða í gær.

Hluthafar tapa öllum sínum hlut í bankanum, þar á meðal feðgarnir Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson. Í kjölfarið var farið fram á greiðslustöðvun fyrir eignarhaldsfélag þeirra, Samson, sem tapar tugum milljarða króna.

Bankastjórnar Landsbankans, Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Þ. Arnason, starfa áfram að beiðni skilanefndarinnar.

Gjörningurinn kemur í kjölfar nýrra laga sem samþykkt voru í fyrrinótt og rýmkuðu mjög valdheimildir Fjármálaeftirlitsins. Landsbankinn hefur orðið fyrir stórfelldum úttektum af IceSave-innlánsreikningum í Bretlandi. Líkur eru taldar á að ábyrgðir vegna þeirra reikninga kunni að falla, að minnsta kosti að hluta, á íslenska ríkið sem ábyrgist innistæður íslenskra banka. Er þar munur á innlánsreikningum eins og Edge, sem er undir hatti erlends dótturfélags Kaupings.

Vandkvæði Landsbankans og raunar Glitnis líka hafa verið rakin til skorts á baklandi bankanna í nægilega öflugum gjaldeyrissvarasjóði.

„Hefðu þeir komið okkur til hjálpar er ekki víst að við værum í þessari stöðu,“ segir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra um

Í **LANDSBANKANUM** Fulltrúar ríkisvaldsins, Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra og Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra, sjást hér ganga á eftir Halldóri J. Kristjánssyni, bankastjóra Landsbankans, á fund með starfsmönnum bankans í gær. MARKAÐURINN/GVA

Hefðu þeir komið okkur til hjálpar er ekki víst að við værum í þessari stöðu.“

ÁRNI M. MATHIESEN FJÁRMÁLARÁÐHERRA

Bandaríkjamenn. Hann segir að sóst hafi verið eftir aðstoð vestur um haf mánuðum saman, en án árangurs. Hann ræddi við aðstoðarfjármálaráðherra Bandaríkjanna í fyrrakvöld. Í gærmorgun var svo tilkynnt um að líkast til væri von á stóru láni frá Rússum.

Geir H. Haarde forsætisráðherra vísaði einnig til þess að leitað hafi verið til „vinabjóðar“ án

þess að stuðningur fengist. „Þegar það gerðist urðum við að leita nýrra vina,“ sagði hann í gær.

Geir upplýsti að ríkisstjórnin hefði leitað eftir lánaþyrirgreiðslu hjá Rússum í sumar og hafi verið staðfest í gærmorgun fyrirgreiðsla upp á fjóra milljarða evra, jafnvirði 620 milljarða króna, á skráðu gengi Seðlabankans. Samkvæmt Seðlabankanum er búist við að lánið yrði til allt að fjögurra ára, á vöxtum 0,30 til 0,55 prósentustigum yfir Libor-millibankavöxtum. Lánið mun þó ekki að fullu frágengið og hefjast samkvæmt tilkynningu Seðlabankans viðræður við Rússa um fjármálaleg atriði innan fárra daga. Sérfræðingar fara héðan til viðræðnanna í Moskvuborg. - óká, ikh, jab / sjá Markaðinn

Lögreglan leitar enn: Einn handtekinn vegna ráns

LÖGREGLUMÁL Annar tveggja manna sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur leitað vegna líkamsárásar og ráns var handtekinn í gærmorgun í Kópavogi.

Mennirnir eru grunaðir um rán og líkamsárás á Laugavegi um hálfjögurleytið aðfaranótt sunnudags. Þá var karlmaður á sjötugsaldri barinn og rændur.

Maðurinn sem tekinn var í gær er fæddur 1980. Hann er pólskur en búsettur hér. Lögregla leitar enn félaga mannsins, sem er grunaður um að hafa tekið þátt í árásinni og ráninu með honum. Sá er talinn vera á aldrinum 25-30 ára og er einnig pólskur.

- jss

Bygging tónlistarhúss: Draumurinn breytist ekki

SKIPULAGSMÁL „Við vitum ekki neitt frekar en flestir aðrir. Við reynum að halda ró okkar og striki eins og við getum,“ segir Þórhallur Vilhjálmsson, markaðsstjóri Eignarhaldsfélagsins Portus hf., sem sér um byggingu austurhafnarsvæðisins. Samkvæmt skipulagi eiga þar meðal annars að rísa tónlistar- og ráðstefnuhús, viðskiptamiðstöð og höfuðstöðvar Landsbankans.

Spurður um stöðu verkefnisins segir Þórhallur vissulega ríkja ákveðna óvissu um þessar mundir. „En draumurinn og þörfin fyrir tónlistar- og ráðstefnuhús er gamall og breytist ekki. Við erum því full af raunsærri bjartsýni,“ segir Þórhallur.

- kg

ÞÓRHALLUR VILHJÁLMSOON

Neyðarlögin bíta víða: Lífeyrisréttindi verða skert

VIÐSKIPTI Grípa þarf til skerðingar á lífeyrisréttindum landsmanna vegna eignarýrnunar lífeyris-sjóða landsins. Gerist þetta vegna nýsamþykkrta neyðarlaga og ástandins á fjármálamörkuðum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Landssamtökum lífeyrissjóða.

Í tilkynningunni kemur einnig fram að lífeyrissjóðirnir hafi verið viljugir til þess að flytja allt að helming erlendra eigna sinna til landsins til að hjálpa til við að bæta efnahagsástandið. Hins vegar séu aðstæður nú breyttar og því munu samtökin fjalla um málið út frá nýjum forsendum ef leitað verður til þeirra aftur.

- vsp



FLUGFÉLAG ÍSLANDS


flugfelag.is

Flugfrakt

Sækjum og sendum – hratt og örugglega á hagstæðu verði.

Til/frá Reykjavík
Akureyri 8-12 ferðir á dag
Egilsstaðir 5-7 ferðir á dag
Ísafjörður 2-3 ferðir á dag
Vestmannaeyjar 2-3 ferðir á dag

Aðeins eitt símtal í 570 3400 og málið er afgreitt.



Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu:

Aukinn óróleiki í samfélaginu kallar á meira eftirlit lögreglu



LÖGREGLAN Fylgdist vel með í nágrenni höfuðstöðva Landsbankans þegar starfsmenn komu þar til fundar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

stofnanir eiga hlut að máli,“ var svar Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur aðstoðarríkislögreglustjóra um hvort embættið teldi ráðstafanir nauðsynlegar til að efla öryggi æðstu stjórnar ríkisins.

- jss



 **TEMPUR®**



Eitt líf - njótum þess



Mikið úrval af rúmgöflum og römmum fyrir allar stærðir rúma. Til í tauáklæði og leðri í mörgum litum.

Verðdæmi

Gafl og rammi á mynd.
Verð áður 115.176,-
Nú aðeins kr. 92.140,-

20%

afsláttur

af rúmgöflum, römmum,
stillanlegum rúmmum
og Tempur rúmmum
í október



betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði
Ópið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16



GENGIÐ 07.10.2008			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	100,13	100,61
	Sterlingspund	174,59	175,43
	Evra	135,83	136,59
	Dönsk króna	18,200	18,306
	Norsk króna	16,181	16,277
	Sænsk króna	14,035	14,117
	Japanskt jen	0,9840	0,9898
SDR		152,78	153,70
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		181,6678	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Forstjóri Ölgerðarinnar: Verð innfluttra vara lækkar

VERSUN „Það er enginn barlómur hjá okkur nema síður sé,“ segir Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, sem hætti á tímabili í gær að afgreiða innfluttar vörur úr heildsölu sinni.

„Það var gert vegna óvissu í gjaldeyrismálum. Eftir að gengi krónunnar var fastsett ákváðum við hins vegar að lækka verð á innfluttum vörutegundum,“ segir Andri. Lækkunin er á bilinu 6 til 9 prósent.

„Þetta gerir Ölgerðin beinlínis í þeim tilgangi að leggja yfirvöldum og þjóðinni lið við að ná niður verðbólgu í landinu,“ segir í tilkynningu þar sem fram kemur að með þessu vilji Ölgerðin styðja ákvörðun ríkisstjórnar um fast gengi krónunnar.

Varðskipsmenn á Tý: Aðstoða togara við Grænland

ÖRYGGISMÁL Varðskipið Týr er nú á leið til A-Grænlands þar sem færeyski togarinn Rasmus Effersøe er vélarvana um tíu sjómílur undan ströndinni. Um borð í togaranum er sex manna áhöfn og tveir vísindamenn.

Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar barst á mánudagskvöld beiðni um aðstoð frá skipinu sem er 479 brúttólestir að stærð og 42,5 metra langt. Lagt var af stað innan klukkustundar frá neyðarkallinu.

Togarinn er á svæðinu til aðstoðar rússneska rannsóknaskipinu GEO ARCTIC og bíður rússneska skipið hjá togaranum eftir komu varðskipsins. Áætlað er að varðskipið verði komið að togaranum á fimmtudag og dragi skipið til Akureyrar. Að sögn skipverja er veður sem stendur gott á svæðinu, nokkur hafís og veðurspá góð.

Séreignarsparnaður almennings er öruggur þrátt fyrir að bankastofnanir fari í þrot:

Peningamarkaðssjóðir ekki tryggðir

EFNAHAGSMÁL „Það er alveg ljóst að innistæður á bankareikningum eru að fullu tryggðar, en ég hef hvergi séð að þetta nái yfir peningamarkaðssjóði né get ég séð hvernig það gæti verið, samkvæmt núgildandi lögum,“ segir Aðalsteinn Egill Jónasson dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík og forstöðumaður Fjármálaréttarstofnunar.

Aðalsteinn bendir á að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sé vísað til níundu greinar laga um innistæðu-tryggingar frá 1999, en þar segir að tryggingin nái til „innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi“ og skýrt tekið fram að hún nái „ekki til

Það er þó engin ástæða fyrir fólk að hafa áhyggjur af séreignarsparnaðinum, hann er að fullu tryggður, enda tekið svo fram í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

AÐALSTEINN EGILL JÓNASSON
DÓSENT VIÐ LAGAEILD HR

skuldabréfa, víxla eða annarra krafna sem útgefnar eru af viðskiptabanka eða sparisjóði í formi

verðbréfa.“ Ákvæðið sýni að innistæður í peningamarkaðssjóðum geti ekki fallið undir tryggingu á innistæðum, og ríkið því ekki ábyrgjast innistæður í þeim. Það sama gildi um hlutabréfasjóði og aðra verðbréfasjóði.

„Peningamarkaðssjóðirnir eru byggðir þannig upp að í þeim er safn ýmissa krafna og verðbréfa, og verðmæti sjóðsins á hverjum tíma byggist á verðmæti þessara eigna. Ef í þeim eru kröfur og verðbréf, gefin út af fjármálafyrirtækjum sem fara í þrot, verða þær kröfur vitaskuld verðlitar eða verðlausar, og þá minnkar eign sjóðsfélaga sem því nemur.“


Stjórnvöld hafa ekki rætt kvóta eða álver

Ríkisstjórnin hefur ekki rætt um að auka aflaheimildir eða hraða stóriðjuframkvæmdum vegna efnahagsörðugleika. Umhverfissráðherra útilokar að slaka á kröfum um umhverfismat til að hraða uppbyggingu álvers á Bakka við Húsavík.

EFNAHAGSMÁL „Ef það er eitthvað sem þessi krísa kennir okkur þá er það það að ganga með varúð um auðlindir, peninga og fólk,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfissráðherra sem hafnar þeim möguleika að stóriðjuframkvæmdir verði keyrðar áfram á næstu misserum og slakað verði á kröfum um umhverfismat í þeim tilgangi. Sjávarútvegsráðherra segir það ekkert hafa verið rætt að auka aflaheimildir sem svar við efnahagskreppunni, þrátt fyrir áeggjan um slíkt. Forsætisráðherra telur ekki hyggilegt að ræða um auknar aflaheimildir en iðnaðar-
ráðherra segir það koma til greina að auka þær í ljósi atburða síðustu daga.

Geir H. Haarde forsætisráðherra var spurður í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi í gær hvort aukinn þungi yrði lagður á stóriðjuframkvæmdir eða hvort aflaheimildir yrðu auknar til að auka verðmætasköpun vegna erfiðleika í efnahagslífinu. Geir sagði að framkvæmdir við álver í Helguvík væru komnar á góðan reksþól en Bakka-
verkefnið væri flóknara. „Verið er að leysa það mál eftir því sem hægt er og eins hratt og hægt er,“ sagði Geir. Hann sagði það ekki hyggilegt að blanda kvótaukningu inn í umræður um það ástand sem hefur skapast í efnahagsmálum. Gefnar hefðu verið út aflaheimildir sem byggðu á vísindalegum grunni. „Það væri óskynsamlegt af mér að lýsa því yfir að slík ákvörðun hefði verið tekin.“

Þórunn segir það ekki koma til greina að hverfa frá lögum og



ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR



GEIR H. HAARDE



EINAR K. GUÐFINNSSON



ÚTSKIPUN Gjalddeyristekjur verða aðallega til vegna útflutnings á áli og fiski. Ekki hefur verið rætt um að flyta stóriðjuframkvæmdum eða auka kvóta.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

reglum um umhverfismat til að hraða framkvæmdum við álver á Bakka við Húsavík, eða annars staðar. „Ég hef heyrt það að þessum möguleika hafi verið velt upp í fjölmiðlum en ég segi að menn verða að hugsa málin til enda. Nú er ekki tíminn fyrir skammtímalausnir. Nú er ekki tíminn fyrir óábyrga hegðun. Auðlindirnar eru það sem við eigum og okkur ber að fara vel með þær og umgangast þær af skynsemi með hagsmuni komandi kynslóða í huga.“

Spurður um hvort hann teldi líklegt að aflaheimildir verði auknar segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra að hann hafi heyrt þær raddir að þetta geti verið kostur. „En þetta hefur ekkert verið rætt.“

Össur Skarphéðinsson, iðnaðar- og starfandi utanríkisráðherra, sagði í þættinum Í bítíð á Bylgjunni í gærmorgun að það kæmi til álíta að auka fiskveiðiheimildir nú í því árferði sem ríkir í íslensku efnahagslífi.

svavar@frettabladid.is



LEITARHUNDUR Hundur vísaði á bíl mannsins um borð í ferjunni Norrænu.

Fíkniefnasmyglið í Norrænu:

Tveir áfram bak við lás og slá

LÖGREGLUMÁL Tveir þýskir karlmenn voru í gær úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald vegna rannsóknar lögreglu á stórfelldu fíkniefnasmygli til landsins í byrjun september.

Annar maðurinn, fæddur 1943, var tekinn með fíkniefni í bíl sínum um borð í ferjunni Norrænu. Við leit fundust 19,7 kíló af hassi og rúmlega 1,7 kíló af amfetamíni voru falin í bílnum.

Nokkru síðar var annar maður handtekinn vegna málsins hér á landi. Hann er einnig þýskur, fæddur 1979.

Eldri maðurinn var úrskurðaður í gæsluvarðhald til 18. nóvember, en sá yngri til 16. október.

- jss

Tilmæli heilbrigðisráðherra: Geðdeildir í viðbragðsstöðu

HEILBRIGÐISMÁL Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra hefur falið forstjóra Landspítala að hefja undirbúning að því að styrkja og undirbúa geðsvið spítalans þannig að það geti sem best þjónað þeim einstaklingum sem þurfa aðstoð til að takast á við erfiðleika sem upp koma vegna núverandi aðstæðna á fjármálamarkaði.

Þá hefur heilbrigðisráðherra falið forstjóra og lækningaforstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins að koma á fót bráðaþjónustu eða samsvarandi úrræðum, sem aðstoða fólk sem á tímabundnum erfiðleikum vegna umrótsins sem nú ríður yfir.

- jss



www.ellingsen.is


Columbia Sportswear Company

Columbia er eitt af stærstu fyrirtækjum heims á sínu sviði, með næstum 70 ára reynslu í þróun og framleiðslu á útivistarfatnaði og skóm. Endingargóðar og afburðarvel hannaðar vörur.

Ellingsen

– fullt hús ævintýra

VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson
veður-
fræðingur

VERSNAÐ Á MORGUN
Í nótt tekur land kröpp og mikil lægð. Henni fylgir vaxandi vindur og má búast við hvassviðri með ströndum sunnan til og vestan í fyrarmálið. Almenn trygging fylgir lægðinni, einkum á suðurhluta landsins.

Á MORGUN
10-18 m/s

FÖSTUDAGUR
5-13 m/s, hvassast vestan til.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	15°
Billund	15°
Ósló	9°
Stokkhólmur	11°
Gautaborg	16°
London	17°
Paris	17°
Frankfurt	18°
Friedrichshafen	18°
Berlín	19°
Alicante	23°
Mallorca	22°
Basel	20°
Eindhoven	16°
Las Palmas	26°
New York	21°
Orlando	30°
San Francisco	23°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Kringlukast

FINUCCI
collezione

JAKKAFÖT

VERÐ ÁÐUR KR. ~~49.980~~

MARGAR GERÐIR - ALLAR STÆRÐIR

**VERÐ NÚ
KR. 29.980**

FINUCCI
collezione

SKYRTUR

VERÐ ÁÐUR KR. ~~8.980~~

MARGAR GERÐIR

**VERÐ NÚ
KR. 5.980**

fierra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN
568 9234

KJÖRKASSINN



Óttast þú um starfsöryggi þitt?

Já	38,4%
Nei	61,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Telur þú að nú sé kominn stöðugleiki í efnahagslífið á Íslandi?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Hefur þú áhyggjur af efnahagsástandinu?

Magnús Gunnlaugsson, bílstjóri



„Að sjálfsögðu hef ég áhyggjur. Kannski missir maður vinnuna eða kannski eykst vinnan. Bankakerfið er búið að stinga sig alveg af. Það er óvissa.“

Svava Kristjánsdóttir, húsmóðir

Nei, því við höfum ofur-menni sem forsætisráðherra. Hann hefur gert kraftaverk á síðustu dögum og bak við hann stendur góð kona. Það var ekki hægt að gera betur.“



Theodóra Ágústsdóttir, starfsmaður í verslun



„Já, þetta er ekki edlilegt, mér er ekki sama um ástandið í heim-inum. Maður verður að hugsa betur um pen-ingana og spara. Er það ekki eina vitið?“

Alfreð Óskar Alfreðsson, húsasmiðameistari

„Já, það hef ég. Fjárhagurinn hefur minnkað. Það þarf fleiri þúsundkalla til að lifa, að ég tali ekki um húsnæðislánið. Ég lýsi vanþókn-un á uppalíðið svokallaða og lýsi ábyrgð þeirra á ástandinu eins og það er í dag.“



Anna Eðvarðsdóttir, verslunarmaður



„Ég er með fimm börn og er búin að vera að þræla og púla í 25 ár. Þetta ástand gerir mér síður en svo auðvelt fyrir. Ég vil sjá Davíð og Geir víkja.“

Oddur Grétarsson, menntaskólanemi

„Það er óhætt að segja að maður hafi áhyggjur af þessu ástandi, en það snertir mig sem betur fer lítið. Ég er hvorki með bíl né þarf að greiða af lánum.“



Verðlækkanir eru líklegar ef stjórnvöldum tekst að útvega nægan gjaldeyri:

Tryggt framboð gjaldeyris skiptir öllu

EFNAHAGSMÁL Verðhækkanir und-anfarið gætu stöðvast og jafnvel gengið til baka eftir að gengi krónunnar var læst í gær. For-senda þess er þó að stjórnvöld tryggji nægilegt framboð gjald-eyris.

Skortur var á gjaldeyri í gær sem varð til þess að hann var keyptur á allt að 30 prósent yfir-verði. Í slíku ástandi stóðar gengislæsing lítið.

Finnur Árnason, forstjóri Haga, segir að í kjölfar yfirlýsingar rík-issstjórnarinnar um fast gengi í gærmorgun hafi birgjar brugðist við og boðað verðbreytingar. Fyrirheit voru gefin um að verð

ANDRÉS
MAGNÚSSONFINNUR
ÁRNASON

myndi lækka ef gengið yrði áfram það sem það var í gær.

„Tryggt framboð gjaldeyris skiptir núna öllu máli. Ég trúir og treysti að stjórnvöld tryggi það

sem nauðsynlegt er og helst meira svo gengið styrkist enn frekar,“ segir Finnur. Lífsspursmál sé að styrkja krónuna og snúa verð-þróuninni við.

Andrés Magnússon, fram-kvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir mikla umfram-eftirspurn hafa verið á gjaldeyr-ismarkaði í gær. „Ef ekki er tryggður nægur gjaldeyris er svona ákvörðun hvorki fugl né fiskur. Það stendur upp á stjórn-völd að auka framboðið og þau eru klárlega að reyna það. En áður en það tekst hefur svona aðgerð ekkert upp á sig,“ sagði Andrés.

- bps

Óvíst er um kjör á yfirteknu lánunum

Íbúðalánasjóður mun yfirtaka íbúðalán banka sem fara í þrot með afslætti.

Ekki er vitað hvaða kjör skuldararnir fá eða hvenær gengið verður frá yfirtök-unni. Fyrirhugað er að taka upp grænt númer og vefsvæði fyrir almenning.

HÚSNÆÐISMÁL „Þetta er ekki einfalt mál. Við vitum ekki hve umfangs-mikil yfirtakan verður. Fyrst þarf að fara yfir það á hvaða verði íbúða-lánasjóður tekur yfir þessi íbúða-lán. Við hljótum að yfirtaka með afslætti sem gefur svigrúm til að gera betur fyrir fólk í greiðsluerfið-leikum,“ segir Jóhanna Sigurðar-dóttir félagsmálaráðherra.

Verðtryggð íbúðalán bankanna nema tæpum 500 milljörðum króna. Ekki er vitað hvað Íslend-ingar skulda í erlendum lánum en þau geta jafnvel skipt hundruðum milljarða. Óvíst er hve mikið af lánunum flyst til Íbúðalánasjóds.

Jóhanna segir að lánin verði yfirtekin með þeim skilmálum og kjörum sem á þeim eru. Svo verði úrlausn skoðuð einstaklingsbundið og reynt að taka á hverju tilfelli. Útilokað sé að segja nánar hvaða kjör skuldararnir fá. Mestu skipti að þeir komist í skjól hjá Íbúða-lánasjóði. Hún getur heldur ekki sagt hvenær eða hvort búið verði að yfirtaka lánin fyrir næstu mánaðamót.

„Við þurfum að skoða hvaða heimildir við getum útvíkkað í lögum um Íbúðalánasjóð sem snúa að greiðsluerfiðleikum og vanskil-um. Við höfum úrræði um að frysta lánin, lengja í lánum, skuldbreyta en við þurfum hugsanlega að fara út í víðtækari aðgerðir. Ofarlega á blaði er frumvarp um greiðsluáð-lögun. Þetta er úrræði fyrir fólk sem er komið í svo mikil vandræði að það sér ekki fram á annað en að missa sínar íbúðir,“ segir Jóhanna. Stofnanir sem heyrna undir félagsmálaráðuneytið íhuga að



FRYSTA LÁN OG
LENGJA „Við
höfum úrræði
um að frysta
lánin, lengja
í lánum og
skuldbreyta,“
segir Jóhanna
Sigurðardóttir
félagsmálaráð-
herra.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

STARFSEMIN HEFUR GENGID BÆRILEGA

Miklar annir voru hjá starfsmönnum Landsbankans í gær. Þjónustan gekk nokkurn veginn með hefðbundnum hætti og hraðbankar og heimabanki í lagi.

Halldór Jón Kristjánsson, banka-stjóri Landsbankans, segir að starf-semi bankans og þjónusta hafi geng-ið bærilega miðað við aðstæður.

Breytingin hafi verið gerð í samstarfi Landsbankans og Fjármálaeftirlitsins og það hafi hjálpað til. Allir hefðu viljað lengri tíma til undirbúnings en í gærkvöldi hafi stjórnendur bankans metið það sem svo að skynsamlegt væri að nýta sér skjól neyðarlaganna þar sem svo erfiðt lausafjárstand væri á mörkuðum.

setja upp sameiginlegt vefsvæði með leiðbeiningum fyrir fólk og upplýsingum um þjónustu velferð-arkerfisins. Nokkur ráðuneyti munu koma að þessu. „Við erum að hugsa um hvernig hægt er að koma upplýsingum til fólks og leiðbeina, útskýra hvað nýja löggjöfin þýðir og hvaða aðgerðir verða á vegum Íbúðalánasjóds. Við erum að skoða hvort við eigum að koma upp sam-eiginlegu vefsvæði allra stofnana

þannig að fólk geti leitað að upp-lýsingum út af þessum hörmung-um og hremmingum sem við erum að lenda í. Ljóst er að við þurfum að efla starfsemi stofnana tíma-bundið,“ segir hún.

Grænt símanúmer verður tekið upp. Þeim sem hringja í það verð-ur beint áfram eftir því hvert erindið er. Upplýsingaefni fyrir innflytjendur og uppalendur er á þróunum.

ghs@frettabladid.is

Aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar vegna efnahagsástandsins samþykkt:

Vonlítið fyrir borgina að fá lán

REYKJAVÍK Borgarstjórn samþykkti í gær sérstaka aðgerðaáætlun til að bregðast við efnahagsástandinu sem nú er uppi.

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri sagði á fundi borgar-stjórnar í gær að slæmar horfur í efnahagsmálum kalli á gagngera endurskoðun á rekstraráætlunum Reykjavíkurborgar. „Við núver-andi aðstæður á lánamörkuðum má heita vonlítið að unnt sé að fjár-magna hallarekstur á aðalsjóði sveitarfélags.“

Í ræðu Hönnu Birnu í gær kom fram að gert er ráð fyrir 4,5 milljarða halla á rekstrarriðurstöðu A-hluta borgarsjóds á þessu ári, ef framlög til sviða aukast til sam-ræmis við verðbólgu. Þá stefni í 6,2 milljarða halla eignasjóds á þessu ári vegna aukins fjármagnskostnaðar, gengisáhrifa og vegna þess að lóðasala hefur aðeins verið lítið brot af því sem gert var ráð fyrir.

AÐGERÐAÁÆTLUN REYKJAVÍKURBORGAR

- Gjaldskrár fyrir grunnþjónustu munu ekki hækka að svo stöddu.
- Grunnvelferðarþjónusta mun ekki skerðast.
- Starfsfólki verður ekki sagt upp, en sparað í nýráðningum í stjórnsýslu.
- Fjárheimildir sviða ekki auknar frá því sem nú er.
- Stefnt að 15 prósentu sparnaði í innkaupum.
- Forgangsröðun framkvæmda endurskoðuð. Framkvæmdum sem geta beðið, eða kalla á aukinn rekstrar-kostnað, verður frestað.
- Viðræður við ríkið um framkvæmd-

ir brýnna samgönguverkefna og aðkomu að almenningsamgöngum.

- Eignir seldar fyrir að lágmarki einn milljarð á ársgrundvelli.
- Hagkvæmari greiðslukjör boðin vegna lóðakaupa. Minni áhersla á ný byggingarsvæði.
- Efnt til samráðs við ríki og sveitar-félög um leiðir til að efla leigumark-að.
- Grænn langtímasparnaður með betri orkunýtingu og vistvænum innkaupum.
- Efling ráðgjafar og velferðarþjón-ustu í þjónustumiðstöðvum.

Hanna Birna sagði stefna í að lausafjárstaða borgarinnar verði 5,4 milljarðar við árslok „en svo lág lausafjárstaða hefur mjög nei-kvæð áhrif á aðgengi að lánsfjármagni“.

Til að bregðast við þessum

- ss

Framkvæmdastjóri ASÍ:

Þörf á að mæta vanda fólksins

EFNAHAGSMÁL Alþýðusambandið styður aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahags- og peningamálum, að sögn Gylfa Arnbjörnssonar, framkvæmdastjóra ASÍ.

Þar sem aðstæður breyttust skyndilega um og eftir helgi varð ekkert af aðkomu aðila vinnu-markaðarins að málum. Slík aðkoma er þó ekki úr sögunni. Þvert á móti. „Þegar menn fara að átta sig betur á umfanginu er augljóst að það þarf að ráðast í aðgerðir til að koma til móts við landsmenn til að mæta þeim þrengingum sem þeir hafa orðið fyrir,“ segir Gylfi.

- bps

Efnahagsvandinn á Íslandi:

Athyglisvert í augum Breta

FJÖLMÍÐLAR „Við vorum sendir hingað til að fjalla um efnahagslífið á Íslandi en svo kemur þessi úlfabytur upp sem er náttúrulega afskaplega

heppilegt fyrir mig sem fréttamann,“ segir Ray Furlong, fréttamaður BBC, sem staddur er hér á landi.



RAY FURLONG

„Ég held að fólk sé almennt afar forvitið um efnahagsshnignunina hvar sem hennar gætir. En svo eiga Bretar nokkurra hagsmuna að gæta vegna eignatengslanna við Íslendinga. Þar að auki tel ég að fólki þyki staðan á Íslandi nokkuð athyglis-verð þar sem bankarnir eru svo gríðarlega stórir og efnahagur þeirra margfalt á við landsfram-leiðslu landsins og þetta gerir yfirvöldum málið afar erfiðt.“

- jse

Vanskil einstaklinga:

Aukist mjög hratt á árinu

FJÁRMÁL Vanskilum hefur fjölgað um allt land, samkvæmt yfirliti yfir vanskil frá Creditinfo. Fjöldi einstaklinga, 18 ára og eldri, á vanskilaskrár er 16.086 talsins miðað við þriðjudaginn 7. október. Hæst mælist hlutfall einstaklinga í vanskilum á Reykjanesi, eða 1.407. Á höfuð-borgarsvæðinu eru 9.967 á vanskilaskrár.

Í yfirlitinu kemur fram að nú eru 1.704 einstaklingar 60 ára og eldri í alvarlegum vanskilum.

Á þessu ári hafa alvarleg vanskil einstaklinga aukist mjög hratt. Á fyrstu níu mánuðum ársins er fjöldi nýskráðra einstaklinga á vanskilaskrár sá sami og allt árið 2007.

- ghs

Landsvirkjun þolir gengisfall:

Hækka ekki rafmagnsverð

VERÐLAG „Það stendur ekki til að hreyfa neitt við verði á raforku núna,“ svarar Þorsteinn Hilmars-son, upplýsingafulltrúi Lands-virkjunar, því hvort von sé á hærri rafmagnsreikningum í kjölfar falls krónunnar.

Þorsteinn bendir á að þótt stærsti hluti skulda Landsvirkj-unar sé í erlendum myntum þá séu tekjur fyrirtækisins að mestu í dollurum vegna stóriðju. Frá síðustu áramótum sé Landsvirkjun gerð upp í dollur-um. „Það má segja að við séum heppin að þessu leyti. Þótt tekjur okkur á almenna markaðnum dragist saman í dollurum reiknað þá gera úgjöldin það einnig mælt í dollurum. Þannig að í sjálfu sér hefur gengis-þróunin engin nærtæk áhrif á starfsemi okkar.“

- gar



Nicorette® Microtab Lemon

Lausn sem lítið ber á þegar reykingum er hætt

Nicorette Microtab Lemon tungurótartaflan er nikótínlyf til notkunar þegar reykingum er hætt. Það dregur úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum og auðveldar þannig reykingafólki að venja sig af tóbaki. Lítil tafla með sítrónubragði sem hjálpar þér að hætta að reykja.

Nicorette® Microtab Lemon tungurótartöflur, 2mg nikótín. Nicorette nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem meðferð við tóbaksfíkn með því að draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Hámarksdagskammtur er 40 stk. Ekki er mælt með að notkun standi lengur en eitt ár. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Þar eru einnig upplýsingar um hugsanlegar aukaverkanir. Leitið til lækis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, barnshafandi konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota lyfið nema að ráði lækis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

VEISTU SVARIÐ?

1. Hvaða stofnun hefur fengið viðtækar heimildir til inngripa í íslenskt fjármálakerfi?

2. Hvaða Hollywood-stjörnur eiga nú í Facebook-stríði?

3. Hver er stjórnarformaður Kaupþings?

SVÖR Á BLS. 22

8FRÉTTABLAÐIÐ8. október 2008MIÐVIKUDAGUR

Eldsneytisverð lækkaði í kjölfar inngrips Seðlabankans:

Óttinn um skort liðinn hjá

NEYTENDAMÁL

Olúfélögin lækkuðu eldsneytisverð í gærmorgun eftir að Seðlabanki Íslands hafði tilkynnt um að krónan yrði fest á gengisvísitölunni 175. Í fyrradag var hún 207 en var svo komin upp í 257 í gærmorgun áður en Seðlabankinn greip inn í. Víðast hvar nam lækkunin 11 krónum á lítra af bensíni og 13 krónum á dísslítranum. Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, segir að hefði ekki til gengisfestingar komið hefði hækkun eldsneytisverðs verið fyrirsjáanleg í gær. Spurður um ummælin sem hann lét falla fyrir skemmstu um að hætta væri á eldsneytisskorti hér á landi að öllu óbreyttu segir hann: „Nú met ég það þannig að ríkið sé búið að ná tökum á bankakerfinu. Bæði ráðherrar og seðlabankastjóri hafa lýst því yfir að það verði tryggður gjaldeyrir til allra nauðsynja svo ég hef enga ástæðu til að óttast eldsneytisskort.“ Einar Nikulásson, stöðvarstjóri N1 í Skógarseli,

DÆMI UM BENSÍNVERÐIÐ Í GÆR

	Bensín	Dísil
Atlantsólía	165,10	184,90
N1 (Skógarseli)	165,10	185,10
Skeljungur (Kleppsvegi)	166,70	186,60
ÓB (Snorrabraut*)	163,10	182,90
Orkan (Eiðistorg*)	165	184,8

*Almennt verð

segir að í kjölfar umræðunnar um hugsanlegan eldsneytisskort hafi salan aukist. „En svo fór þetta að róast,“ segir hann. „En eftir að lækkunin var tilkynnt hefur fólk tekið við sér og það hefur verið nóg að gera og fólk hefur verið kátt og farið með bros á vör, það er nú nokkurs virði í þessu árferði.“

- jse

Alþjóðahúsið:

Tíðindin á sjö tungumálum

SAMFÉLAGSMÁL

„Það minnsta sem við getum gert er að segja innflytjendum frá þessu á þeirra tungumáli því þetta eru ekki síður mikilvæg tíðindi fyrir þá,“ segir Helga Ólaf, upplýsingafulltrúi Alþjóðahúss. Á vef þess hafa fréttir um efnahagsástandið, neyðarlögin og aðra atburði síðustu daga því tengt verið þýddar á sjö tungumál. „Það er sérstaklega mikilvægt að flytja fólki þær fréttir að gengið hefur verið fryst en eins og gefur að skilja hefur mörgum orðið bilt við þegar evran var komin upp í 250 krónum eins og útlitið var um stund.“

- jse

Verjum heimilin

Opinn fundur um aðgerðir ríkisstjórnarinnar

Grand Hótel Reykjavík í kvöld kl. 20.00

Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra

Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra

Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra

Fundarstjóri er Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar.

Allir velkomnir!

Allar nánari upplýsingar á www.samfylking.is

Samfylkingin

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

UMRÓT Á MÖRKUKÐUM

Þessi maður fylgdist milli vonar og ótta með sveiflum á mörkuðum í kauphöllinni í Ástralíu í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Samhæfa aðgerðir gegn kreppunni

Fjárhagslegt tjón af alþjóðlegu fjármálakreppunni getur numið allt að 140 þúsund milljörðum króna, að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Evrópusambandsríki ákveða aðgerðir til bjargar bankakerfinu.

ALÞJÓÐAFJÁRMÁL Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur að heildartjónið af fjármálakreppunni, sem átti upp-tök sín í Bandaríkjunum en breið-ist nú út um allan heim, geti numið 1.400 milljörðum bandarískra dala, eða um 140 þúsund milljörð-um króna. Sérfræðingar sjóðsins telja nauðsynlegt að ríki heims taki nú höndum saman og samhæfi aðgerðir gegn kreppunni. Auð-veldara verði að koma á stöðug-leika ef ríkin skuldbinda sig sam-eiginlega til þess að takast á við vandann. George W. Bush setti sig í gær í samband við leiðtoga nokkurra helstu ríkja Evrópusambandsins um að stilla saman strengi sína í baráttunni við fjármálakreppuna. Einnig sátu fjármálaráðherrar Evrópusambandsríkjanna á neyð-arfundi í Lúxemborg í gær og á mánudag og samþykktu þar að tryggja afkomu helstu banka í aðildarríkjunum. Þeir ákváðu meðal annars að ábyrgjast banka-innistæður að upphæð allt að 50 þúsund evrum, jafnvel þótt við-komandi bankar fari á hausinn. Jafnframt lýstu þeir því yfir að hluthafar í bönkunum þurfi að bera skaðann af þessari íhlutun. Einnig kom fram í yfirlýsinguinni að stjórnvöld ættu að hafa völd til að reka ráðamenn banka auk þess sem framkvæmdastjórar fyrir-tækja, sem fara á hausinn, eigi ekki að geta hagnast á því.

„Kreppan núna er mjög alvar-leg, eins og Íslendingar gera sér alltof vel grein fyrir, og það er engin fljót og auðveld leið út úr henni,“ segir Amelia Torres í við-tali við Fréttablaðið. Hún er tals-kona Joaquíns Almunia, sem fer með efnahags- og peningamál í framkvæmdastjórn Evrópusam-bandsins. Hún segir aðgerðir sambands-ins miða að því að styðja sérstak-lega þá banka sem eru það mikil-vægir fyrir efnahagskerfið að gjaldþrot þeirra muni hafa í för með sér kerfishrun. Hlutabréfamarkaðir um heim allan náðu sér nokkuð á strik í gær eftir svartan mánudag þegar mikið tap varð á öllum mörkuð-um. Seðlabanki Bandaríkjanna greiddi fyrir þessum bata með yfirlýsingu um að hann muni kaupa skammtímaskuldir í stór-um stíl og liðka þannig fyrir frekari viðskiptum á verðbréfa-mörkuðum. Vonir stóðu til að seðlabanki Evrópusambandsins myndi grípa til sams konar aðgerða, þrátt fyrir að bankinn hafi ekki ótvíræða heimild til slíks. Nokkurrar bjartsýni gætti einnig um að helstu seðlabankar heims ætli að verða samstíga í að lækka vexti nokkuð hratt og lík-lega verði það gert á fimmtu-daginn. gudsteinn@frettabladid.is



SPJARABU ÞIG



ESTER
19.990 ISK



EYGLÓ
24.990 ISK



EGILL
24.990 ISK

CINTAMANI DÚNÚLPURNAR

ÍSLENSKU CINTAMANI DÚNÚLPURNAR ERU HITAVEITAN ÞÍN Í VETUR !
LÆKKABU HITAVEITUREIKNINGINN OG FÁÐU ÞÉR CINTAMANI DÚNÚLPU.
LÉTTAR OG ÞÆGILEGAR MEÐ 95% HREINUM DÚN.

WWW.CINTAMANI.IS

Tæknilegar lausnir og hugmyndafræði:

Nýr dagur

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Með vissum hætti má segja að nýr dagur sé runninn í íslensku fjármálalífi. Þær ráðstafanir sem ákveðnar hafa verið veita tækifæri til nýrrar viðspyrnu. Á miklu veltur að tæknileg stjórnun fjármálakerfisins á næstu vikum tryggi eðlilegan gang atvinnulífsins. Um leið er nauðsynlegt að skýr hugmyndafræðileg markmið liggi til grundvallar þeirri nýju framtíð sem þjóðin gengur nú til móts við.

Þegar skriftin blasti við á veggnum tók ríkisstjórnin á tröllauknu viðfangsefni af mikilli ábyrgð. Örugg framganga forsætisráðherra hinn örlagaríka dag 6. október 2008 og agað samstarf ríkisstjórnarflokkanna réði miklu um markvissa framvindu hlutanna. Ábyrg afstaða stjórnarandstöðuflokkanna, og alveg sérstaklega Framsóknarflokksins, var nauðsynleg forsenda þess að mál réðust með þeim hætti sem nauðsyn krafði.

Framhaldið er óráðið um flesta hluti. Mikilvægast er að það breiða pólitíska stjórnarsamstarf sem til var stofnað fyrir rúmu ári haldist. Reyndar bendir ekkert til annars en sú stjórnfesta ríki áfram. Pólitísk óvissa við þessar aðstæður gæti orðið að efnahagslegu eitri.

Við tæknilega skipulagsbreytingu á fjármálakerfinu skiptir öllu að verja rekstur atvinnufyrirtækjanna og venjulega fjármálasýslu heimilanna. Þó að einhverjar skráðar eignir fari óhjákvæmilega forgörðum er brýnt að varðveita sem allra mest af eignum landsmanna, skapandi framleiðslu og þjónustu. Það er lykilatriði. Viða mun þurfa að kalla til nýja menn með reynslu og þekkingu, eins úr nýja alþjóðaumhverfinu sem úr gamla hagkerfinu sem svo hefur verið nefnt. Það þarf bæði kraft og traust við það starf.

Vitaskuld mun taka tíma að endurvinnna traust fjármálakerfisins bæði heima og erlendis. Það hjálpar til að stærri þjóðir glíma við sams konar vanda. En frá degi eitt þarf með skipulögðum hætti að láta markmiðið um endurnýjað traust ráða för hvar sem augum er litið og án undantekninga.

Með ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að festa gengi krónunnar er með formlegum hætti horfið frá peningamálastefnunni sem fylgt hefur verið í rúm sjö ár. Þegar ró færist yfir á ný stendur ríkisstjórnin frammi fyrir því stóra og vandasama viðfangsefni að ákveða það framtíðarumhverfi peningastefnunnar sem líklegast er til að viðhalda stöðugleika á Íslandi og auka traust á landinu í samfélagi þjóðanna.

Því fyrr sem sú stefnumótun liggur fyrir þeim mun skjótari og öflugri getur viðspyrna atvinnulífsins orðið. Á miklu veltur að hraða öllum ákvörðunum um nýjar fjárfestingar og verðmætasköpun. Nýtt umhverfi peningamála verður að njóta þess trausts að erlendir fjárfestar sjái sér hag í að koma hingað á víðari forsendum en auðlindanýtingu einni saman.

Íslenskt samfélag hefur lengst af þróast í góðu jafnvægi markaðslögmála og velferðar. Við endurreisnina þarf að viðhalda þessu hugmyndafræðilega jafnvægi. Þar af leiðir að endurvekja verður traust manna á að fjárfesta í atvinnulífinu svo að það blómgist á ný.

Það getur verið freistandi að vantreysta markaðnum eftir það sem á hefur gengið. Sú freisting myndi hins vegar draga úr afli viðspyrnunnar og veikja atvinnu- og afkomaöryggi fólksins í landinu. Fyrir þá sök þarf hugmyndafræðilegt jafnvægi endurreisnarinnar að vera skýrt frá upphafi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal j@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871



Opinn fundur um haf- og fiskirannsóknir

Hafrannsóknastofnunin boðar til opins fundar um haf- og fiskirannsóknir í Saltfisksetrinu í Grindavík, 10. október 2008 kl. 16:00. Jóhann Sigurjónsson forstjóri ásamt fiskifræðingum flytja stutt erindi. Umræður. Allir velkomnir.

Fundarstjóri:

Jóna Kristín Þorvaldsdóttir

Hafrannsóknastofnunin

FRÁ DEGI TIL DAGS

Lán og góð ráð

Seðlabanki Íslands hefur senn viðræður við rússnesk yfirvöld um fjögurra milljarða evra lán til að styrkja gjaldþrenginguna Seðlabankans. Sérfræðingar Seðlabankans og stjórnarráðsins halda senn til Moskvu þar sem farið verður yfir möguleg kjör og útfærslu. Ekki þarf að koma á óvart þótt rússnesk yfirvöld gaukuðu nokkrum ráðleggingum að kollegum sínum á Íslandi, um hvað skuli gera við ódæla auðkyfinga; Mikhail Khodorkovski, stofnandi olíurísans Yukos, er enn á bak við lás og slá í Síberíu.



Afleiðingar?

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði í gærmorgun að ekki stæði til að veita Rússum aðstöðu á Keflavíkurlflugvelli gegn risaláni og að ekkert óeðlilegt hengi á spýtnunni. Óneitanlega vakna þó ýmsar spurningar, myndi lánið til dæmis liðka fyrir rússneskri olíuhreinsunarstöð hér á landi? Og ekki síður, hvaða áhrif myndi það hafa á framboð Íslands í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna?



Það sem máli skiptir

Skjár einn hefur látið útbúa sérstök „almannaheillainslög“, stutt skilaboð þar sem landsþekktir einstaklingar minna á „að það sem raunverulega skiptir máli kostar ekki peninga“. Meðal þeirra sem koma fram í innsögunum og flytja stuttar hugvekjur um „það sem máli skiptir“ eru Arnar Gauti, umsjónarmaður Innlits/útlits og Svava Johansen kaupmaður, oft kennd við tiskuverslunina 17. Þegar fólk sem hefur þrífist á taumlausu neysluæði undanfarinna ára er farið að flytja þau skilaboð að peningar skipti ekki máli, er þá ekki fokið í flest skjól?

bergsteinn@frettabladid.is

Eldflaug og eldfjall

Kannske kemur það einhverjum á óvart sem ekki er innviður í leyndardóma menningarlífsins í París, en fyrir skömmu tók vikuritið „Le Nouvel Observateur“ að sér að auglýsa á netinu útvarpsþátt, þar sem heimspekingar, rithöfundar og blaðamenn áttu að upplýsa hlustendur um hinn glæsta persónuleika Jean Daniels, sem er einmitt einn af stofnendum og ritstjóri þess hins sama vikurits. Og beðið var um viðbrögð lesenda.

Eitt af þeim tölvuskeytum sem vikuritið fékk var á þessa leið: „Í hvert skipti sem ég les ritsmiðar Jean Daniels hef ég þá tilfinningu að ég sé kominn upp í eldflaug og sjái þar yfir allar víddir heimsins. Jean Daniel er vor Pic de la Mirandole.“ (Pic de la Mirandole var ítalskur heimspekingur á endurreisnartímanum, frægur m.a. fyrir víðfeðmi þekkingar sinnar, en hér er líka falinn orðaleikur því „pic“ þýðir „fjallstindur“ á frönsku). Annað hljóðaði svo: „Þrátt fyrir alla þá vináttu og addáun sem Jean Daniel hefur verið sýnd, hefur honum tekist að vera áfram högvær og lítillátur. Þetta ber að lofa, svo sjaldgæft er það í veröldinni.“ Alls voru ein fjórutíu og sex tölvuskeyti í þessum sama anda.

Fljótt á lítið er þetta nokkurn veginn í þeim stíl sem menningarþáfar Parísar viðhafa þegar þeir skrifa hver um annan, og hljómar að því er virðist ákaflega sætlega í þeirra eyrum. En hér liggur þó hornsíli undir steini, með nokkuð beittan sting, því í þessum tölvuskeytum er fimlega laumast yfir þau hárfinu skil þar sem lof breytist í oflof og síðan í hið eitradasta háð. Og eins og



EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Loftungunar banvænu

dagblaðið „Le Monde“ gat upplýst lesendur sína var á bak við þessi tölvuskeyti einhver hópur manna sem nefna sig „les Fatales flatt-eurs“, en það mætti kannske þýða á íslensku sem „loftungurnar banvænu“ eða þá „örlagasmjaðrararnir“. Í nokkurs konar „stefnuyfirlýsingu“ sögðu þessir huldmenn: „Í menningar- og fjölmiðlaheiminum, sem einkennist af sjálfumgleði, eru þeir fáir sem standast fagurgalann.“ Þegar einhver af þeim menningarvitum sem nú eru mest í tisku upphetur sína raust í einhverjum fjölmiðli laumast þeir því inn á heimasíðu þess hins sama miðils eða einhverja blaðursíðu aðra með yfiringilegt skjall og lofsöngva, eða þeir bera upp spurningar sem eru eins heimskullegar og þýlyndislegar og auðið er.

Í miðri styrjöldinni í Georgíu gat Alain Minc, rithöfundur, ráðunautur og allt sem nöfnum tjáir að nefna, ekki á sér setið að láta ljós sitt skína á síðum dagblaðsins „Libération“ um þessa alvarlegu atburði. Þá heyrðist í einum „örlagasmjaðrar-anum“: „Heilabú Alain Minc er eins og gjósandi eldfjall. Þessi maður er einstakt fyrirbæri. Hvenær verður gerð kvikmynd um Alain Minc?“ Og annar tók undir í Hollandi: „Alain Minc er

hugmyndasmiðja út af fyrir sig. Í Hollandi minnir hann oft á okkar fræga Spinoza. Stundum veltum við því fyrir okkur hvort það sé ekki Spinoza sem hafi lesið Alain Minc.“

Þessi orðaskipti geta farið inn á óvæntar brautir. Ein af „loftungunum banvænu“ sendi öðrum stofnanda og ritstjóra „Le Nouvel Observateur“ þessa spurningu: „Verður tímarit ykkar þess megnugt að vera áfram eyland sjálfstæðis og gagnrýnnar sýnar á heiminum, sem byggist á gildum upplýsingastefnunnar og setur markið einstaklega hátt í mann-viti og stíl ...“ Og svo undarlega brá við að ritstjórinn tók þetta galimatías í fúlstu alvöru og hann svaraði: „Það er svo sem ekki auðvelt, en með hæfileikum blaðamannanna og hjálpar lesendanna mun okkur takast það.“ Kannske hafa aðrir menningarvitar brugðist við á svipaðan hátt, þótt það hafi ekki spurst.

Blaðamaður „Le Monde“ reyndi að ná tali af þessum sprelligosum franska menningarlífsins en fékk það svar að þeir gæfu aldrei nein viðtöl „jafnvel ekki við blað sem helgar sig jafn einlæglega þjónustunni við sannleikann og „Le Monde“ gerir“. Hann skildi þó að minnsta kosti sneiðina.

En ýmislegt gat blaðamaðurinn fiskað upp þótt ekkert gæti orðið af viðtalinu. Hann komst t.d. að því að „loftungurnar banvænu“ eru nú í óða önn að safna nýjum baráttumönnum og ekki nóg með það heldur eru þeir að setja á stofn deildir í öðrum löndum sem ganga undir skammstöfuninni „BIFF“ (sem sé „Alþjóðasveitir örlagasmjaðraranna“). Kannske má búast við því að svo fari að þeir skjóti upp kollinum á Íslandi áður en langt um líður.

LÍN mismunar skiptinimum

UMRÆÐAN

Haukur Logi Karlsson skrifar um gengisfall krónunnar

Gengissveiflur krónunnar hafa umsvifalaus áhrif á námsmenn í útlöndum á framfæri ríkissjóðs. Þeir þurfa því annað hvort að stinga nýtt gat í sultarólina eða fá frekari fyrirgreiðslu hjá bankanum. Þessi sveifla hefur ekki sérstök áhrif á suma, þar sem við gerum upp yfirdráttinn við bankann í lok annar með láni frá LÍN, sem reiknað er út frá gjaldmiðli námslandsins miðað við útborgunardag. Í sumar rak ég mig á að þessi eðlilega gengistrygging nær ekki til allra. Samviskusamlega las ég úthlutunarreglur LÍN og óskaði eftir því í kjölfarið að gert yrði upp við mig samkvæmt því sem gildir um námsmenn erlendis. Um hæl var mér boðið að fá lánið borgað miðað við gengi gjaldmiðilsins 1. júlí árinu á undan. Þetta þýddi í reynd að mér var boðið að fá lán á genginu 8,9 ÍSK, þegar gengi sænsku krónunnar yfir önnuna var á bilinu 12,5-13,5 ÍSK.

Skýringin hjá LÍN var vísun í óbirta reglu um að skiptinemar fengju ekki sams konar gengistryggingu og námsmenn erlendis. Efnisleg rök fengust ekki



HAUKUR LOGI KARLSSON

fyrir þessari mismunandi afgreiðslu en regluna er nú búið að birta í uppfærðum úthlutunarreglum LÍN. Skiptinemar á þessu skólaári fá því lán sem miðar við gengi krónunnar þann fyrsta júlí í sumar, og munu væntanlega þurfa að taka gengisfallið í haust á sig. Sjálfur hef ég verið hækkaður í tign hjá LÍN, telst nú alvöru námsmaður erlendis og fæ því gengistryggingu.

Áhugavert væri að vita hvort umboðsmaður Alþingis telji þetta standast jafnræðisreglu. Ég fæ ekki séð að námsmaður erlendis hafi aðra þörf fyrir gengistryggingu sem námsmaður en skiptinemi.

Þótt nýlegar víkingaferðir Íslendinga hafi endað sneypulega má ekki gleyma því að þúsundir Íslendinga eru í annars konar útrás sem gæti reynst þjóðinni drjúg búbót þegar fram í sækir. Það á að vera forgangsverkefni LÍN, eða umboðsmanns Alþingis, að leiðrétta stöðu þeirra hundruða skiptinema sem nú eru við nám um allan heim og gera hana sambærilega við stöðu annara námsmanna erlendis. Hrun krónunnar má ekki leiða til þess að næsta kynslóð Íslendinga verði eintómir heimalningar.

Höfundur er í framhaldsnámi við Stockholms Universit.

skynsamleg
næring

Jakob Örn Sigurðarsson
landsliðsmaður í körfuknattleik



HERBALIFE
sjálfstæðir dreifingaraðilar



Ástkær faðir okkar,

Jónas R. Jónasson,
fyrirum fulltrúi hjá Landsíma Íslands,
síðast til heimilis að Kópavogsbraut 1a,

lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn
6. október. Fyrir hönd aðstandenda.

Erla, Sigrún og Fanney Jónasdætur.



Eiginmaður minn,

Svavar Fanndal Torfason
meistari í rafvélavirkjun, Grenilundi 12,
Garðabæ,

sem lést á Landspítalanum sunnudaginn 28. septemb-
er, verður jarðsunginn frá Víðalínskirkju föstudaginn
10. október kl. 13.00.

Sólbjört Gestsdóttir

Hólmfríður Fanndal Svavarsdóttir

Ingólfur Arnarson

Sigríður Guðjónsdóttir

Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir

Jóhanna Rósa Arnardóttir

Jón Vilhjálmsson

og fjölskyldur.



Heittelskaður eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir og afi,

Sigurður Sveinsson
Drekavogi 4, Reykjavík,

varð bráðkvaddur að kvöldi mánudagsins 6. október.
Útförin verður auglýst síðar.

Gróa Friðjónsdóttir

Anton Sigurðsson

Anna Hulda Sigurðardóttir

Friðjón Þór Gróuson

Valný Óttarsdóttir

Reynir Grétarsson

Hólmfríður Jóna

Guðmundsdóttir

Tinna Brá Sigurðardóttir

og barnabörn.

Eyþór Snorrason



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi,
langafi og langalangafi,

**Frímann Sigmundur
Þorkelsson**

frá Básam, Grímsey,

lést á Garðvangi Garði, mánudaginn 6. október.
Jarðað verður frá Útskálakirkju laugardaginn
11. október kl. 15.00.

Helga Hólmfríður Frímannsdóttir
Þórhallur Þorkell Frímannsson

Hjalti Sigurðsson
Gréta Björk

Jóhannesdóttir

Gísli S. Eiríksson

Hartmann Óskarsson

Dýrleif Eydis Frímannsdóttir

Anna Frímannsdóttir

Ægir Frímannsson

Valdís S.

Sigurbjörnsdóttir

Kristjana Björg Frímannsdóttir

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Bjarni Halldórsson



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, lang-
afi og langalangafi,

Snorri Sigfússon

útgerðarmaður og síldarsaltandi,
áður til heimilis að Gránufélagsgötu 48,
Akureyri,

sem andaðist á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri
föstudaginn 26. september sl., verður jarðsunginn í
Akureyrarkirkju hinn 10. október kl. 13.30. Þeim sem
vilja minnst hans er bent á Hjúkrunarheimilið Hlíð.

Brynjólfur Snorrason

Ásgerður Snorradóttir

Guðlaug Snorradóttir

Halldór Gunnarsson

barnabörn, langafabörn og langalangafabörn.

Jóhanna Júlíusdóttir

Ingvi Þórðarson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Þorgerður Bergsdóttir
(Stella),**

Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 6. október. Jarðarförin fer
fram í Akranesirkirkju föstudaginn 10. október kl. 14.00.

Smári Hannesson

Ólöf Hannesdóttir

Haukur Hannesson

Heiðrún Hannesdóttir

Hanna Hannesdóttir

Guðni Hannesson

barnabörn og langömmubörn.

Gunnhildur Júlíusdóttir

Sigríður Svavardóttir

Ingólfur Hafsteinsson

Egill Mátsson

Lilja L. Aðalsteinsdóttir



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og
vináttu við andlát elskelegs eiginmanns
míns, föður okkar, tengdafaður, bróður,
afi, langafi og langalangafi,

**Sveins Hróbjarts
Magnússonar**

Kleifahrauni 3, Vestmannaeyjum.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Sjúkrahúss
Vestmannaeyja fyrir góða umönnun og hlýhug.

Sigríður Steinsdóttir,

synir og aðrir aðstandendur.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengda-
faðir, afi og langafi,

Einar Guðmundsson

dvalarheimilinu Hlíð, áður til heimilis að
Klettaborg 2, Akureyri,

lést mánudaginn 6. október. Jarðarförin verður auglýst
síðar.

Elisabet Jóhanna Sigurðardóttir

Ásta Einarsdóttir

Sigurður Einarsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Sigmar Sævaldsson

Sveinbjörg Aðalsteinsdóttir



Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu
okkur samúð og vinarhug við andlát og
útför móður okkar, tengdamóður, ömmu
og langömmu,

Guðrúnar Guðmundsdóttur

Fossheimum, Selfossi, áður til heimilis á
Tjörn, Stokkseyri.

Guðmundur Baldursson

Elías Þór Baldursson

Erna Guðrún Baldursdóttir

Hrönn Baldursdóttir

Freyr Baldursson

Aðalbjörn P. Baldursson

Magnús Björn Baldursson

Skúli Baldursson

barnabörn og barnabarnabörn.

Helga Snorradóttir

Sigríður Sigurðardóttir

Þóra Bjarney Jónsdóttir

Jónbjörn Þórarinnsson

Kristinn Karl Ægisson

Rósa Matthíasdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Íris Mjöll Valdimarsdóttir

Ingunn G. Magnúsdóttir



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

Sigríður E. G. Biering

Áskógum 2, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ laugardaginn
4. október. Útförin fer fram frá Seljakirkju fimmtu-
daginn 15. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst
hennar er bent á minningarsjóð Skógarbæjar.

Helga E. Biering

Moritz W. Biering

Guðrún Biering

Bertha Biering

Louise Biering

barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.

Sveinn B. Petersen

Sidsel Eriksen

Hrafn Björnsson

BLÖKKUMANNALEIÐTOGINN
JESSE JACKSON ER 67 ÁRA

„Þegar svartir eru at-
vinnulausir kallast það
ómennska og leti. Þegar
hvítir missa vinnuna kallast
það kreppa.“

**Bandaríski blökkumannaleið-
toginn og presturinn Jesse
Jackson keppti um forsetaút-
nefningu demókrata árin 1984
og 1988. Hann er talinn mikil-
vægasti leiðtogi blökkumanna
síðan Martin Luther King var
myrtur árið 1968.**



tímamót

timamot@frettabladid.is



BRJÓSTFÆDD BÖRN OG ÁNÆGÐAR MÆÐUR Dagný Ósk Ásgeirsdótt-
ir, Soffía Bæringsdóttir og Aðalheiður Atladóttir eru aðstandendur
alþjóðlegru brjóstgafavíkkunnar og standa hér glaðbeittar á opnun
ljósmyndasýningar af brjóstfæddum börnum á Kaffi Hljómalind.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

BRJÓSTAGJAFAVIKA: 6. TIL 12. OKTÓBER

Fullkomnasta fæða veraldar

„Það er engin fæða jafn fullkomin og móðurmjólk og ekki
til sambærileg vara,“ segir Soffía Bæringsdóttir, einn af að-
standendum alþjóðlegru brjóstgafavíkkunnar sem hófst á
mánudag með ljósmyndasýningu á Kaffi Hljómalind.

„Vikan hefur verið haldin hátíðleg undanfarin sautján ár
og yfir 120 lönd taka þátt í henni. Þema í ár er „Stuðningur
við móður: Stefnum að sigri“. Margir telja brjóstgjöf vera
einkamálið en svo er alls ekki því hún er mikilvæg fyrir sam-
félagið í heild og snertir alla. Móðir með barn á brjósti þarf
því stuðning frá maka, fjölskyldu, vinum, samstarfsmönnum
og samfélaginu öllu,“ segir Soffía, en ekki eru mörg ár
síðan brjóstgjöf þótti óþörf hér á landi og vitneskja um
gæði móðurmjólkur var af skornum skammti.

„Í alþjóðasamfélaginu hefur Ísland þótt sérstakt með
sögulega litla hvatningu og framboð brjóstamjólkur fyrir
hvitvöðunga og upp í eldri smábörn, og það á meðan ná-
grannalöndin hafa staðið mjög framarlega á þessu sviði.
Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur árum saman mælt með
brjóstgjöf sem einu fæðu ungbarna til sex mánaða aldurs
og áfram til tveggja ára eða lengur, með næringarríkum
mat,“ segir Soffía, en það voru alþjóðlegru brjóstgafasam-
tökin WABA sem voru upphafsmenn brjóstgafavíkkunnar
á heimsvísu.

„Hérlandis hafa mjólkandi mæður átt í vök að verjast
vegna lítillar hefðar fyrir langri brjóstgjöf, en með aukinni
fræðslu og stuðningi hefur hún sótt mjög í sig veðrið,“ segir
Soffía og bætir við að grettistaki hafi verið lyft í fræðslu
um gildi brjóstgafar undanfarin misseri, samhliða því
sem afgerandi niðurstöður rannsókna hafa borist.

„Brjóstamjólk er sífellt verið að rannsaka og alltaf kemur
betur og betur í ljós hve ávinningur brjóstgafar er mik-
ill fyrir móður og barn. Börn fá bestu fæðu sem völ er á,
sérhannaða til að tryggja heilbrigðan vöxt og þroska, og
brjóstgjöf dregur úr streitu móður, minnkar líkur á fæð-
ingarþunglyndi, styrkir tengslamyndun við barnið og
dregum úr líkum á brjóstakrabbameini.“

Dagskrá brjóstgafavíkkunnar er spennandi; meðal ann-
ars fyrirlestur um brjóstgjöf fyrirbura og glæsilegt mál-
þing með innlendum og erlendum fyrirlesurum í KHÍ. Sjá
nánar á www.brjostagjafavika.org.

thordis@frettabladid.is



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og vinarhug vegna andláts og útfarar
okkar ástkæra

**Elísar Kjaran
Friðfinnssonar.**

Innilegt þakklæti til starfsfólks Caritas Ísland og
dvalarheimilisins Tjarnar á Þingeyri.

Aðstandendur.



ROLEX
Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900
WWW.SVISS.IS

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Er prentverkið
Svansmerkt?

GUDJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMÍÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 9. janúar 2008 – 1. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000

visir

Orðskýring

Hvað er
viðskiptavild?



6

Samson

Sex ára
siglingu lokið



4-5

Stiglitz

Vandinn
blasti við



6



FORSÆTISRÁÐHERRA Geir H. Haarde segir forsætisráðuneytið ekki taka fram fyrir hendur bankastjórnar Seðlabankans.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bankastjórnin situr óhöggð

„Seðlabankinn er sjálfstæð stofnun og vinnur samkvæmt lögum. Við gerum engar breytingar á bankastjórninni,“ segir Geir H. Haarde forsætisráðherra aðspurður hvort breyting sé fyrirhuguð á bankastjórn eða stýrivextir lækkaðir á næstunni vegna aðstæðna í efnahagslífinu.

Seðlabankinn heyrir undir forsætisráðuneyti en hefur sætt harðri gagnrýni síðustu vikur.

Geir sagði Seðlabankann vinna í samræmi við lög um bankann en ríkisstjórnin sinni eigin starfi. Hann, sem forsætisráðherra, geti ekki tekið fram fyrir hendurnar á bankanum. Slíkt sé í trássi við lög.

- jab

Skrúfað fyrir skortsölur

Skortsölur í fjármálaþyrskökum í íslensku kauphöllina hafa verið bannaðar. Undanþága er hafi seljandi bréfin „í sinni vörslu þegar sölutilboð er lagt fram, enda tilkynni viðkomandi án tafar um viðskiptin til Fjármálaeftirlitsins“ eins og fram kemur í tilkynningu FME.

Ákvörðunin tók gildi í gær og gildir fram til 16. janúar á næsta ári. Fyrirtækin sem um ræðir eru Kaupþing, Landsbankinn, Glitnir, Exista, Straumur og Spron.

- hhs



Tíma - og verkskráning
Flotastýring og eftirlit

www.trackwell.com

HELST Í ÚTLÖNDUM

Endurskoða spá | Alþjóðagjald-eyrissjóðurinn (IMF) varar við því að tap vegna lélegra veða í Bandaríkjunum gæti farið yfir 1.400 milljarða dala (yfir 137 þúsund milljarðar króna). Fyrri áætlun gerði ráð fyrir 945 milljörðum dala. Hvatt er til samhæfðra aðgerða þjóða.

Vinnuhorfur Evrópu | Atvinnuleysi innan Evrópusambandsins mælist 7,5 prósent í nýjustu tölum Eurostat, hagstofu ESB, sem er 0,5 prósentustiga aukning frá áramótum. Eurostat áreittar þó að atvinnuleysi innan sambandsins hafi aldrei verið minna en um áramótin.

Vilja breytingar | Þýsk stjórnvöld kunna að skilyrða aðstoð við banka í ördugleikum við að breytingar verði gerðar í stjórnendahópi þeirra. Krafan yrði til að vernda hag skattgreiðenda og forða frekari áföllum.



CDS markaður | CME Group og Citadel Investment Group boða innan mánaðar stofnun rafræns markaðar með skuldatryggingarálag (CDS, eða Credit Default Swap) sem rekinn yrði í samstarfi við miðlæga greiðsluöfnumar- eða uppgjörstöð. Félögin bjóða til sölu hlutabréf í markaðnum.

Andfætlingar lækka | Seðlabanki Ástralíu hefur lækkað stýrivexti úr 7,0 prósentustigum í 6,0 prósentustig. Lækkunin er mun skarpri en búist var við. Bankinn segir hagvaxtarhorfur réttlæta hana, þótt verðbólga sé enn yfir markmiði.

Óbreytt í Japan | Tuttugasta mánuðinn í röð hefur Seðlabanki Japana ákveðið að halda stýrivöxtum þar í landi óbreyttum í 0,5 prósentustigum. Bankinn reynir að ýta undir með hagkerfinu sem orðið hefur fyrir neikvæðum áhrifum frá Bandaríkjunum og Japan.

Landsbanka synjað um þrautavarálán

Lögðu fram veð upp á 2,8 milljarða evra fyrir 500 milljóna evra láni. Fyrst jákvæð viðbrögð, en svo kom synjun. Viðbrögð Seðlabankans eru sögð hafa komið á óvart.

Björn Ingi Hrafnsson
skrifar

Forsvarsmenn Landsbankans leituðu á náðir Seðlabanka Íslands fyrir helgi og óskuðu eftir fyrirgreiðslu um lán í endurhverfum viðskiptum að upphæð 500 milljónir evra, eða um 70 milljarða króna. Lögð voru fram veð fyrir láninu að upphæð 2,8 milljarða evra, en Seðlabankinn synjaði erindinu eftir yfirferð um helgina og tilkynnti Landsbankamönnum aðfaranótt mánudags. Í gær tók Fjármálaeftirlitið svo ákvörðun um að taka yfir stjórn Landsbankans og leysa bankaráð hans frá störfum.

Markaðurinn hefur heimildir fyrir því að þetta hafi verið í fyrsta sinn sem Landsbankinn óskaði eftir láni til þrautavara frá Seðlabankanum í samræmi við hlutverk hans sem banki bankanna. Beiðnin hafi verið sett fram fyrir helgi í kjölfar á veðköllum erlendra lánastofnana vegna lækkunar á lánsþæfismati íslensku bankanna og ríkisins í framhaldi af þjóðnýtingu Glitnis. Björgólfur Thor Björgólfsson, stærsti eigandi Landsbankans, fundaði um málið ásamt Davíð Oddssyni, formanni bankastjórnar Seðlabankans, á laugardag og töldu forsvarsmenn Landsbankans fram eftir þeim degi og á sunnudag að vel yrði tekið í lánsbeiðnina. Skyndilega hafi svo verið komið annað hljóð í strokkinn og beiðninni hafnað, skýringalaust og án



**FYRIR STARFSMANNA-
FUND** Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbanka Íslands, rétt fyrir starfsmannafund sem haldinn var í höfuðstöðvum bankans í Austurstræti í gær.

MARKAÐURINN/GVA

á gagnrýni stjórnenda Glitnis á ákvörðun um þjóðnýtingu bankans og steinin hafi tekið úr þegar Seðlabankinn hafi ákveðið að veita Kaupþingi samþætlegt lán að sömu upphæð og það gegn veðum í hlutabréfum í danskri fjármálastofnun. Vandséð sé að jafnræði hafi verið gætt þegar þessi tvö mál séu borin saman.

Eimskipafélagið í uppnámi

Björgólfsfeðgar ráða ekki við kröfu á Eimskip vegna gjaldþrots XL Leisure.

„Þessi nýjustu tíðindi setja þetta mál í uppnám og við höfum ekki séð fram úr því,“ segir Sindri Sindrason, stjórnarformaður Eimskips, um kröfu á félagið vegna gjaldþrots XL Leisure.

Björgólfsfeðgar höfðu gefið yfirlýsingu um að þeir ábyrgðust kröfuna, en nú hafa forsendur breyst með yfirtöku ríkisins á Landsbanka og ósk Samsonar um greiðslustöðvun.

Fram kemur í tilkynningu frá Eimskipafélaginu að „óvissa“ ríki um kaup á kröfunni. Í ljósi þess að Samson eignarhaldsfélag, félag Björgólfsfeðga, sem átti ríflega 40 prósent í Landsbankanum, hafi farið fram á greiðslustöðvun, sé óvíst að þeir geti tekið kröfuna.

Sindri segir að krafan hafi ekki verið sett fram gagnvart félaginu og minnir á að til hafi staðið að breyta henni í víkjandi lán. Þau mál séu ókláruð. Unnið sé að sölu eigna Eimskipafélagsins.

Þar á meðal er kanadíska fyrirtækið Versacold, en með því losnaði félagið við stóran hluta skulda sinna. Hins vegar mun salan ekki vera langt komin.



Falli ábyrgðin á Eimskipafélagið, en hún nemur yfir 200 milljónum evra, eða 26 milljörðum króna miðað við fast gengi Seðlabankans, gæti það haft mjög alvarleg áhrif á félagið.

Sindri segir að flutningastarfsemi félagsins sé í góðum rekstri og dagleg starfsemi sé tryggð. Hann kveðst vera bjartsýnn á framhaldið.

- ikh

GENGISÞRÓUN		
	Vika	Frá áramótum
Alfesca	-4,7%	-12,4%
Atorka	-20,5%	-63,2%
Bakkavör	-36,9%	-77,0%
Exista	-23,7%	-76,8%
Glitnir	-16,5%	-82,7%
Eimskipafélagið	-3,3%	-88,8%
Icelandair	-14,9%	-42,5%
Kaupþing	-5,6%	-25,8%
Landsbankinn	-6,9%	-46,5%
Marel	-18,3%	-29,4%
SPRON	-25,6%	-78,6%
Straumur	-15,2%	-53,1%
Össur	-11,4%	-15,6%

**Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.*

Gengi krónunnar fast

„Það áttu sér allnokkur viðskipti miðað við þetta gengi,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra eftir að ráðuneyti hans og stjórn Seðlabankans ákváðu að halda gengi krónunnar föstu tímabundið til að ná frekar tökum á gengis- og verðlagsmálum og draga úr verðbólgu. Miðað er við gengisvísitöluna 175.

Gengi krónu hafði fallið hratt síðustu daga eftir því sem gjaldeyrismarkaðurinn þurrkaðist upp. Á mánudag var miðgengi Seðlabankans óvirkt og var skráð gengi krónu gagnvart erlendum gjaldmiðlum tugum prósentum lægra en það raunverulega var. Útreikningar Markaðarins bentu til að gengið hefði fallið um rúm tuttugu prósent og hlýpi gengisvísitalan á 261 til 265 stigum í stað 206 stiga.

Nokkurs misræmis gætti enn í gær. Einn Bandaríkjadalur kostaði 98,9 krónur í lok dags í gær samkvæmt Seðlabankanum en 110 krónur samkvæmt



EIN KRÓNA Gengi krónunnar var haldið föstu í gær, meðal annars til að ná tökum á gengis- og verðlagsmálum.

Kaupþingi. Evran, sem kostaði 197 krónur á erlendum gjaldeyrismörkuðum á mánudag, kostaði í gær 134 krónur og hafði hækkað um þrjár krónur frá upphafi dags.

Selja í Sampo

Exista hefur selt 19,98 prósentu hlut sinn í finnska tryggingarísanum Sampo fyrir 1,3 milljarða evra, 225,7 milljarða íslenskra króna. Sampo kaupir átta prósentu stofnanafjárfestar rest.

Gengið var 11,5 evrur á hlut sem er um 20 prósentu afsláttur frá lokagengi bréfa í félaginu á mánudag. Bókfært tap Existu vegna sölunnar er 1,4 milljarðar evra. Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Existu, segir að við ríkjandi aðstæður á alþjóðlegum lánsfjármörkuðum sé nauðsynlegt að draga seglin saman. Morgan Stanley og Citigroup önnuðust söluna.

-msh

Bakkavör pakkar samlokunni

Það er aldrei gott að þurfa að loka stöðum í tapi,“ segir Ágúst Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar Group, en félagið lokaði í gær skiptasamningi sínum í matvælafyrirtækinu Greencore, umsvifamesta samlokuframléiðanda Bretlandseyja.

Skiptasamningur Bakkavarar hljóðaði upp á 10,9 prósentu hlut í Greencore. Honum var lokað á genginu 1,3 evrur á hlut.

Bakkavör flaggaði samningnum á fyrri hluta árs og tapaði 46,2 milljónum breskra punda, 7,3 milljörðum króna á þávirði, á honum.

Ágúst segir ástæðuna fyrir lokun samningsins afar erfiðar aðstæður á fjármálamörkuðum



ÁGÚST GUÐMUNDSSON Forstjóri Bakkavarar segir aðstæður á fjármálamörkuðum hafa valdið því að lokað hafi verið á fjármögnun vegna skiptasamnings félagsins í hlut samlokurísans Greencore.

MARKAÐURINN/VILHELM

um þessar mundir. „Auðvitað eru þetta vonbrigði,“ segir hann en samningurinn muni ekki hafa áhrif á aðrar lánalínur félagsins.

- jab

Fundum vin í austri

Rússar hafa veitt ríkinu lánsvilyrði fyrir fjórum milljörðum evra. Ríkisstjórnin leitaði eftir láni frá Rússum í sumar. Mjög óvenjuleg lánveiting, segir sérfræðingur hjá Finnlandsbanka.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson og Magnús Sveinn Helgason skrifa



GEIR OG BJÖRGVIN Forsætisráðherra segir „ákveðna“ vinaþjóð til marga ára ekki hafa stutt við bakið á ríkisstjórn Íslands í hremmingunum og því hafi nýrra vina verið leitað.

MARKAÐURINN/GVA

„Við leitum til ákveðinnar vinaþjóðar eftir gjaldeyrisskiptasamningi og öðrum lánalínum vegna þeirra einstöku aðstæðna sem komnar eru upp. Við fengum ekki stuðning hennar. Þegar það gerðist urðum við að leita nýrra vina,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra á blaðamannafundi í gær. Geir sagði ekki hvaða vinaþjóð til marga áratuga hefði hafi snúið bakinu við málaleitan ríkisins, en hann var þar að líkindum að vísa til Bandaríkjanna.

Skiptasamningar eru enn í gildi á milli Seðlabanka Norðurlandanna og Íslands, þótt sú heimild hafi enn ekki verið nýtt. Norrænu bankarnir, sem Geir sagði hafa reynst „vini í raun“, gerðu eins og kunnugt er gjaldeyrisskiptasamning við bandaríska Seðlabankann fyrir nokkrum vikum, en Seðlabanki Íslands var ekki þar á meðal. Þá hafi sömuleiðis verið búist við láni frá evrópska Seðlabankanum, en ekkert heyrst frá honum.

Geir sagði ríkisstjórnina hafa leitað eftir lána-fyrirgreiðslu hjá Rússum í sumar og hafi verið staðfest í gærmorgun að íslenska ríkinu verði veitt fyrirgreiðsla upp á fjóra milljarða evra, jafnvirði 620 milljarða króna, á skráðu gengi Seðlabankans. Samkvæmt Seðlabankanum er lánið til allt að fjögurra ára á vöxtum sem eru 0,3 til 0,55 prósentum yfir Libor-millibankavöxtum. Samkvæmt Seðlabankanum hefur Vladímír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, staðfest fyrirgreiðsluna. Geir sagði fulltrúa Íslands fara fljótlega utan til frekari viðræðna og sé ætlunin að skrifa undir samninga á næstu dögum.

Davíð Oddsson Seðlabankastjóri sagði í samtali við Bloomberg-fréttaveituna í gær að lána-fyrirgreiðslan væri ofmetin. Ekkert sé fast í hendi, viðræður séu að hefjast og eigi eftir að skrifa undir lána-samninga.

„Þetta er algjörlega einstakt. Rússar hafa, að því er ég kemst næst, ekki veitt nein sambærileg lán til erlendra ríkja,“ segir doktor Pekka Sutela, yfirmaður hagfræðirannsóknna hjá Finnlandsbanka, og helsti sérfræðingur bankans í rússneska fjármálakerfinu.

„Hér á árum áður veittu Sovétríkin þróunar-ríkjum og leppríkjum sínum iðulega fjárhagslegan stuðning, en það er ljóst að þetta er ekki sambærileg aðgerð,“ segir Sutela, sem bendir á að Rússar hafi að undanförmu marglýst því yfir að þeir hyggt axla aukna ábyrgð á stöðugleika hins alþjóðlega fjármálakerfis og líklega væri rétt að líta á þetta sem fyrsta skrefið á þeirri braut.

Sutela segir að lánið sé mjög hátt í samanburði við aðgerðir rússneska ríkisins til stuðnings við fjármálalíf Rússlands. „Rússar hafa lofað um 100 milljörðum evra til að styðja við bakið á rússneskum bönkum og hlutabréfamarkaði. Þetta er mjög há upphæð og það er sama í hvaða samhengi það er athugað.“

Beat Siegenthaler, sérfræðingur hjá verðbréfa-fyrirtækinu TD í Lundúnum, segir enn fremur í samtali við Bloomberg, lána-fyrirgreiðsluna sýna vilja rússneskra stjórnvalda til að leggja lóð sitt á vogaskálarnar. „Raunar má spyrja hvers vegna Ísland fékk ekki svipaða fyrirgreiðslu hjá norrænu Seðlabönkunum, evrópska Seðlabankanum eða Englandsbanka,“ segir hann.

Á mánudag fyrir viku tilkynnti ríkisstjórnin um 37 milljarða evra neyðarlán til rússneskra banka til að mæta erlendum skuldbindingum þeirra. Alþjóðlega lánsfjárfreppan hefur komið mjög illa við marga rússneska banka og fyrirtæki, og óttast er að margir rússneskir bankar kunni að komast í þrot. Fyrr í mánuðinum tilkynnti Pútín um 88 milljarða evra björgunaraðgerðir fyrir fjármálalíf Rússlands.

Fjárfestar færa sig í framleiðslufélögin

Þeir sem enn hafa getu og taugar til að fjárfesta í hlutabréfum hafa nú margir hverjir snúið sér að framleiðslufyrirtækjum. Samkvæmt heimildum Markaðarins meta greiningardeildir til að mynda hlutinn í Marel á yfir eina evru. Eftir að gengi krónunnar var fest í gær kostar evran 131 krónu. Hlutturinn í Marel kostaði hins vegar 72 krónur í Kauphöll Íslands í gær. Það hafa því myndast kaupþækifæri.

Þetta hefur ekki farið fram hjá stærstu hluthöfum félagsins sem hafa bætt við sig hlutum að undanförmu. Eyrir ehf., stærsti hluthafinn í Marel, keypti á föstudag tvær milljónir hluta á genginu 81,4. Annar stærsti eigandi og jafnframt framkvæmdastjóri



ÁRNI ODDUR ÞÓRÐARSON Stjórnarformaður Marel hefur bætt við sig hlutum í félaginu í gegnum fjárfestingarfélagið Eyri Invest.

MARKAÐURINN / GVA

Eyrir er Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður í Marel Food Systems ehf. Á mánudag keypti svo Áning ehf. 1,7 milljónir hluta á genginu 77. Friðrik Jóhannsson er stjórnarformaður í Marel Food Systems ehf. og eigandi Áningar ehf.

- lhs

SÍMKERFI TIL LEIGU

EJS býður þér að leigja aðgang að símkjerfi af fullkomnustu gerð!

HAGKVÆM LAUSN

- Engin fjárfesting í búnaði
- Ekki þörf á sérstökum símalínum
- Fjárfesting í gagnasamböndum nýtist til fulls
- Kostnaður verður þekktur og fyrirsjáanlegur
- Verð sem kemur þér á óvart!
- Hentar smáum sem stórum fyrirtækjum

SÍMKERFI AF FULLKOMNUSTU GERÐ

- Allar nýjustu tækninýjungar
- Sveigjanlegt símkjerfi
- GSM símar geta verið þráðlausir innanhússímar
- IP-vætt símkjerfi
- Hentar fyrirtækjum með dreifða starfsemi
- Mörg símtæki í boði

ÖRYGGI OG REKSTUR

- EJS sér um rekstur símkjerfisins
- Símkjerfið er hýst í fullkomnum hýsingarsal EJS
- Símkjerfið er vaktað 24/7

Það er til lausn á öllu

Opið 9-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum
www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000



HVITA HÚSID / SIA

Mótum eigin framtíð **Veljum íslenskt**

Samtök iðnaðarins - www.si.is





ÁHYGGJUFULLIR STARFSMENN LANDSBANKANS Ýmsar spurningar brunnu á vörum starfsmanna Landsbankans sem mættu fulltrúum nýrra eigenda á fundi í matsal bankans í hádeginu í gær.

Markaðurinn/GVA

Björgólfur settur af eftir sex ára siglingu

Ævintýrinu sem hófst með kaupum Samson á Landsbankanum er lokið. Fjármálaeftirlitið vék bankastjórninni frá og tekur við stýrinu. Björgólfur féðgar tapa sínum hlut eins og 25 þúsund aðrir hluthafar. Samson er í greiðslustöðvun og hefur tapað tugum milljarða króna. Lokað er fyrir úttektir á IceSave-reikningum í Bretlandi. Lausir endar eru margir.

Allir sem eru með baun milli eyrnanna gátu sagt sér þetta,“ sagði vonsvikinn starfsmaður Landsbankans eftir hádegðið í gær.

Tilkynnt var um það snemma í gærmorgun að Fjármálaeftirlitið hefði, í krafti neyðarlaga sem Alþingi samþykkti í fyrrakvöld, tekið að sér stjórn Landsbanka Íslands.

Þar með er lokið ævintýri sem hófst fyrir sex árum með kaupum Björgólfs- féðga á Landsbankanum.

BJÖRGÓLFUR SETTUR AF
Óvíst er hvernig röð atburða var í fyrri-

nótt en eftir því sem næst verður komist hófst viðræður Fjármálaeftirlitsins við stjórnendur Landsbankans um leið og lögin voru samþykkt. Niðurstaðan varð sú að Fjármálaeftirlitið skipaði skilanefnd yfir bankana. Hana skipa Ársæll Hafsteinsson, Einar Jónsson, Lárents- íus Kristjánsson lögmenn og Lárus Finn- bogason og Sigurjón G. Geirsson endur- skoðendur.

Í sömu andrá er bankaráði Landsbank- ans, þar sem meðal annars sátu Björgólf- ur Guðmundsson, helsti eigandi bank- ans, og Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, vikið frá.

Bankanum verður áfram stýrt af Hall- dóri J. Kristjánssyni og Sigurjóni Þ. Árnasyni. Björgvin G. Sigurðsson við- skiptaráðherra fagnaði því á fundi með starfsmönnum Landsbankans í hádeginu í gær að þeir hefðu „fallist á“ að stýra bankanum áfram.

BANKINN ER EKKI GJALDPROTA

Fram kemur í tilkynningu Landsbankans til Kauphallarinnar í gær að bankinn sé ekki í gjaldþrotameðferð. Ákvæði gjald- þrotaskiptalaga ættu ekki við meðan skilanefndin færi með málefni bankans. „Á sama tíma verður ekki komið fram aðfararaðgerð eða kyrrsetningu gagn-

vart Landsbankanum“, segir í tilkynn- ingunni.

Útibú Landsbankans voru enda opin í gær. Allir starfsmenn voru við störf og viðskiptavinir á leið inn og út úr bank- anum.

STEINRUNNIR STARFSMENN

Starfsmennirnir stóðu steinrunnir, þög- ulir en rólegir, í hádeginu í gær, og hlýddu á Björgvin G. Sigurðsson við- skiptaráðherra og Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra í þéttskipuðum matsal Landsbankans á fjórðu hæð, við brúna yfir Hafnarstrætið. „Þið haldið ykkar hlut óskertum,“ sagði viðskiptaráðherra



**KOSTAR ÞIG
EKKI KRÓNU!**

MOMENTUM
greiðslu- og innheimtupjónusta

Milliinnheimta sem er kröfuhafa að kostnaðarlausu

Kynntu þér innheimtuaðferðir okkar á momentum.is

LEIKHÚSFERÐ TIL LONDON verður farin á vegum Expressferða fimmtudaginn 23. október, heimkoma er sunnudaginn 26. október. Stefnt er á að sjá sýninguna Billy Elliot á föstudagskvöldinu og Disappearing Number á laugardagskvöld. Fararstjóri er Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri.



ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

UMBROT

Tökum að okkur að setja upp prentverk, stór sem smá. Auglýsingar, bækur, blöð, dreifibréf, fréttabréf, feringarkort, gjafakort, nafnspjöld, tímarit og hvað eina sem þarf að prenta.

AUGLÝSINGAR


Útbúum auglýsingar í alla prentmiðla.

Einnig skjá-, strætisvagna- og skiltaauglýsingar.

Láttu þínar upplýsingar sjást.

FRUM Grensásvegi 12A
108 Reykjavík

sími: 568 1000// frum@frum.is// www.frum.is



Vigdís fékk skemmtilega mynd af útskriftarhópnum í þrítugsafmælisgjöf en hún endaði ferðalagið á því að fara til London til að halda upp á stórafmælið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Angela Merkel á sveimi

Vigdís Másdóttir hreifst af frjóu listalífi Berlínar í útskriftarferð sinni þangað með leiklistardeild Listaháskóla Íslands. Litlu munaði að hópurinn næði að berja kanslara Þýskalands augum.

Leiklistarneminn Vigdís Másdóttir fór ásamt samnemendum sínum í leiklistardeild Listaháskóla Íslands í útskriftarferð til Berlínar strax eftir að þriðja árinu lauk í lok maí síðastliðinn. Hún heillaðist af borginni og listalífinu sem þar blómstrar.

„Þetta var svokölluð menningarferð og sáum við mikið af góðum og reyndar slæmum leiksýningum. Þess á milli kynntum við okkur næturlífið sem er ekki af verri endanum,“ segir Vigdís. „Við gistum í íbúð Þorleifs Arnarssonar leiklistarnema en hann býr á Torstrasse í Mitte-hverfinu. Hann var að heiman og fengum við leyfi til að dreifa okkur um íbúðina.“

Hópurinn dvaldi í borginni í tæpar tvær vikur og þótti Vigdís merkilegt að sjá muninn á austur- og vesturhlutanum sem hún segir sérstaklega koma fram í ólíkum arkitektúr. „Þá er ljóst að „greddan“ í listalífinu er mikil, ef svo má að orði komast,“ segir Vigdís.

Hópurinn fór hinn hefðbundna túristahring og skoðaði staði eins og Checkpoint Charlie, Brandenburgarhlíðið og Gyðingasafnið. „Við fórum svo í túristasiglingu um ána Spree sem liggur um borgina og þegar við sigldum framhjá kanslarabústaðnum vorum við nánast búin að berja Angelu Merkel augum en hún flaug yfir

bústaðinn í risastórri þyrllu,“ segir Vigdís og hlær. Hún endaði síðan ferðalagið í London þar sem hún hélt upp á þrítugsafmæli sitt með kærastanum og systur.

Vigdís helgar sig nú Nemenda-leikhúsinu en útskriftarhópurinn frumsýndi Gangverkið í Borgar-leikhúsinu síðastliðinn föstudag. Það er unnið upp úr spuna og rannsókn á leikhúsinu. Þegar sýningum á því lýkur taka æfingar á Kirsuberjagarðinum við. „Við sáum einmitt Kirsuberjagarðinn í Berlín í uppfærslu Thomas Ostermeier. „Sú sýning var mjög flott en við erum staðráðin í því að gera betur.“

vera@frettabladid.is

Meirapróf



**ÖKU
SKÓLINN
Í MJÓDD**

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300
Næsta námskeið byrjar 15. október

BÍLAR

HÆGRI UMFERÐ hefur verið á Íslandi í fjörutíu ár. Flestar þjóðir heims aka nú hægra megin en Bretar, Írar, Ástralar, Indverjar, Japanar og nokkrar fleiri þjóðir halda sig enn vinstra megin.



Inn á haustin, út á vorin

Fjölmargir landsmenn eiga sér sumarafdreip í formi hlýlegra hjólhýsa, tjaldvagna, húsbíla og fellihýsa. Þegar haustar að huga margir að því að koma þeim í öruggt skjól.

„Það er mjög að aukast að fólk hafi þörf fyrir að koma hjólhýsum og húsbílum í geymslu. Þessir hlutir fara svo illa á veturna úti í öllum veðrum,“ segir Ólafur Pétursson í fyrirtækinu Sumarsælu. Hann leigir út geymslu í Reykjanesbæ í nýbyggðu stálgrindahúsi með hita í gólfi. „Það er mikið hringt þessa dagana,“ segir hann og kveðst taka 1000 krónur fyrir fermetrann á mánuði. Það þýðir átta til tíu þúsund krónur á mánuði fyrir meðalstórt hjólhýsi. Spurður út í tryggingar á tækjunum svarar hann. „Ég er með tryggingu á því sem er í húsinu. En ef tækin eru vönduð þá eru þau kaskótryggt og það er hreinlega skylda ef þau hafa verið keypt fyrir lánsfé.“

Hrólfur Hreiðarsson er einn þriggja eigenda Fasteignafélagsins Eyrarbakka sem tekur hjólhýsi, húsbíla, fellihýsi og tjaldvagna í geymslu. Hann segir mikla eftirspurn eftir slíkri þjónustu. „Þetta eru svo dýr tæki að þau þurfa vandaða



„Það er mjög að aukast að fólk hafi þörf fyrir að koma hjólhýsum og húsbílum í geymslu. Þessir hlutir fara svo illa á veturna úti í öllum veðrum,“ segir Ólafur Pétursson, eigandi fyrirtækisins Sumarsæla.

FRETTABLAÐID/ARNÞÓR

geymslu yfir veturinn og fólk er að átta sig á því að það borgar sig ekki að láta þau standa á moldargólfum í gömlum minkabúum eða kartöflugeymslum þar sem jafnvel músagangur herjar. Það þarf að fara vel um þessar verðmætu eignir.“

Húsnæðið sem Hrólfur og félagar hýsti áður fyrirtækið Alpan á Eyrarbakka. „Við mál-uðum húsið og tókum allt í gegn þannig að það væri hreint og

lyktarlaust og erum hér með vefmyndavél,“ segir hann. Verð fyrir meðalstórt hjólhýsi segir Hrólfur vera 79.000 krónur fyrir átta mánaða geymslu. Minna fyrir styttri gerðir og meira fyrir þau lengri. Tekur fram að greiðslum sé skipt niður á kreditkort ef óskað er. En þarf fólk að panta á hverju hausti eða heldur það básnum sínum yfir sumarið? „Við bjóðum okkar viðskiptavinum á vorin að þeir hafi forgang næsta haust en þeir hafa ekki þurft að greiða fyrir plássíð yfir sumarið.“

gun@frettabladid.is



Vörur í Bústaðinn



Sólarsellur




Vindrafalar

Gasmiðstöðvar

Ljósavélar

Sparljós og perur

Vatnshitara



kælikápar



Olíuofnar fyrir sumarþustaði allt að 80 Fm2

Allar nánari upplýsingar um þjónustu og vörur á www.rotor.is



VERSLUN / VERKSTÆÐI Helluhrauni 4 220 Hafnarfjörður Sími 555 4900



GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Allt á einum stað

VETRARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
ALLT Á EINUM STAÐ



SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066



Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf

bfo@bfo.is





SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

FJAÐRIR OG GORMAR

Í FLESTAR GERÐIR

JEPPA

Japan/U.S.A.



FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

ALLT TÍSKA

Alla fimmtudaga



KAJAKAFERÐIR á Stokkseyri bjóða upp á ýmiss konar kajakferðir. Meðal annars Róbinson Krúso sem er um það bil einnar til þriggja klukkustunda könnunarferð um fenin án leiðsagnar. Sjá kajak.is



Harla óvenjulegt útsýni frá rúmstokknum.

MYND/ATLANTIS

Neðansjávarsvítur í Dubai

Á hótél Atlantis í Dubai er hægt að sofa neðansjávar umlukinn hinum ýmsu sjávarlífverum. Þar hefur ríkulegu hugmyndaflugi mannsins verið gefinn laus taumurinn með ævintýralegrí útkomu.

Atlantis-hótelið í Dubai er stórbrotinn miðpunktur Palm Jumeirah, manngerðar eyju í furstadæminu. Þar hafði ríkulegt ímyndunarafl mannsins lausan tauminn og eru sumar svíturnar neðansjavar.

Á hótelinu eru 1.373 hótélherbergi og 166 svítur. Neðansjavar-svíturnar nefnast „The Lost Chambers“ og hafa gestir þeirra ekki útsýni yfir sjóinn heldur inn í hann. Þeir geta virt fyrir sér hin ýmsu sjávardýr úr hjónarúminu eða liggjandi í baði, sem gerir nálægðina við þau enn áþreifanlegri.

Yfir 250.000 tegundir sjávarlífvera er að finna í Ambassadorlóni sem umlykur herbergin og má þar nefna hákarla, ála, skötur og píranjafiska. Gluggarnir ná frá gólfi til lofts og ekkert skyggir á útsýnið. Svíturnar eiga sér engan samannburð og minna helst á hótélherbergi í framúrstefnulegri bíómynd.

Hótelið í heild hefur yfir sér arabískt yfirbragð og leika vatn og sjór gríðarstórt hlutverk í allri umgjörðinni. Margs konar afþreying er í boði og má þar nefna vatnsleikjagarð með svimandi háum rennibrautum og sundlaugar í návígi hákarla. Þá er boðið upp á höfrungaskoðun þar sem gestum gefst kostur á að leika við dýrin. Nánari upplýsingar má nálgast á www.atlantisthepalm.com.

vera@frettabladid.is



Gestir í neðansjávarsvítum hótelsins geta virt hinar ýmsu sjávarlífverur fyrir sér úr baði sem gerir nálægðina við þær enn áþreifanlegri.

FERÐIR

Sannkölluð ferðatölva

HP ELITEBOOK 6930 HENTAR VEL Í LÖNG FLUG.

Fartölva með rafhlöðu sem endist í sólarhring er nýlega komin á markað hjá HP. Hún nefnist HP EliteBook 6930 og stendur vel undir nafni sem ferðatölva því fyrir utan endingu rafhlöðunnar er hún einungis 2,1 kíló en með 14,1 tommu breiðskjá.

Í flugi milli heimsálfa getur það komið sér vel fyrir námsmenn og kaupsýslufólk að nýta tímann og vinna í tölvu á hinum löngu leiðum.

Fram að þessu hefur slíkt verið fjarlægur draumur án þess að stinga tölvunni í samband. En það hefur breyst. EliteBook 6930 er núverandi heimsmeistari í endingu innbyggðra rafhlaðna.



- gun

Eyjaálfa er hvort tveggja minnsta og fámennasta heimsálfan að Suðurskautinu undanskildu. Hún skiptist í fjögur svæði: Ástralíu og Nýja-Sjáland, Melanesíu, Mikrónesíu og Pólýnesíu.

visindavefur.is

Kraká

í október

frá aðeins kr. 39.990

Fegursta borg Póllands!
- ótrúleg sértílbóð

17. okt. - **UPPSELT**
20. okt. - **UPPSELT**
23. okt. - **24 sæti**
26. okt. - **nokkur sæti laus**
30. okt. - **33 sæti**
3. nóv. - **nokkur sæti laus**
6. nóv. - **UPPSELT**



Frábærar ferðir – síðustu sætin!

Heimsferðir bjóða nú ótrúlegt tilboð á ferðum til Kraká í október og byrjun nóvember. Borgin er ein best varðveitta borg Póllands og er stór hluti hennar á minjaskrá UNESCO. Kraká er afar lífleg og skemmtileg borg sem heillar alla sem þangað koma. Fjöldi veitingahúsa, bara, skemmtistaða og verslana er í borginni, ekki síst í kringum stóra markaðstorgið, Rynek Glowny, sem er nafli Kraká. Bjóðum frábært sértílbóð á Hotel Major *** á öllum brottförum. - Ath. aðeins örfá herbergi í boði á þessum kjörum í hverri brottför. Fleiri gististaðir einnig í boði.

Frá kr. **39.990**
- flug og gisting (3 eða 4 nætur)

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Major *** með morgunverði í 3 nætur, 3. nóv. Aukagjald fyrir einbýli kr. 12.000. Fjögurra náttu ferð 26. okt. kr. 5.000 auklega. Aukagjald fyrir einbýli kr. 16.000. Sértílbóð - aðeins örfá herbergi í boði á þessum kjörum.

Frá kr. **49.990**
- helgarferð (3 eða 4 nætur)

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Major *** með morgunverði í 3 nætur 23. okt.. Aukagjald fyrir einbýli kr. 12.000. Fjögurra náttu ferð 30. okt. kr. 5.000 auklega. Aukagjald fyrir einbýli kr. 16.000. Sértílbóð - aðeins örfá herbergi í boði á þessum kjörum.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000

Jafnvel þótt björgunaráætlun væri hrint fljótt af stað – sem virðist æ ólíklegra – yrði einhver samdráttur á lánastarfsemi. Bandarískur efnahagur hefur verið borinn uppi af mikilli neyslugleði, sem varð áfram með óhóflegum lántökum. Það á eftir að draga úr því. Ríki og sveitarfélög eru að skera niður útgjöld. Fjárhagur heimilanna er lakari. Það eykur allan fjárhagsvanda okkar þegar hjól efnahagslífins snúast hægar.

MEIRI ÁRANGUR FYRIR MINNA FÉ

Hægt væri að koma meiru í verk fyrir minna fé. Glufur á efnahagsreikningum bankanna mætti fylla á gagnsæjan hátt. Norðurlönd sýndu hvernig það má gera fyrir tveimur áratugum. Warren Buffet sýndi fram á aðra leið þegar hann jók eigið fé Goldman Sachs. Ef ríkið eykur hlutafé með því að kaupa forgangshlutabréf með kauprétti er hægt að draga úr hættunni á tapi fyrir almenning en tryggir honum jafnframt hlut í mögulegum gróða. Að auki myndi þetta tryggja bæði hvata og fjármagn til að lánastarfsemin geti haldið áfram.

Með þessari aðgerð væri líka óþarfi að ráðast í þann ógjörning að reyna að meta milljónir flókinna veðlana og enn flóknari skuldavöndla sem þau eru vafin í. Með þessu móti kaupir heldur enginn köttinn í sekknun – ríkið situr uppi með verstu eða ofmetnustu eignirnar. Síðast en ekki síst er hægt að hrinda þessari aðgerð fljótt í framkvæmd.

Um leið er hægt að grípa til ýmissa ráða til þess að koma í veg fyrir að ganga þurfi að veðum. Í fyrsta lagi er hægt að gera húsnæðis kaup viðráðanlegir fyrir Bandaríkjamenn með lágar- og miðlungstekjur með því að veita fólki skattaívilnanir á móti rýrnandi veðhæfi húsa. Ríkið greiðir í reynd 50 prósent af vöxtum veðlana með fasteignasköttum hátekjufólks í Bandaríkjunum en gerir ekkert fyrir þá efnaminni. Í öðru lagi þarf að gera húseignum kleift að afskrifa hluta

af verðmæti eigna sinna, svo þeir haldi heimili sínu. Í þriðja lagi gæti ríkið yfirtekið hluta af húsnæðisskuldum og fært sér í nyt lægri lántökukostnað þeirra.

700 MILLJARÐAR HRÖKKVA EKKI TIL

Nálgun Henry Paulson fjármálaráðherra er hins vegar enn eitt fjárhættuspilið á borð við þau sem steypu Bandaríkjunum í skuldir. Fjárfestingarbankar og matsfyrirtæki trúðu á fjárhagslega gullgerð – að það væri hægt að búa til mikil verðmæti með því að skera upp veðbréf. Hið nýja viðhorf er að það sé hægt að búa til verðmæti með því að taka þessa gjörninga aftur – að kippa þessum eignum út úr fjármálakerfinu og fela þær ríkinu. En til þess þarf að greiða meira fyrir eignirnar en verðmæti þeirra nemur, enginn græðir á því nema bankarnir.

Ef slíkir áætlun er hrint í framkvæmd er líklegra en ekki að bandarískir skattgreiðendur sitji að lokum í súpunni. Í umhverfishagfræði er ein grundvallarregla sem kveður á um að mengarinn borgar. Það snýst bæði um sangirni og skilvirkni. Wall Street hefur mengað hagkerfið með eitruðum veðlönunum. Wall Street ætti því að borga fyrir hreinsunina.

Meðal hagfræðinga er vaxandi skilningur á að engin björgunaráætlun sem byggir á hugmyndum Paulsons sé vænleg til árangurs. Gríðarleg aukning á skuldum þjóðarbúsins, ásamt því að menn gera sér grein fyrir að 700 milljarðar dollara eru ekki nóg til að bjarga efnahag Bandaríkjanna, grefur undan sjálfstrausti þeirra og gerir þau enn veikari.

En á erfiðleikatímum sem þessum er ómögulegt fyrir stjórnvöld að aðhafast ekkert. Við verðum því að biðja og vona að samkomulag sem samanstendur af eitradri blöndu sérhagsmuna; misráðinni hagfræði hugmyndafræði hægri-manna, sem komu okkur í núverandi klemmu, geti einhvern veginn leitt af sér björgunaráætlun sem ber árangur – eða veldur að minnsta kosti ekki miklum skaða ef hún misheppnast.

Að gera hlutina rétt – þar á meðal innleiða nýtt reglugerðakerfi sem dregur úr líkunum á að svona ófremdarástand skapist á ný – er eitt af mörgum verkefnum sem bíður næstu ríkisstjórnar.

Millifyrirsagnir eru blaðsins. ©Project Syndicate

ORDSKÝRINGIN

Viðskiptavild

Í tengslum við fjárhagsvandræði bankanna hefur hugtakið viðskiptavild nokkuð komið upp og hefur mátt skilja að það sé jafnvel eitthvað óeðlilegt við að hún sé bókfærð til eigna. Viðskiptavild er hluti óefnislegra eigna fyrirtækja, en samkvæmt árs-helmingsuppgjörum íslensku bankanna námu bókfærðar óefnislegar eignir þeirra í júnílok 2008 alls 188 milljörðum króna, eða rétt um einu prósent af eignum bankanna. Í ársskýrslum bankanna er ekki greint á milli góðvildar og annarra óefnislegra eigna, svo sem notkunarréttinda að tölvu-hugbúnaði.

Munurinn á viðskiptavild og öðrum óefnislegum eignum felst í því að verðleggja má flestar tegundir óefnislegra eigna, svo sem verðmæti vörumerkja, þróunarstarf eða notkunarréttindi að hugbúnaði, en viðurkenndar reglur eru um hvernig meta á verð slíkra eigna. Viðskiptavild er hins vegar aðeins hægt að sjá sem afleidda stærð við




sölu á fyrirtækjum. Viðskiptavild er stundum hugsuð sem verðmæti viðskiptasambanda.

Í sem stystu máli er viðskiptavild þá sú afgangsstað, munurinn á kaupvirði fyrirtækisins og bókfærðs verðs á öllum eignum og skuldum fyrirtækisins. Samkvæmt reglum þarf að endurmeta bókfært virði viðskiptavildar í hvert skipti sem grunur leikur á að hún hafi breyst, en í það minnsta einu sinni á ári. Flest fyrirtæki endurmeta því verðmæti viðskiptavildar árlega.

ÚTGÁFUPLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Magnús Sveinn Helgason, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafatilið 24, 105 Reykjavík. AÐALSMÍ: 512 5000 SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: vísir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmíða ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðum án endurgjalds.

Fljúgðu til London
kl. 8:00 að morgni...

...og komdu heim kl. 21:50
að kvöldi sama dags



Reykjavík



Reykjavík

Tími er peningar



Með Iceland Express kemstu út og heim aftur samdægurs og sparar þannig tíma og kostnað. Fyrirtækjasamningur við Iceland Express tryggir svo hagstæðara verð og eykur þægindi.

Iceland Express

með ánægju

www.icelandexpress.is

Óttast heimskreppu

Robert B. Zoellick, bankastjóri Alþjóðabankans, sagði á mánudag að ástand heimshagkerfisins væri slíkt að nú þyrfti lítið til þess að það steyptist í allsherjar efnahagskreppu sem einstaka ríkisstjórnir myndu eiga erfitt að koma böndum á.

„Atburðir septembermánaðar kunna að hafa verið vendipunkturinn fyrir mörg iðnvædd ríki.“ Zoellick spáði því að vaxandi vandamál kynni að setja af stað „fjöldagjaldþrot og hugsanlega frekari bankakreppur“. Zoellick sagði að fjármálakreppan væri eitt af alvarlegustu viðfangsefnum



ROBERT ZOELICK Bankastjóri Alþjóðabankans, Robert Zoellick, segist óttast að heimskreppa muni bitna þýngst á hinum fátækustu. MARKAÐURINN/AP um sem Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa glímt við. - msh

Bandaríski seðlabankinn kaupir skuldabréf

Seðlabanki Bandaríkjanna tilkynnti á þriðjudag að hann hygðist kaupa skammtímaskuldabréf fyrirtækja og að fjármálaráðuneytið muni gangast í ábyrgð gagnvart seðlabankanum fyrir þessum bréfum. Í tilkynningu seðlabankans segir að þessi aðgerð sé „nauðsynleg til að koma í veg fyrir alvarlegar truflanir á fjármagnsmörkuðum og efnahagslífinu“.

Undanfarið hafa peningamarkaðs- og hlutabréfasjóðir, ásamt öðrum fjárfestum, sem vanalega kaupa skuldabréf fyrirtækja, kippt að sér höndum sökum lánsfjákræppunnar, og mörg bandarísk fyrirtæki hafa því ekki getað tryggt sér skammtímalánsfé, en skortur á skammtímafjármögnun sé farinn að ógna afkomu margra

annars tryggra fyrirtækja, þeirra á meðal General Electric.

Ákvörðun seðlabankans er lýst sem „róttækri“ tilraun til að koma hjólum atvinnulífsins af stað, en þetta er í fyrsta skipti í sögunni sem seðlabanki Bandaríkjanna kaupir venjuleg skuldabréf beint af fyrirtækjum.

Edda Rós Karlsdóttir, yfirmaður greiningardeildar Landsbankans, segir að þetta sé enn eitt dæmið um hvernig lánsfjákræppan hafi breytt starfssviði seðlabanka. „Með þessu er bankinn í rauninni kominn í hreina útlánastarfsemi, sem hefur hingað til verið hlutverk viðskiptabanka. Í dag eru seðlabankar ekki aðeins lánveitendur til þrautavara heldur eru þeir beinlínis orðnir eini mögulegi lánveitandinn.“ - msh

Kominn aftur í vatnið

„Ég þekki vatnið vel,“ segir Stefán Á. Magnússon, nýráðinn framkvæmdastjóri fjármálasviðs Icelandic Water Holdings.

Fyrirtækið framleiðir átappað vatn á flöskum í Hlíðarenda í Ölfusi undir merkjum Icelandic Glacial en bandaríski drykkjavörurisinn Anheuser Busch á tutugu prósent í fyrirtækinu.

Fyrirtækið vígði nýtt fram-

leiðsluhúsnæði þar á föstudag en stefnt er að því að flytja þangað alla starfsemina hér á landi.

Stefán fer austur fyrir fjall frá Eimskipafélaginu, en hann var aðstoðarforstjóri samstæðunnar og framkvæmdastjóri fjármálasviðs í sex ár. Þaðan ákvað hann að hverfa á braut í maí þegar Gylfi Magnússon settist í forstjórstólinn.



STEFÁN Á. MAGNÚSSON

aftur til vatnsins.

Áður en Stefán kom til Eimskips var hann fjármálastjóri Þórsbrunnns, sem framleiðir vatn, undir merkjum Iceland Spring, til tveggja ára og má því segja að hann hafi snúið - jeb

network

enterprise europe

European Commission
Enterprise and Industry

enterprise europe network
Abtoto til oranges

Leiðum saman þekkingu, tækni og fólk!

Enterprise Europe Network á Íslandi verður opnað föstudaginn **10. október kl. 14:30-16:00** í húsakynnum Útflutningsráðs að Borgartúni 35, 6. hæð.

Evrópumiðstöð Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands, **Rannís** og **Útflutningsráð** standa að Enterprise Europe Network samstarfsnetinu á Íslandi, en það hefur það að markmiði að styrkja lítil og meðalstór fyrirtæki í Evrópu til nýsköpunar og leiða saman þekkingu, tækni og fólk.

Dagskrá opunarinnar

- Berglind Hallgrímsdóttir framkvæmdastjóri Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands flytur ávarp
- Dr. Þorsteinn Ingi Sigfússon forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands fjallar um orku, tækni og framtíðarsýn
- Dr. Ólafur E. Sigurjónsson fjallar um stofnfrumrannsóknir á Íslandi og Evrópusamstarf
- Samstarfssamningur undirritaður og heimasíða Enterprise Europe Network á Íslandi opnuð.

Allir velkomnir! Nánari upplýsingar og skráning á www.nmi.is/evropumidstod

ICELANDAIR CARGO

LÍTIL GENGISÁHÆTTA

Verðþróun og gengisbreytingar eru þættir sem ráða miklu um afrakstur af viðskiptum. Flugfrakt er hagkvæmur og hraðvirkur flutningsmáti sem opnar þér leið til að minnka viðskiptaáhættu vegna gengisbreytinga.

MIKIL GENGISÁHÆTTA

BEINT FRAKTFLUG - 24 ÁFANGASTAÐIR Í EVRÓPU, BANDARÍKJUNUM OG KANADA.

WWW.ICELANDAIRCARGO.IS

BANKHÓLFID

Innmaturinn klassískur

Forkólfar í íslensku efnahags- og viðskiptalífi ættu að taka sér einn af forstjórum smærri fjármálafyrirtækjanna til fyrirmyndar. Sá snæddi lamba- hjörtu um helgina, fyllt með sveskjum og matreidd með sama sígilda hætti og mæður landsins hafa gert frá næst- síðustu aldamótum. Innmat- ur er næringargóður og ódýr, kostar eitthvað í kringum tvö hundruð krónur kílóíð. Á þessa gæðamáltíð hallaði talsvert í uppsveiflunni þegar fjármála- gúrúarnir dreyptu á dýrustu vínun með einum sveittum og greiddu fúlgur fyrir. Nú þegar uppsveiflan hefur tekið sveig í andstæða átt er ekki úr vegi að dusta rykið af innmatnum og fara í Ámuna.



Gruggug jól

Og talandi um vín. Þeir sem sjá ofsjónum yfir verði á góðu vínu en ætla að spara sér aurinn og leggja í einn eða tvo kúta af heimagerðu léttvíni fyrir jólin eru orðnir of seinir. Þeir sem til þekkja vita að tvo mánuði hið minnsta tekur að búa til eina blöndu af hvít- og rauðvíni úr þeim efnum sem til eru. Vínið þarf svo að liggja í sex til átján mánuði á flöskum áður en það nær þeirri dýpt sem hægt er að kreista úr heimagerðu bruggi. Hinir forsjálu, sem sáu fyrir að krónan myndi hoppa fram af bjargbrúninni nú í haust, hefðu þurft að leggja í í fyrrasumar í fyrsta lagi. Hinir, sem fóru í röðina í Ámunni fyrir helgi, verða að snæða ham- borgarhrygginn með gruggugri léttvins- blöndu beint úr tunnunni á að- fangadag.

Amma gúrú

Hryllingssögur um gjaldþrot og allsherjar eynd kæfa nú allt bjartsýnishjal. En sögur um hversdagshetjur slæðast þó líka með. Ónefnd amma í vest- urbænum keypti evrur fyrir allt sitt sparifé, um það leyti er gengi krónunnar var sem sterk- ast. Tilfinningin og lífsreynslan sagði henni að eitthvað hlyti nú litla krónan að fara að gefa eftir. Og sú tilfinning var því miður ekki byggð á móðursýki. Um nokkurra mánaða skeið, mjaatl- aði konan ráðagóða út aurum handa börnum og barnabörnum. Eftir því sem á leið urðu aurarn- ir að smáfúlgum, enda stefndi krónan í sortann og fjárhagur afkomendanna þyngdist jöfnum takti. Enn plokkar konan krónur af sparifénu án þess að leggja inn. En alltaf á hún jafnmarg- ar krónur.

4,7

prósent er meðalverðbólga innan OECD-rikj- anna í ágúst. Langhæst var hún hér á landi 14,5 prósent, en minnst í Sviss, 2,9 prósent.

50

þúsund pund, eða rúmar átta milljónir króna, er upphæðin sem innlán breskra sparifjáreigenda er tryggð upp að.

200

milljarðar króna er upphæðin sem lífeyrissjóðirnir gætu mögulega losað um í erlendum eignum til styrkingar gjaldeyrisvaraforðanum.

FRÉTTABLAÐIÐ

VESTMANNAEYJAR TIL HAMINGJU

– Fréttablaðið fæst nú á miklu fleiri stöðum í Eyjum

Fréttablaðið hefur stórbætt dreifingu sína í Vestmannaeyjum og nú er hægt að nálgast blaðið viðsvegar um bæinn í þar til gerðum Fréttablaðskössum.

Eyjamenn, látið ekki mest lesna dagblað landsins framhjá ykkur fara!

Til hamingju Vestmannaeyingar.

Fréttablaðskassar

Sunnan við Áshamra 22
Milli Áshamra 27–41
Sunnan við Foldahraun 40
Við Hrauntún 2
Við Höfðaveg 44
Við Bröttugötu 23
Norðan við Höfðaveg 3
Við Fjölugötu 1
Við Birkihlíð 22
Vestan við Helgafellsbraut 15
Vestan við Illugagötu 17
Við Hólagötu 19
Við Búhamra 38–40

Afhent í verslanir

Klettur, Strandvegi
Kráin, Boðaslóð 12
Olís, Græðisbraut 12
Ísjakinn/Bónusvideó, Brimhólabraut 1
Flugkaffi, Vestmanneyjaflugvelli
Toppurinn, Heiðarvegi 10
Tvisturinn, Faxastíg 36
N1 Skýlið, Friðarhöfn
Vöruval, Vesturvegi 18
11/11
Krónan
Herjólfur, ferjan

Einnig bendum við á að hægt er að lesa Fréttablaðið sem pdf inni á visir.is

Nánari upplýsingar færð þú á www.visir.is/dreifing

Óskir þú frekari upplýsinga eða vilt koma á framfæri óskum um uppsetningu Fréttablaðskassa bendum við þér á að hafa samband við Pósthúsið á dreifing@posthusid.is eða í síma: 585-8330.



Allt sem þú þarft...

...alla daga

Hvers vegna PwC?

*connectedthinking

Þekkingarfyrirtæki í fremstu röð á Íslandi og leiðandi á alþjóðavettvangi.


● Endurskoðun ● Fyrirtækjaráðgjöf ● Skatta- og lögræðiráðgjöf

Reykjavík - Akureyri - Húsavík - Selfoss - Reykjanesbær www.pwc.com/is

PRICEWATERHOUSECOOPERS

BONUS BONUS BONUS BONUS

VELJUM ÍSLENSKT!



HJARTASNITSEL MEÐ RASPI

FRÁ KJARNAFÆÐI

Bragðgóður snitsel gerður úr
kryddlegnum lambahjörtum.

20% afsláttur

Merkt verð 499 kr./kg.

ÓTRÚLEGA
ÓDÝRT

398

GRÍSASTRIMLAR ÚR LÆRI

FRÁ KJARNAFÆÐI

1.198 kr./kg.

Merkt verð 1.998 kr./kg.

FRÁBÆRT Í
POTTRÉTTI

**40%
AFSLÁTTUR**

100% ÍSLENSKT
NAUTAKJÖT

**30%
AFSLÁTTUR**

NAUTAGÚLLAS
FERSKVARA
FRÁ KJARNAFÆÐI
1.398 kr./kg.

Merkt verð 1.998 kr./kg.

BONUS

HANGIÁLEGG

1.998

BÓNUS HANGIÁLEGG
FITUMINNA - PAKKAR
10% afsláttur.

Merkt verð 2.220 kr./kg.

KOFAREYKT

NAUTATUNGA

**40%
AFSLÁTTUR**

KOFAREYKT
NAUTATUNGA FRÁ
KJARNAFÆÐI
599 kr./kg.

Merkt verð 998 kr./kg.

**30%
AFSLÁTTUR**

SALTKJÖT BLANDAÐ
ÓDÝRT
FRÁ KJARNAFÆÐI
349 kr./kg.

Merkt verð 499 kr./kg.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: MÁN. - FIM. 12:00-18:30, FÖS. 10:00-19:30, LAU. 10:00-18:00 OG SUN. 12:00-18:00.

JANIS27

ÓLAF HAUK SÍMONARSON

„DÚNDURMÚSÍK“ – P.B.B., FBL.
„STUÐ Í ÓPERUNNI“ – I.P., MBL.
„FRÁBÆR SKEMMTUN“

BRYNDÍS ÁSMUNSDÓTTIR

ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR

FIMMTUDAGUR 9. OKTÓBER KL. 20

LAUGARDAGUR 11. OKTÓBER KL. 20 – ÖRFÁ SÆTI LAUS

FÖSTUDAGUR 17. OKTÓBER KL. 20 – UPPSELT

LAUGARDAGUR 18. OKTÓBER KL. 20

MÍÐASALA Á OPERA.IS, MIDI.IS

OG Í MÍÐASÖLU ÍSLENSKU ÓPERUNNAR.

SÍMI MÍÐASÖLU: 511 4200.

ÍSLENSKA ÓPERAN

WWW.OPERA.IS



NOKKUR ORÐ
Alma Guðmundsdóttir

Áhyggjulaus börn?

Ég er ein af þeim sem tóku erlend lán fyrir húsbyggingu rétt áður en kreppan skall á. Á þeim tíma virtist það vera skynsamlegast og frá fyrsta degi borgaði ég samviskusamlega af láninu. Smám saman fóru afborganirnar svo að hækka með tilheyrandi áhyggjum þangað til um síðustu mánaðamót, þá urðu þær eiginlega óviðráðanlega háar.



Óhjákvæmilega fór ég að velta fyrir mér hvernig manni liði í dag ef maður hefði ekki tekið lán. Ég fór að öfunda fólk í þeim sporum og krakka sem léku sér saklaus úti á leikvelli. Ég hugsaði til þess tíma þegar maður var barn og hvernig það var að vera nokkuð ábyrgðarlaus, en ég man ekki eftir því að hafa nokkurn tíma verið áhyggjulaus.

Litla frænka mín kom í

heimsókn um daginn þegar prófanirnar á öreindahraðlinum voru að hefjast og fór að tala um heimsendi. Skólafélagar hennar höfðu rætt það sín á milli og það komst fátt annað að hjá henni en ótti við endalokin. Á meðan við reyndum að tala um fyrir henni rifjaðist upp fyrir mér hvernig það var að hafa áhyggjur sem barn. Ég óttaðist að missa foreldra mína, týnast eða að eitthvað hræðilegt kæmi fyrir fjölskylduna mína. Þetta voru mér þungbærar áhyggjur á sínum tíma líkt og áhyggjur mínar nú, bara öðruvísi. Ég get því ekki sagt að ég óski þess að vera barn í dag og þurfa ekki að takast á við afborganir og skuldir, því ég veit að það hefði valdið mér miklu hugarangri að fá veður af ástandinu sem nú ríkir og hafa ekki fullan skilning á því. Börn eiga ekki að þurfa að hafa áhyggjur af peningum og ég vona svo sannarlega að það verði ekki næsta áhyggjuefni litlu frænku.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Þjóðin veit hvað hún vill

Það mælist í tugum þúsunda hvað miklu fleiri lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið og 24 stundir

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sína eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum rifandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.



Meðallustur á tölublað m.v. allt landið, 12–54 ára. Könnun Capacent í maí–júlí 2008.

VÍSIR.IS
“...ég sá það á vísi”

>BEYGIR SIG EKKI

Rapparinn Kanye West segist ekki ætla að biðjast afsökunar á slagsmálum sínum við papparassa í síðasta mánuði á flugvelli- um í Los Angeles. Þess í stað hefur hann beðið starfsstéttina um að láta sig bara algjörlega í friði því hann muni ekki hika við að beita fyrir sig hnefanum á nýjan leik.

fólk

folk@frettabladid.is



Stappa stálinu í fólk á samstöðutónleikum

Bubbi Morthens og hljómsveit ásamt Buffinu spilar á Austurvelli í hádeginu í dag. Ný dönsk og Sprengjuhöllin sem auglýstar voru á mánudaginn hafa afboðað komu sína. Líklegast bætast einhverjir tónlistamenn í hópinn.

„Við erum ekki að mótmæla einu né neinu,“ segir Hannes Heimir Friðbjarnarson, trommari Buffins. „Það eru aðrir betur til þess fallnir að mótmæla en við. Við

BUBBI ER ÞJÓÐARSÁLIN Allir á Austurvöll í hádeginu!



erum skemmtikraftar og ætlum bara að reyna að lyfta brúninni hjá þjóðinni. Við viljum líka ýta undir með samstöðu og sátt. Það er okkar framlag.“

Bubbi dregur svo auðvitað vagninn og mun eflaust senda vel völdum aðilum tóninn auk þess að ná upp stemningu og samhug. „Við hlökkum til að sjá sem flesta,“ segir Páll Eyjólfsson, umboðsmaður Bubba. „Margir hafa lagt okkur lið og við lítum á þetta sem samstöðutónleika fyrst og fremst.



HANNES HEIMIR TROMMARI BUFFINS Vilja ýta undir með samstöðu og sátt.

Það verður rafmagn og það verður spilað á sviðsvagni. Það þarf að stappa stálinu í fólk.“

Uppákoman hefst á Austurvelli kl. 12 á hádegis í dag.

- drg



HVAR ER MJALLHVÍT? Hljómsveitin Hvar er Mjallhvít? heldur útgáfutónleika í Iðnó á fimmtudagskvöld.

Mjallhvít og Rúnar á svið

Hljómsveitin Hvar er Mjallhvít? heldur útgáfutónleika í Iðnó á fimmtudagskvöld til að kynna sína fyrstu plötu. Ýmsir gestir koma við sögu á tónleikunum, þar á meðal goðsögnin Rúnar Júlíusson, sem mun taka lagið. Hann hefur áður sungið með hljómsveitinni, auk þess sem plata hennar var einmitt gefin út af útgáfufyrirtæki Rúnars, Geimsteini.

Hvar er Mjallhvít?, sem var stofnuð um jólin 2004, er skipuð þremur strákum úr Reykjavík. Hljómsveitin hefur spilað á böllum og í hinum ýmsu veislum við góðan orðstír og ætlar sér að halda því áfram í framtíðinni. Iðnó verður opnað klukkan 20 og er miðaverð á tónleikana 1.000 krónur.

Börnín bjarga Beckham

Frægustu og mest áreittu hjón veraldar eru að öllum líkindum David og Victoria Beckham. Knattspyrnuhetjan hefur nú ljóstrað upp um leyndarmálið á bak við hjónabandið sem hefur þurft að þola meiri umfjöllun en mörg önnur pör.

„Við erum undir töluverðri pressu sem par og ég segi það alveg satt,“ sagði David við glanstímaritið OK!. „En það að hafa börnin í kringum okkur léttir lífið töluvert og auðveldar það til muna að standast þetta álag,“ bætti hann við. David og Victoria hafa fengið að súpa af ofurtollum frægðarinnar og er skemmst að minnst fjölmiðlafársins í Bandaríkjunum þegar fyrrum landsliðsfyrirliðinn skrifaði



BJARGVÆTTIRNIR Börnin þeirra þrjú eru bjargvættir þeirra hjóna og bros drenginna kemur þeim alltaf í gott skap.



HAFI SÍN RÁÐ David og Victoria hafa mátt þola erfiðleika í sínu sambandi en hafa ráð til að takast á við þau.

undir samning við LA Galaxy. Ljósmyndarar fylgdu hjónakornunum þá við hvert fótmál og Victoria mátti varla skreppa út í búð án þess að búðarferðin rataði á forsiður blaðanna. Þá varð uppi fótur og fit þegar upp komst um næturgaman David með Rebecca Loos en þá töldu margir að þessu traustasta hjónabandi afþreyingariðnaðarins væri endanlega lokið.

En svo er nú aldeilis ekki og David segir þau hafa sín ráð til að takast á við vandamálin án þess að fara út í þá sálma nánar.

„En þegar öllu er á botninn hvolft eru það synirnir og bros þeirra sem heldur okkur gangandi þegar erfiðir dagar eru að baki.“

David vendir síðan kvæði sínu í kross þegar hann er spurður hvað hafi fyrst heillað hann við Victoríu og það stendur ekki á svarinu. „Fótleggirnir. Ekki spurning. Þegar Spice Girls voru að byrja var ég spurður hver væri uppáhalds-kryddpían mín og ég sagði alltaf: Þessi með flottu fótleggina. Og það er ekkert launungarmál, hún er með frábæra fótleggi.“

Októberfest í fimmta sinn

Októberfest verður haldin í fimmta sinn á lóð Háskóla Íslands frá fimmtudegi til laugardags. Hátíðin hefur aldrei verið stærri og hefur Stúdentaráð fengið viðburðafyrirtækið Am Events sér til aðstoðar við að gera hátíðina sem glæsilegasta þetta árið. Tveimur risatjóldum hefur verið bætt við hið hefðbundna tjald hátíðarinnar og þar að auki verða haldnir stórtónleikar á laugardegnum. Þar koma fram Mugison, Dikta, Who Knew, Mammút og Agent Fresco.

Þýskt þema verður á hátíðinni og verður meðal annars keppt í þýskri búningakeppni, horft á þýskt sjónvarpsefni og drukkið úr stígvéli.



MAMMÚT Hljómsveitin Mammút spilar á Októberfest á lóð Háskóla Íslands.

Dagvaktin sýnd í kvikmyndahúsi

„Það er hellingur af fólki sem er ekki með áskrift að Stöð 2 og langar til að sjá þættina. Og við viljum bara bjóða því að sjá þá í bestu mögulegu gæðum,“ segir Jón Gunnar Geirdal, markaðsstjóri Senu. En fyrstu þrír þættirnir af Dagvaktinni verða teknar til sýningar í Smárabíói í dag og á fimmtudag. Þættirnir hafa, eins og við mátti búast, slegið rækilega í gegn hjá tæplega helming þjóðarinnar og nú geta aðdáendur séð ævintýri þeirra Ólafs, Daniels, Georgs og frú Gúggú á breiðtjaldi. „Þetta er í fyrsta skipti sem þetta er gert og við búumst við góðum viðtökum,“ bætir Jón Gunnar við.

„Þú segir mér fréttir, þetta er áhugavert,“ segir Ragnar Bragason, leikstjóri Dagvaktarinnar. „Ég mun ekki láta mig vanta,“ bætir hann við og segir að þjóðinni veiti víst ekki af smá gamanmálum á þessum síðustu og verstu tímum.


En sýningarnar vekja jafnframt upp spurningar um hvort ekki liggi beinast við að fara út í gerð kvikmynda í fullri lengd. Vinsældir þáttanna eru slíkar að það hlýtur að vera nánast gulltryggt að kvikmyndin myndi slá í gegn. Fyrir því eru dæmi utan úr heimi að hetjur séu hreinlega



Á BREIÐTJALD Fyrstu þrír þættirnir af Dagvaktinni verða sýndir í Smárabíói í dag og á morgun. Leikstjórinn Ragnar segir það vel koma til greina að gera bíómynd um Georg, Daniel og Ólaf Ragnar.

reistar upp frá dauðum ef kvikmyndin reynist mala gull. Leikarar Dagvaktarinnar hafa tekið það skýrt fram við vinnslu þáttanna að þetta sé síðasta serían en leikstjórinn viðurkennir að það sé alveg inni í myndinni að gera kvikmynd. „Við höfum alveg rætt það okkar á milli og gerðum það áður en vinnan við Dagvaktina hófst. Auðvitað væri gaman að heimsækja þessa gaura eða einhvern af þeim aftur í nánustu framtíð en þetta er ekki eitthvað sem er alveg á dagskrá næst,“ segir Ragnar sem hefur nýlengi við að klippa síðasta þáttinn og nú tekur við vinnsla við hljóð og önnur tæknileg atriði.

- fgg



NÍU GÓÐIR MÁNUÐIR

Í þessa fallegu bók geta verðandi mæður skráð hugleiðingar sínar frá því að nýtt líf kviknar svo allt sé til reiðu þegar barnið fæðist. Bókin er prýdd óviðjafnanlegum ljósmyndum Anne Geddes af ungbörnum.

Tilvalin gjöf handa barnshafandi konu.

JPV ÚTGÁFA www.forlagid.is



Menn helstu oft út blóði fyrr



LEIKLIST Herra og frú Makbeð á trúnó. Stefán Hallur og Vigdís Hrefna.

Það er sláurtíð. Viða er verið að taka slátur á íslenskum heimi-um. Á Smíðaverkstæði Þjóðleik-hússins er einnig heilmikil slátur-tíð. Þar hnoða samkvæmisklæddir leikarar texta Shakespeares í þýðingu Matthíasar Jochumsson-ar um Macbeth og valdarán hans.

Sverðin víkja fyrir blóðdunkum sláturhúsanna og tengslin við söguna víkja fyrir effektum.

Splash splash, blóðið slettist og slettist og áhorfendur fylgjast með því hvernig blóðbrúsar tæmast og hver þrúðbúinn gestur situr með hvíta plastsvuntu til þess að koma í veg fyrir að valdaránsgusurnar sprautist yfir frumsýningarklæðin.

Um hvað fjallaði þessi sýning? Hvað var þessi sýning? Ætli það sé ekki óhætt að segja að hún hafi verið hópverkefni ungra leikara sem fengu tækifæri til þess að leika sér með eitt frægasta leikrit veraldarsögunnar og það er í sjálfu sér af hinu góða. Þegar verið er að gera tilraunir og blanda og mixa gleymist stundum að heildarútkoman á að koma fyrir sjónir almennings. Þetta er ekki bara leikslettugeim þeirra sem taka þátt í tilrauninni.

Textinn er fallegur, margræður, flókin og lýriskur og grundvallaratriðið er að skilja hann og njóta hans til þess að hann komist til skila.

Macbeth hefur víða lent í tilraunabúðum eins og til dæmis 1924 þegar leikarar í Úkraínu undir leikstjórnum mjög umdeilds leikstjóra, Les Kurbas, hentu öllum gildum á grænu sviði gert úr dúkum svipuðum þeim og breiddir eru yfir spýtnarusl og einmitt þar var dyraverði breytt í hirðöffl sem hér var örlítill vísun í. Ungir þeldökkir leikarar í New York 1936 fengu sömuleiðis tækifæri til að spreyta sig á tilrauna- verkefni byggt á hinum klassíska Macbeth þegar hinn kornungi Orson Wells réðist að verkinu með atvinnulausum listamönnum og var umhverfið Haítí. Hvert er umhverfið hér? Svart/hvitt vídeó með rauðum slettum, eða kannski skýrasti frásagnarmáti nútímans, hrár einfaldur krimmi án undir- texta.

Eins og gefur að skilja hafa uppsetningar á Macbeth verð nær eins margbreytilegar og þær eru margar og hljóta nú að skipta þúsundum því leikritið er fyrst sett upp árið 1606 og það var nú aldeilis ekki í gær þótt listamenn nútímans hafi stundum ekki minni til úrvinnslu nema síðan í gær.

Nú lifum við í allsnægtum sem
góðarið gaf okkur en á hverjum
klukkutíma berast okkur nýjar og
nýjar fréttir af fyrrum vígtönn-
um sem búið er að draga úr
lygaskoltum og liggja blóðugar

fyrir framan glansandi banka-
hallir víðs vegar um álfuna.

Öil okkar ógæfa nú byggist á nákvæmlega því sama og örlög Macbeths, það er „mikill vill meira“. Sú leið sem leikararnir ungu fóru til þess að vinna með meistaraverkið fer líklega í taugarnar á mörgum því tækifærið var svo stórt og gott til þess að nýta þennan stórkostlega efnið. Hér er flisjað og hér er skrátt. Laðfin sjálf hvorki hékk né laðfin því hlutverk hennar var svo útpynt og óskýrt og það er kannski svoltitíð flókið að skilja þessa demókratísku leikstjórnaraðferð þegar niðurstaðan verður að aðeins ein persóna er skýr, það er Macbeth sjálfur. Hópurinn velur að stríka út þann hluta verksins sem er í upphaldi hjá mörgum, það er þegar Lady Macbeth gengur í svefni og afhjúpar þar með gjörðir sínar og eiginmannsins. Sömuðeðis velja leikarar hér að fórnar norrunum og er það skiljanlegt miðað við uppfærsluna, reyndar fékk dyraðörðurinn nokkrar setningar frá þeim sem kom eins og eðlileg opnun eða lykill að þessum lestrarmátaverksins. Enginn nennir að hoppa um á sokkabuxum með fjáðir í flauelshöttum. Hvernig á þá eiginlega að láta þetta fólk vera klætt til þess að valdabaráttan geti átt sér stað í nútímanum eða engum tíma? Jú, svörtu leiðinlegu jakkafötin, hvort heldur þau heita smóking eða kjólfótt eða stakur jakki og dressmannbuxur auk dragtanna eru valin, kannski til þess að passa á árshátíð þar sem hægt er að niðurlægja einkaritaran í óþægilegri stuttri dragt.

Fléttugreiðsla Lady Macbeth
leiðir hugann til þriðja ríkisins og
þeirra kvenna sem þar pinnstífar
aðallega í amerískum bíómynd-
um lifðu tilfinningalausar liggj-
andi undir yfirmönnum. Í þessari
blóðugu mynd skiluðu leikarar
sinni vinnu vel og þeir sem eru

Coldplay sigursæl

Hljómsveitin Coldplay vann tvenn verðlaun á Q-hátíðinni í London, þar á meðal fyrir plötu ársins, Viva La Vida or Death And All His Friends. Einnig var Coldplay valin besta hljómsveitin í heiminum í



NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

fékk verðlaun fyrir besta lagið, Spiralling. David Gilmour úr Pink Floyd fékk heiðursverðlaun fyrir framlag sitt til tónlistarheimsins. Tíleiknaði hann látnum félagan sínum, Richard Wright, verðlaunin og bað fólk um að rísa úr sætum og skála fyrir honum. Hljóm-sveitin The Last Shadow Puppets, með Alex Turner úr Arctic Monkeys innanborðs, var síðan valin besti nýliðinn.

Spila með hetjunum

Aðdáendum The Rolling Stones, Bítlanna, Beach Boys og Pink Floyd gefst í nóvember sjaldgæft tækifæri til að spila með hetjunum sínum á rokknámskeiði á Englandi.



BILL WYMAN Fyrrverandi bassaleikari Rolling Stones verður leiðbeinandi á rokknámskeiði í London.

Námskeiðið stendur yfir í viku og hefst í Abbey Road-hljóðverinu í London, þar sem Bítlanir tóku upp sínar plötur. Á meðal leiðbeinenda þar verða Bill Wyman, fyrrverandi bassaleikari Rolling Stones, og Nick Mason úr Pink Floyd. Einnig munu Jeffrey Froskett og Kip Winger úr Beach Boys koma með fróðleiksmola. Eftir tímann í Abbey Road er förlinni heitið á Cavern-klúbbinn í Liverpool þar sem aðaddendum gefst tækifæri til að spila með Pete Best, fyrsta trommara Bítlanna.

Leitin að ómögulegum draumi

Kvikmyndin um drottninguna Raquelu verður loksins frumsýnd hér á landi um helgina eftir að hafa farið sigurför um heiminn. Leikstjórinn Ólafur Jóhannesson segir líf stelpustráka einkennast af leitinni að hinu ómögulega.

Fyrir tveimur og hálfu ári hringdi Fréttablaðið í Ólaf Jóhannsson vegna fréttar um Mike Stone, en sá er hálfbróðir leikkonunnar Sharon Stone, margreyndur kungfu-kappi auk þess sem hann hafði gerst svo frægur að stinga undan Elvis Presley. Ólafur hafði, samkvæmt heimildum blaðsins, komist í tæri við hann og langaði til að festa sögu hans á filmu. Ólafur hafði lítið að segja um þá mynd en bætti því við að hann væri að vinna að annarri kvikmynd. Hann hefði nefnilega komist í tæri við stelpustráka á Filippseyjum og ætlaði sér að gera heimildarmynd um þá. Síðan þessu símtali var slitið hefur mikið vatn runnið til sjávar og drottningin Raquela birtist nú íslenskum kvikmyndaunnendum ljóslifandi á hvíta tjaldu.

Ólafur er nýkominn heim til Íslands úr löngu frí og þegar hann er beðinn um að rifja upp hvernig sagan af Raquelu varð til tekur hann sér drygklanga stund til að rifja þá sögu upp. „Þetta er samt sáræinfalt. Ég var á kvikmyndahátíð í Berlín fyrir þremur árum og komst þar í kynni við þrjá Filippseyinga. Mér var sagt að það væri næstum ómögulegt að gera kvikmynd þar og tók þeim yfirlýsingum auðvitað sem áskorun. Sagðist bara ætla að mæta og gera kvikmynd, sama hvað tautar



KVEÐUR RAQUELA Ólafur hefur kvatt Raquelu í bili og hyggst næst gera rammíslenska kvikmynd, með íslenskri sögu, í Búdardal.

og raular,“ segir Ólafur. „Þegar ég var loks kominn þangað og rölti um hverfin rakst ég á stelpustráka sem ég hafði haft spurnir af og heimur þeirra heillaði mig svo að ég ákvað að þetta skyldi vera viðfangsefnið,“ útskýrir Ólafur.

Heimur stelpustráka er kannski meira „hryllilega“ heillandi. Þetta er utangarðshópur sem fær hvergi vinnu nema við vændi eða klámbransann. „Þeir þrjá allra heitast samband við gagnkynhneigðan karlmann, eitthvað sem er svo fjarlægt og ómögulegt. Þær standa samt bara á götum úti, með sitt tyggjó í Paris Hilton-fötunum sínum og er alveg sama hvort heimurinn sé að springa fyrir aftan þær eða ekki. En síðan bankar raunveruleikinn alltaf upp á, klámvæðingin og vændið, og neyðir þær til að horfast í augu við staðreyndirnar,“ útskýrir leikstjórinn.

Raquela hefur ekki farið varhluta af kláminu þótt búið sé að mestu að eyða fortíð hennar í netklámbransanum. „Hún er hins vegar bara föst á Filippseyjum, situr bara við netið og reynir að höstla einhverja stráka. Hún á erfitt með að ferðast en við höfum samt alltaf reynt að setja það sem skilyrði þegar okkur er boðið á erlendar kvikmyndahátíðir að hún fái líka boðskort. Henni hefur hins vegar aðeins tekist að mæta á eina,“ segir Ólafur sem heldur þó góðu sambandi við Raquelu og vinkonur hennar.

Ólafur er ekki þekktur fyrir að sitja með hendur í skauti og segir að eftir gott frí sé hann byrjaður að vinna að næsta verkefni. Þar mun hann hins vegar halda sig á Íslandi, nánar tiltekið á æskuslóðum sínum í Búdardal. „Þetta á bara að vera rammíslensk kvikmynd með íslenskri sögu.“

freyrgigia@frettabladid.is

Tenór á túr

Leikverk Guðmundar Ólafssonar, Tenórinn, var frumsýnd á Berjadögum norður í Ólafsfirði í ágúst 2003 og þá um haustið í Íðónó þar sem sýningin var á fjölonum í tvö ár. Hún var tekin upp haustið 2006 og leikin í Freyvangi í Eyjafjarðarsveit fyrir troðfullu húsi.

Sýningin hlaut mikið lof gagnrýnenda sem sögðu meðal annars að „lafhægt væri að pissa á sig af hlátri“ og ekki voru viðtökur áhorfenda síðri.

Nú er Guðmundur aftur kominn á kreik og sækir austur á land með tenórinn viðkvæma eða eins og segir í fréttatilkynningu: „Nú er söngvarinn enn og aftur búinn að ræskja úr sér sumarleyfishæsi og grillbrækju og hefur ákveðið að slíta sig frá stanslausum og innihaldssnauðum slímusetum á kaffihúsum höfuðborgarinnar og ætlar að fara út á landsbyggðina til að leyfa fólkinu þar að njóta göfugrar listar sinnar og gefa þar með sífelldu tali um kreppu, lánsfjár-



TENÓRINN Guðmundur Ólafsson í hlutverki sínu.

örðugleika, skuldtryggingaálag og slæma stöðu fjármálafyrirtækja hérlandis sem erlendis langt nef.“

Leikstjóri er Oddur Bjarni Þorkeks, Guðmundur Ólafsson er tenórinn og undirleikarann leikur Sigursveinn Kr. Magnússon. Sýningar verða á eftirtöldum stöðum: 9. október í Valaskjálfi á Egilsstöðum, 10. október í Miklagarði í Vopnafirði, 11. október í Samkomuhúsinu á Húsavík og loks 12. október í Skjólbrekku í Mývatnssveit.

Spila í Eyjum

Hljómsveitin Mezzoforte heldur tónleika í Höllinni í Vestmannaeyjum á fimmtudag. Sveitin ætlar jafnframt að leggja drög að plötu í nýju hljóðveri í Vestmannaeyjum, Island Studios.

Í dag skipa Mezzoforte þrír af fjórum upprunalegum meðlimum hljómsveitarinnar, þeir Eyþór Gunnarsson, Jóhann Ásmundsson og Gunnlaugur Briem. Með þeim spila einnig þeir Óskar Guðjónsson, Sebastian Studnitzky og Bruno Mueller. Tónleikarnir í Höllinni hefjast klukkan 21 og er miðaverð 2.500 krónur. Pakkaferðir verða í boði



MEZZOFORTE Hljómsveitin Mezzoforte heldur tónleika í Höllinni í Vestmannaeyjum á fimmtudag.

á tónleikana á vegum Flugfélags Íslands.

LAGERSALA

ÚTIVISTARFATNAÐUR 50-70%

GÖNGUSKÓR 50-70%

SKÍÐA OG BRETTAVÖRUR 30-70%

VEIÐIVÖRUR 35-50%

BAKPOKAR OG SVEFNPOKAR 35-50%

VETRARFATNAÐUR 50%


STENDUR AÐEINS Í NOKKRA DAGA

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

> Sameiningarhugur í Fjölni og Fram

Í fréttatilkynningu á heimasíðu Fram er greint frá því að formenn Ungmennafélags Fjölnis og knattspyrnufélags Fram hafi lagt fram tillögu um að vinnuhópur verði skipaður til þess að skoða möguleika á samruna félaganna í eitt öflugt ungmennta- og íþróttafélag. Tillaga formanna var samþykkt samhljóma í aðalstjórnnum beggja félaga. Vinnuhópurinn mun setja saman viljayfirlýsingu um samruna, sem verður lögð fyrir aðalstjórnir félaganna til samþykktar að viku liðinni. Breytt landslag í efnahagslífinu er ástæða þess að formennirnir vildu skoða þennan möguleika.

sport
sport@frettabladid.is



VARNARJAXLINN HERMANN HREIÐARSSON: ER ÓSÁTTUR VIÐ SKORT Á TÆKIFÆRUM HJÁ PORTSMOUTH

Hef ekki áhuga á því að vera einhver klappstýra

Landsliðsfyrirliðinn Hermann Hreiðarsson hefur lítið fengið að spreyta sig með Portsmouth á þessari leiktid en hann var einn af lykilmönnum félagsins í fyrra þegar Portsmouth endaði í áttunda sæti í ensku úrvalsdeildinni og vann FA-bikarinn. Hermann er óvanur að vera í þessari stöðu, að vera ekki í byrjunarliðinu, því fyrir yfirstandandi keppnistímabil var Eyjapeyinn búinn að leika 425 leiki af 438 leikjum sínum í öllum keppnum með Crystal Palace, Brentford, Wimbledon, Ipswich, Charlton og Portsmouth í byrjunarliðinu. Af þeim leikjum sem Hermann lék á árunum 1997-2008 var hann sem sagt í 97% tilfella í byrjunarliðinu.

„Ég hef alltaf verið byrjunarliðsmaður hjá þeim félögum sem ég hef verið hjá og ég er því óvanur þessari stöðu sem upp er komin og ég kann henni satt best að segja ekki vel. Ef heldur sem horfir mun ég klárlega skoða mín mál þegar félagsskiptaglugginn opnar í janúar og sjá til hvað verður í boði. Ég verð að



gera það því ég vil spila fótbolta og hef ekki áhuga á því að vera bara einhver klappstýra,” segir Hermann á léttum nótum.

Harry Redknapp, knattspyrnustjóri Portsmouth, fékk til félagsins vinstri bakverðina Armand Traoré og Nadir Belhadj að láni fyrir tímabilið og þeir hafa verið framar en Hermann í goggunar-röðinni til þessa.

„Redknapp eyddi peningum til þess að fá nýja leikmenn til félagsins og hann verður náttúrliga að réttlæta það með því að spila þeim og þannig er það nú bara. Þetta eru annars mjög góðir leikmenn, sóknarfarir, litlir og snaggarlegir og talsvert ólíkir mér og það er ekkert út á það að setja. Það hefur því ekkert komið uppá á milli mín og Redknapp og svona er boltinn bara,” segir Hermann.

Hermann er samningsbundinn Portsmouth til loka yfirstandandi keppnistímabils en búast má við því að mörg félög í efstu tveimur deildunum á Englandi muni verða á varðbergi ef hann hugsar sér til hreyfings í janúar.

Fleiri munu fylgja í kjölfarið

Stjórn körfuknattleiksdeildar Snæfells hefur sagt upp samningi við erlendan þjálfara liðsins og alla erlendu leikmenn liðsins. Formaður deildarinnar spáir því að fleiri lið fari sömu leið fljótlega. Hlynur Bæringsson og Sigurður Þorvaldsson hafa tekið við þjálfun liðsins. Þeir fá ekki greitt aukalega fyrir þjálfunina.

KÖRFUBOLTI Stjórn körfuknattleiksdeildar Snæfells greip til þess ráðs á mánudagskvöldið að segja upp samningum við erlenda leikmenn liðsins sem og þjálfarann sem einnig er erlendur. Sæþór Borgþórsson, formaður körfuknattleiksdeildarinnar, segir félagið ekki hafa átt annarra kosta völ í stöðunni.

„Þetta var gert af nauðsyn. Við fáum ekki þá peninga inn núna sem við höfum verið að fá og það mun ekki gerast. Menn munu ekki taka upp veskið. Við erum því að róa lífróður og fyrirtæki geta ekki styrkt okkur í þessu árferði. Það er því betra að takast á við raunveruleikann strax í stað þess að fara með reksturinn í óefni. Það er óábyrgt að taka ekki í taumana,” sagði Sæþór en körfuknattleiksdeildin hefur stólað á styrki frá fyrirtækjum og einstaklingum til að halda rekstrinum gangandi en þá peninga vantar í starfið núna.

„Hvorki við né önnur félög eiga neina sjóði til að leita í. Við getum keyrt á ákveðnum lágmarkspeningum en meira er ekki í boði. Þetta er mjög erfið staða. Útlendingarnir voru að fá greitt í erlendri mynt og það er bara ekki hægt að gera slíka samninga lengur,” sagði

Sæþór en hann segir gengisþróunina einnig hafa gert það að verkum að menn væru komnir yfir launabakið. „Það var löngu sprungið hjá öllum. Það er ekkert eðlilegt við þetta ástand.“

Sæþór hefur fengið leikmenn félagsins, þá Hlyn Bæringsson og Sigurður Þorvaldsson, til þess að stýra liðinu. Það munu þeir gera á meðan ekki finnst annar maður á viðráðanlegum launum í starfið. Sá maður er ekki í sjónmáli sem stendur. Hólmarar munu einnig herja á fyrrum leikmenn liðsins til þess að taka slaginn. Til að mynda verður reynt að fá Magna Hafsteinsson til þess að spila sem fyrst en hann ætlaði ekki að vera með fyrr en eftir áramót þar sem hann er í lögregluskólanum. Einnig mun Snæfell leita til manna á borð við Helga Reyni Guðmundsson og fleiri sem hafa leikið áður með liðinu.

„Eins og planið er í dag höfum við hreinlega ekki efni á nýjum þjálfara. Við eyðum ekki peningum sem við eigum ekki. Það verður þó að skýrast betur síðar. Kaupþing er okkar aðalstyrktaraðili og við vitum ekki betur en sá samningur standi. Þeir peningar eru í raun þeir einu sem við höfum,” sagði Sæþór.

Hlynur Bæringsson, þjálfari og leikmaður Snæfells: Þjálfar Snæfell án greiðslu

KÖRFUBOLTI „Mér skilst að ég sé orðinn þjálfari,” sagði Hlynur Bæringsson, nýráðinn þjálfari Snæfells, léttur.

„Þetta er vonandi tímabundið og við ætlum að reyna að finna mann í þetta. Það eru samt ekki margir sem gera þetta fyrir engan pening. Við ætlum samt að reyna að skrapa saman og athuga hvort við finnum ekki mann á endanum. Ef ekki þá klárum við Siggi [Sigurður Þorvaldsson] þetta bara,” sagði

Hlynur en þeir félagar fá ekkert greitt aukalega fyrir að taka að sér þjálfarastarfið.

„Það er mikið áfall að missa þessa menn og það standa níu strákar eftir og það verður að duga. Nú reynum við að virkja fyrrverandi leikmenn og fá Magna í gang fyrir sunnan. Hver veit nema við fáum Bárð [Eyþórsson] líka til okkar í að taka sín 30-40 skot. Hann má alveg þjálfar Fjölni líka,” sagði Hlynur glettinn að lokum.

- hbg



SPILANDI ÞJÁLFARI Hlynur Bæringsson er óvænt orðinn spilandi þjálfari Snæfells ásamt Sigurði Þorvaldssyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kreppa í handboltanum:

Framarar játa slæma stöðu

HANDBOLTI Handknattleiksdeild Fram hélt fund með leikmönnum sínum á mánudagskvöldið til þess að fara yfir stöðuna sem er ekki góð.

„Þetta var nú enginn neyðarfundur en því er ekki að leynd að staðan hjá okkur er ekki góð og reyndar slæm. Við höfum ekki áhuga á því að fara í einhvern feluleik með þessa hluti og ákváðum því að vera heiðarlegir við leikmenn okkar og láta þá vita um stöðuna,” sagði Hlynur Þrastarson, varaformaður handknattleiksdeildar Fram, en hann segir stöðu mála ekki hafa áhrif á þátttöku liðsins í Evrópukeppni, enn sem komið er hið minnsta, en Framarar fara til Hollands á föstudag og spila þar í Evrópukeppninni á laugardag.

„Það hafa margar forsendur í rekstrinum breyst. Sumir styrktaraðilar farnir og peningar frá öðrum ekki að skila sér. Þetta er frekar erfiðt og við munum fara yfir stöðuna á næstu dögum og athuga hvað við getum gert,” sagði Hlynur.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ætla forráðamenn handknattleiksdeildar Fram að funda með hverjum og einum leikmanni félagsins sérstaklega eftir helgi.

- hbg

KÖRFUBOLTI Svo virðist vera sem flestar, ef ekki allar, körfuknattleiksdeildir liða í Iceland Express-deildinni séu að skoða reksturinn hjá sér þessa dagana. Nú þegar hafa Snæfell, ÍR og Breiðablik ákveðið að tefla ekki fram neinum erlendum leikmanni í vetur og fleiri lið íhuga að fara sömu leið.

Fréttablaðið ræddi við menn frá þeim þrem liðum sem talin eru líklegust til afreka í vetur – KR, Grindavík og Keflavík – og þar virðist vera komin upp ákveðin pattstaða.

Forráðamenn félaganna virðast allir vera að biða eftir næstu skrefum andstæðinganna og ætla ekki að taka ákvarðanir í millitíð-



UGGANDI Forsvarsmenn félaga í Iceland Express-deildinni mættu á fund með KKÍ mánudaginn síðasta. Þeir eru uggrandi yfir stöðu mála og flestir eru jákvæðir fyrir því að vera með „alíslenska“ deild í vetur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

inni. Björn Óli Björgvinsson, formaður körfuknattleiksdeildar Grindavíkur, sagðist þó vera

hlynntur alíslenskrí deild í vetur en sagði kollega sína í Vesturbænum og Keflavík ekki deila skoðun

klár á því að fleiri munu fylgja í kjölfarið. Það er betra að vera skynsamur í vetur og geta staðið í fæturna næsta sumar en að keyra sig í kaf og deyja síðan út,” sagði Sæþór en sú hugmynd var víðruð á fundinum að koma upp heiðursmannasamkomulagi um að öll lið léku án útlendinga en ekki náðist sátt um það.

henry@frettabladid.is

Körfuknattleiksdeildir landsins fara alvarlega yfir stöðu mála í rekstrinum hjá sér þessa dagana:

Pattstaða hjá KR, Grindavík og Keflavík

sinni jafn sterkt. Þó er ekki loka fyrir það skotið að félögin hittist aftur næstkomandi mánudag og reyni að ná einhvers konar heiðursmannasamkomulagi er varðar erlenda leikmenn.

Miðað við samtöl Fréttablaðsins eru flest félögin að berjast við sömu draugana. Fé frá styrktaraðilum, sem áður var hægt að stóla á, er einfaldlega ekki að skila sér í kassann og menn eiga ekki von á að það breytist á næstu misserum. Flest félögin hafa undanfarin ár gert ráð fyrir þessum peningum í fjárhagsáætlunum sínum en núna sé einfaldlega ekki hægt að reikna með þessum peningum.

- hbg

Evrópukeppni félagsliða: Portsmouth mætir AC Milan

FÓTBOLTI Nokkrir stórlaxar voru í pottinum þegar dregið var í riðla í Evrópukeppni félagsliða í gær. Ensku félögin Portsmouth, Aston Villa, Tottenham og Manchester City voru í pottinum. Portsmouth tekur nú þátt í Evrópukeppni í fyrsta skiptið í sögu félagsins og dróst í riðil með stórliðinu AC Milan en dráttinn í heild má sjá hér fyrir neðan. - óþ

EVROPUKEPPNI FELAGSLIDA
A-riðill: Schalke, Paris St. Germain, Man. City, Racing Santander, Twente.
B-riðill: Benfica, Olympiakos, Galatasaray, Hertha Berlin, Matalist Kharkiv.
C-riðill: Sevilla, Stuttgart, Sampdoria, Partizan Belgrad, Standard Liege.
D-riðill: Tottenham, Spartak Moskva, Udinese, Dinamo Zagreb, NEC Nijmegen.
E-riðill: AC Milan, Heerenveen, Braga, Portsmouth, Wolfsburg.
F-riðill: Hamburg, Ajax, Slavia Prag, Aston Villa, MSK Zilina.
G-riðill: Valencia, Club Brugge, Rosenborg, FC Kaupmannahöfn, Saint-Etienne.
H-riðill: CSKA Moskva, Deportivo La Corona, Feyenoord, Nancy, Lech Poznan.



Í DRYKKJUBANNI Stuðningsmenn skoska landsliðsins, Tartan-herinn, verða undir strangri gæslu lögreglunnar í Glasgow um helgina. NORDIC PHOTOS/GETTY

Drykkjubann á Hampden: Söngvatnið tek-ið af Skotunum

FÓTBOLTI Lögregluþyrirvöld í Glasgow hafa gefið út yfirlýsingu þess hljóðandi að tekið verði harkalega á áfengisdrykkju fyrir leik Skotlands og Noregs í undankeppni HM 2010 sem fram fer á Hampden Park um helgina. Stuðningsmenn sem eru annaðhvort „of drukknir“ eða eru með áfengi við hönd fá ekki aðgang að leikvanginum og leigubílstjórar og strætisvagnsbílstjórar verða undir ströngum skipunum frá lögreglunni að leyfa ekki áfenga drykki í farartækjum sínum. „Tartan-herinn hefur getið sér gott orð víðs vegar um heiminn fyrir gleði og vinsamlegheit á leikjum Skotlands og við viljum sjá til þess að drykkjulæti fárra óeirðaseggja skemmi ekki fyrir hinum,“ segir í yfirlýsingu lögreglunnar. - óþ

Hallgrímur bestur á lokasprettinum

Keflvíkingar misstu af Íslandsmeistaratitlinum á síðustu stundu en þeir eiga samt tvo af bestu leikmönnum 16. til 22. umferðar Landsbankadeildar karla. Fréttablaðið skoðaði frammistöðuna í lokahluta mótsins.

FÓTBOLTI Keflvíkingar komu flestum á óvart í sumar, fyrst með því að sanna sig sem alvöru fótbolta-lið sem geti barist um Íslands-meistaratitlinn og svo með því að glutra niður átta stiga forskoti á einni viku og missa af Íslands-meistaratitlinum á síðustu stundu. Frammistaða liðsins var þó heilt yfir frábær í sumar og tveir leikmanna þess eru áberandi þegar síðustu sjö umferðir mótsins eru gerðar upp.

Á reynslu hjá GAIS
Annar miðvarða Keflavíkurliðsins, Hallgrímur Jónasson, er besti leikmaður síðustu sjö umferða Landsbankadeildar karla samkvæmt frammistöðumati íþróttablaðamanna Fréttablaðsins. Frammistaða Húsvíkingsins vakti ekki bara lukku hjá blaðamönnum Fréttablaðsins því þessi 22 ára gamli leikmaður er á leiðinni til reynslu til sænska liðsins GAIS auk þess sem heyrst hefur af áhuga fjölda liða í Landsbankadeildinni um að krækja í kappann fyrir næsta tímabil. Það gæti því orðið erfitt fyrir Keflvíkingsa að halda þessum efnilega og fjölhæfa leikmanni sem getur bæði spilað í vörn og á miðjunni. Hallgrímur lék sex af sjö leikjum Keflavíkur á þessu tímabili, var með 7,50 í meðaleinkunn og fékk aldrei lægra en sjö í einkunn. Hann fékk nánar tiltekið þrjár áttur og þrjár sjöur og var valinn besti maður vallarins í 3-0 sigri Keflavíkur á Grindavík í 18. umferð. Næstu varnarmenn á listanum voru FH-ingurinn Freyr Bjarnason, Framarinn Auðun Helgason og Skagamaðurinn Heimir Einarsson.

Guðmundur bjó mikið til
Guðmundur Steinarsson var hættulegasti sóknarmaðurinn í síðustu sjö umferðunum. Guðmundur Steinarsson úr Keflavík og Haukur Ingi Guðnason úr Fylki eru bestu sóknarmenn lokahlutans hvað varðar einkunnagjöfina en Guðmundur var bæði sá leikmaður sem skoraði flest mörk og lagði upp flest mörk í síðustu sjö umferðum Landsbankadeildarinnar. Nýkrýndur landsliðsmarkvörður, Gunnleifur Gunnleifsson úr HK, varð einn af fimm leikmönnum sem skipa annað sætið en hann er efstur markvarða í einkunnagjöfinni en í öðru sæti er Ómar Jóhannsson, markvörður Keflavíkur. Stefán Logi Magnússon, markvörður KR, var með bestu hlutfallsmarkvörsluna í þessum hluta en hinn ungi markmaður Skagaliðsins, Trausti Sveinbjörns-son, varði aftur á móti flest skot. KR-ingurinn Viktor Bjarki Arnarsson var með bestu meðaleinkunnina af miðjumönnum en skammt á eftir komu þeir Hólmur Órn Rúnarsson úr Keflavík, Davíð



ALDREI UNDIR SJÖ Keflvíkingurinn Hallgrímur Jónasson átti sex góða leiki á lokakafla Landsbankadeildar karla. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



5 MÖRK OG 5 STOÐSENDINGAR Keflvíkingurinn Guðmundur Steinarsson skoraði flest mörk og átti einnig flestar stoðsendingar í síðustu sjö umferðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Þór Viðarsson úr FH, Jónas Guðni Sævarsson úr KR og Halldór Hermann Jónsson úr Fram.

KR með flest stig í lokahlutanum
Bikarmeistarar KR fengu flest stig út úr lokaumferðunum eða 17 af 21 mögulegu stigi. KR-liðið tapaði ekki leik en gerði jafntefli við Keflavík (2-2) og ÍA (0-0). KR-ingar lögðu grunninn að þessu með góðum varnarleik en ekkert lið fékk á sig færri mörk á loka-kaflanum. Valsmenn fengu aðeins átta mörk á sig í síðustu sjö umferðunum en samt fengu aðeins Þróttarar færri stig. Ástæðan liggur í sóknarleik liðsins því Valsmenn skoruðu fæst mörk allra liða í umferðum 16 til 22. Keflvíkingar voru með bestu sóknina þegar litið er á markaskorun en þeir skoruðu 18 mörk í leikjunum sjö eða 2,6 að meðaltali í leik. Keflavíkurliðið skoraði þannig þremur mörkum fleiri en næstu lið sem voru Fjölnir og FH. oo@frettabladid.is

Sóknarleikur Barcelona-liðsins hefur ekki verið betri í upphafi tímabils síðan á leiktíðinni 1981-82: Mun betri með Eiði Smára á vellinum

FÓTBOLTI Sú ákvörðun Josep Guardiola, þjálfara Barcelona, að halda Eiði Smára Guðjohnsen er að borga sig. Þegar tölfraeðin fyrstu leikja tímabilsins í spænsku deildinni og Meistaradeildinni er skoðuð blasa þær tölur við að Barcelona-sóknin er miklu öflugri með Íslendinginn á miðjunni. Barcelona hefur ekki byrjað betur sóknarlega í spænsku deildinni í heil 27 ár, eða síðan í upphafi 1981-82 tímabilsins. Barcelona hefur skorað 18 mörk í fyrstu 6 deildarleikjum sínum og 27 mörk í 10 leikjum sínum að Meistaradeildinni meðtaldri. Innkoma Eiðs Smára Guðjohnsen hefur vakið mikið lof en hann hefur spilað stórt hlutverk í flottum sigrum liðsins að undanförmu.

Eiður Smári var í byrjunarliðinu í 6-1 sigri á Atlético de Madrid en Börsungar skoruðu fimm mörk á fyrstu 28 mínútunum í leiknum. Eiður Smári skoraði fimmta markið þegar hann fylgdi á eftir stangarskoti Andrés Iniesta. Barcelona hefur skorað 11 mörk á þeim 223 mínútum sem Eiður Smári hefur spilað á tímabilinu sem gerir mark á 20,2 mínútna fresti. Markatala liðsins er líka mjög góð með Eið inn á vellinum því liðið hefur fengið fengið á sig tvö mörk á þeim tíma. Barcelona hefur aftur á móti skorað 16 mörk á þeim 667 mínútum sem Eiður Smári hefur verið utan vallar sem gerir mark á 41,7 mínútna fresti eða rúmlegt tvöfalt lengri tíma en það tekur liðið að skora þegar Eiður Smári

spilar. Liðið hefur enn fremur fengið á sig átta mörk þegar liðið hefur spilað „Eiðs-Smára-laust“. Það er því ekki bara sóknin sem er betri með okkar mann í eldlínunni því Barcelona fær á sig mark á 111,5 mínútna fresti þegar Eiður er inn á vellinum en án hans liða aðeins 83,4 mínútna milli marka mótherja Barcelona-liðsins. - óþ

MÍNÚTUR MILLI MARKA
- í fyrstu 10 leikjum tímabilsins

Eiður inn á (223 mínútur)	20,2
Eiður útaf (667 mínútur)	41,7

MÍN. MILLI MARKA MÓTHERJA

Eiður inn á (markatala 11-2)	111,5
Eiður útaf (16-8)	83,4



TVÖ MÖRK Eiður Smári Guðjohnsen hefur þegar skorað tvö mörk fyrir Barcelona á þessu tímabili. NORDICPHOTOS/GETTY

BESTU LEIKMENN 16. TIL 22. UMFERÐAR	
1. Hallgrímur Jónasson, Keflav. 7,50	
2. Gunnleifur Gunnleifsson, HK 7,00	
2. Guðmundur Steinarss., Kef. 7,00	
2. Guðjón Baldvinsson, KR 7,00	
2. Haukur Ingi Guðnason, Fylki 7,00	
2. Freyr Bjarnason, FH 7,00	
7. Auðun Helgason, Fram 6,83	
7. Sínisa Valdimar Kekic, HK 6,83	
9. Víktor Bjarki Arnarsson, KR 6,60	
9. Heimir Einarsson, ÍA 6,60	
11. Hólmur Órn Rúnarsson, Kef. 6,57	
11. Ómar Jóhannsson, Keflavík 6,57	
11. Davíð Þór Viðarsson, FH 6,57	
11. Jónas Guðni Sævarsson, KR 6,57	
11. Halldór H. Jónsson, Fram 6,57	
11. Trausti Sigurbjörnsson, ÍA 6,57	
11. Ingimundur Óskarss., Fylki 6,57	
18. Samuel Lee Tillen, Fram 6,50	
18. Guðmundur Sævarsson, FH 6,50	
18. Helgi Pétur Magnússon, ÍA 6,50	
18. Arnar Gunnlaugsson, ÍA 6,50	
Bestu leikmenn hinna hlutanna:	
1. til 7. umferð	
1. Hólmur Órn Rúnarss., Keflavík 7,00	
2. Guðjón Árni Antoníus., Keflav. 6,86	
3. Guðmundur Steinarss., Keflav. 6,86	
8. til 15. umferð	
1. Auðun Helgason, Fram 7,13	
2. Guðmundur Kristjánss., Breið. 6,88	
2. Jósef Kr. Jósefsson, Grindavík 6,88	
2. Hólmur Órn Rúnarsson, Keflav. 6,88	
TÖLFRÆÐIN Í HLUTANUM	
Besti árangur	
KR 17 stig	
Fram 15	
Keflavík, FH 13	
HK 12	
Grindavík, Fjölnir 10	
Fylkir 8	
Valur, ÍA, Breiðablik 6	
Þróttur 4	
Besta sóknarliðið	
Keflavík 18 mörk skoruð	
Fjölnir, FH 15	
KR 14	
Fram 13	
HK, Breiðablik 11	
Fylkir 8	
Þróttur, ÍA, Grindavík 6	
Valur 5	
Besta varnarliðið	
KR 5 mörk fengin á sig	
Valur 8	
Fram, Keflavík, HK, Grindavík 9	
FH 10	
Fylkir, ÍA 12	
Fjölnir 13	
Breiðablik 14	
Þróttur 18	
Markahæstir	
Guðmundur Steinarss., Keflavík 5	
Guðjón Baldvinsson, KR 4	
Magnús Þorsteinsson, Keflavík 4	
Marel Baldvinsson, Breiðablik 4	
Atli Viðar Björnsson, FH 4	
Ívar Björnsson, Fram 4	
Flestar stoðsendingar	
Guðmundur Steinarsson, Keflavík 5	
Ólafur Páll Snorrason, Fjölni 4	
Tómas Leifsson, Fjölni 4	
Patrik Ted Redo, Keflavík 4	
Scott Ramsay, Grindavík 3	
Joseph Tillen, Fram 3	
Paul McShane, Fram 3	
Haukur Ingi Guðnason, Fylki 3	
Hjálmar Þórarinnsson, Fram 3	
Davíð Þór Viðarsson, FH 3	
Tryggvi Guðmundsson FH 3	

> Tyra Banks

„Elskaðu sjálfan þig þótt þú sért ekki fullkominn. Viðurkenndu galla þína og lærðu að meta þá eins og kostina.“ Tyra Banks leitar að nýrri ofurfyrirsætu í raunveruleikabættinum America's Next Top Model sem sýndur er á Skjáeinum í kvöld.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON OG GAMLA GRÆÐGIN

Lof henni og dýrð ár og síð

Það muna vist fáir eftir frábærum flutningi Michaels Douglas á ræðu í hlutverki verðbréfabraskarans Gekko í Wall Steet, mynd eftir Oliver Stone. Þó mátti rifja hana upp á meðan beðið var eftir þjóð-arávarpi forsætisráðherra á mánudeginum dimma þegar þjóðinni sortnaði loks fyrir augum af sínu kjánalega framferði um nokkurra ára skeið. Hún var á dagskrá á bíorásinni. Svissa mátti milli svikráða Gekkos og huggunarorða Geirs á fjarstýringunni.

Og ef mönnum þótti teygjast á ræðunum mátti bregða sér í vefheima þar sem froðu-fellandi nafnleysingar brutu rúður sér til sjálfsfróunar. Fjölbreytt þrógram við gamalt stef. Í gær hélt svo áfram rönnið, áhlaupið á bankana þar sem koddageymslan var tekin



fram yfir sparireikninginn og örvænting, ótti og heimska réðu för hjá þeim sem tóku allt sitt út.

Það er ekki að sjá að margefld miðlun yfirborðs-kenndra upplýsinga á öllum fjölmiðlum um markaðs- og viðskiptamál hafi skilað sér til lesenda og áhorfenda.

Og nú þegar hefur skipt um í efnahag þjóðarinnar er ef til vill rétt að hinar bólgnu markaðssíður og horn blaða og sjónvarpsþátta dýpki miðlun sína: sparnaðar-hornin verði smíðuð inn í alla þessa peningaumfjöllun og múgafólk verði uppfært um kosti hins smáa, hvernig á að nota afganga og sauma upp. Björn Ingi bakar. Verra er með ráðamenn og fjárglæfrafólin: þau verður að setja á langt námskeið, endurhæfingu og þar dugar líkast til bara kennsluaðferðin maður á mann. Og ekki þýðir að láta sérfræðinga og stjórnendur Seðlabankans kenna í þeim skóla. Þeir eru vanhæfir.

EKKI MISSA AF



► 20.00 Borat STÖÐ 2 BÍÓ



► 20.20 Project Runway STÖÐ 2



► 21.15 Skins STÖÐ 2 EXTRA



► 21.15 Heimkoman (October Road) SJÓNVARPIÐ



► 21.50 How to Look Good Naked SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

- 16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
- 17.20 Tákn málsfréttir
- 17.30 Ofurþjarkinn og apahersveit-in (33:52)
- 17.55 Gurra grís (58:104)
- 18.00 Disneystundin Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Gló magnaða.
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Afríka heillar (Wild at Heart II) (9:10) Breskur myndaflokkur um hjón sem búa ásamt börnum sínum innan um villdyr á sléttum Afríku.
- 20.50 Hvaða Samantha? (Samantha Who?) (10:15) Bandarísk gamanþáttaröð um unga konu sem þjáist af minnisleysi og neyðist til að komast að því hver hún í rauninni er.
- 21.15 Heimkoman (October Road II) (12:19) Bandarísk þáttaröð um ungan skáld-sagnahöfund sem snýr aftur í heimahagana til að styrkja böndin við vini og vandamenn.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.25 Kiljan
- 23.05 Ætt Saddams – Blóðbönd (Saddam's Tribe: Bound By Blood) Leikin bresk sjónvarpsmynd frá 2007 byggð á við-tölum við Raghad Hussein, dóttur einræðis-herans illræmda í Írak. Hér segir af spillingu og svikum og hvernig örlög heillar þjóðar réðust af dyntum einnar fjölskyldu.
- 00.35 Kastljós (e)
- 00.55 Dagskrárlok

BÍÓ

- 08.00 The Truth About Cats and Dogs
- 10.00 Jimmy Neutron: Boy Genius
- 12.00 New Suit
- 14.00 The Truth About Cats and Dogs
- 16.00 Jimmy Neutron: Boy Genius
- 18.00 New Suit
- 20.00 Borat: Cultural Learnings of America for Make Benefit Glorious Nation of Kazakhstan
- 22.00 Kiss Kiss Bang Bang
- 00.00 The People vs. Larry Flynt
- 02.05 The Woodsman
- 04.00 Kiss Kiss Bang Bang
- 06.00 Hollywoodland

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Krakkarnir í næsta húsi, Justice League Unlimited, Tommi og Jenni og Kalli kanína og félagar.
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í fínu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 La Fea Más Bella (165:300)
- 10.15 Grey's Anatomy (10:36)
- 11.10 Hæðin (5:9)
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.35 Neighbours
- 13.00 Sisters (10:28)
- 13.45 Life Begins (2:6)
- 14.35 E.R. (5:25)
- 15.25 Friends
- 15.55 Skrímslaspilið
- 16.18 BeyBlade
- 16.43 Tommi og Jenni
- 17.08 Ruff's Patch
- 17.18 Gulla og grænjaxlarnir
- 17.28 Bold and the Beautiful
- 17.53 Neighbours
- 18.18 Markaðurinn og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.15 Víkingalottó
- 19.20 Veður
- 19.30 The Simpsons (8:22)
- 19.55 Friends (11:25)
- 20.20 Project Runway (6:15) Ofurfyr-sætan Heidi Klum og tiskugúróinn Tim Gunn stjórna hörkuspennandi tiskuhönnunarkeppni þar sem markmiðið er að uppgötva næsta hönnuð í heimi hátískunnar.
- 21.10 Ghost Whisperer (47:62) Melinda Gordon aðstoðar þá sem nýlega hafa horfið á svíplegan hátt yfir móðuna miklu, við að koma mikilvægum skilaboðum til sinna nán-ustu í heimi lífenda.
- 21.55 Oprah
- 22.40 The Murder of Princess Diana
- 00.10 Dagvaktin (3:11)
- 00.40 The Tudors (10:10)
- 01.30 E.R. (5:25)
- 02.15 U.S. Seals 3: Frogmen
- 03.45 Crossing Jordan (15:21)
- 04.30 Pushing Daisies (6:9)
- 05.15 The Simpsons (8:22)
- 05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

- 17.30 Gillette World Sport Fjölbreyttur íþróttabáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.
- 18.00 Spænsku mörkin Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar ásamt þeim Ólafi Kristjánssyni og Heimi Guðjónssyni.
- 18.45 PGA Tour 2008 – Hápunktur Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
- 19.40 Undankeppni HM 2010 Útsend-ing frá leik Noregs og Íslands í undankeppni HM en íslenska liðið sýndi oft og tíðum frá-bæra takta á Ulleval.
- 21.20 Football Rivalries Rígur helstu stórvelda Evrópu skoðaður og að þessu sinni verður Rígur Milan og Inter annars vegar og Lazio og Roma hins vegar krufinn til mergjar.
- 22.15 Ultimate Fighter Mögnuð þátta-röð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC en tveir heimspekkir bardagamenn þjálf-a mennina.
- 23.15 Ultimate Fighter Mögnuð þátta-röð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC en tveir heimspekkir bardagamenn þjálf-a mennina.

SPORT 2 enski boltinn

- 16.50 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Blackburn og Man. Utd. í ensku úr-valsdeildinni.
- 18.30 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hlíðum.
- 19.00 Coca Cola mörkin Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markabætti.
- 19.30 Premier League Review
- 20.25 4 4 2 Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úr-valsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðing-um. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.
- 21.35 Enska úrvalsdeildin
- 23.15 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Chelsea og Aston Villa í ensku úrvals-deildinni. Leikurinn er sýndur beint á Sport 4 kl 13.55.

SKJÁREINN

- 06.00 Óstöðvandi tónlist
- 07.15 Rachael Ray (e)
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Óstöðvandi tónlist
- 16.45 Vörutorg
- 17.45 Dr. Phil Sjónvarpsallfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vanda-mál og gefur góð ráð.
- 18.30 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
- 19.20 Innlit / Útlit (e)
- 20.10 Kitchen Nightmares (7:10) Sebastian's er pitsustaður í stjórnumborginni Los Angeles sem er á síðasta snúningi. Eig-andinn er í draumaheimi og matseðillinn er óskiljanlegur. Tekst Gordon Ramsay að ná eigandanum niður á jörðina og gera staðinn hæfan fyrir stjórnurnar.
- 21.00 America's Next Top Model (2:13) Stúlukumar fjórtán sem komust áfram í gegnum fyrsta niðurskursð flytja inn í lúxus-villu saman. Síðan tekur við fyrsta mynda-takan þar sem þær þurfa að túlka sjóðheit mál úr stjórmaðum og breyta þeim í sjóð-heitari myndir.
- 21.50 How to Look Good Naked (3:8) Bresk þáttaröð þar sem lögulegar línur fá að njóta sín. Konur með alvörubrjóst, mjaðmir og læri hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögulegu línurnar. Núna heimsækir Gok Wan 25 ára ljósmóður með ekkert sjálfálit þrátt fyrir að vera með flott-an vöxt. Hún er smávaxin en kærastinn er höfðinu hærri og henni finnst hún ekki standast hávaxnari stúlkum snúning.
- 22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
- 23.30 Friday Night Lights (e)
- 00.20 Eureka (e)
- 01.10 Vörutorg
- 02.10 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á kfst. fresti til 12.15 daginn eftir.

N4 Sjónvarp Norðurlands Dígítal Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

AMERICAN EXPRESS

LOGI Í BEINNI

Á FÖSTUDAG KL. 19:55

Gestir þáttarins eru: Magnús Scheving
Hanna Birna Kristjánsdóttir
KK

skemmtilegri

Í KVÖLD

STÖÐ 2 EXTRA

Seinfeld kl. 17.00 og 20.00

Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámuna-samur og sérvitur. Sem betur fer á hann góðan vinahóp sem er álíka duttlungafullur og hann sjálfur. Saman lenda þau Jerry, George, Elaine og Kramer oft í afkáraleg-um aðstæðum og taka upp á afar fáránlegum hlutum. Þess má geta að höfundur þáttanna, ásamt Jerry Seinfeld, er Larry David úr Curb Your Enthusiasm.

► VIÐ MÆLUM MED

Kiljan

Sjónvarpið kl. 22.25

Bókabátturinn Kiljan er í umsjón Egils Helgasonar. Í þættinum í kvöld verður meðal annars fjallað um Stein Steinarr en hinn 13. október er liðin ein öld ár frá fæðingu hans. Egill ræðir við Matthías Johannessen sem af núlifandi mönnum þekkti Stein hvað best.

Kolbrún Bergþórs-dóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins og Bragi Kristj-ónsson bóka-kaupmaður segir frá forvitnilegum bókum.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin

06.40 Veðurfregnir

06.50 Bæn

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.30 Fréttayfirlit

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.03 Veðurfregnir

10.13 Brot af eilífðinni

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit

12.02 Hádegisútvarp

12.20 Hádegisfréttir

12.45 Veðurfregnir

13.00 Vít og breitt

14.03 Heimur óperunnar

15.03 Útvarpssagan: Sveigur

15.30 Heimsauga

16.00 Síðdegisfréttir

16.10 Veðurfregnir

16.13 Hlaupanótan

17.03 Víðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.25 Spegillinn

19.00 Endurómur úr Evrópu

20.00 Leynifélagið

20.30 Stefnumót

21.10 Út um græna grundu

22.07 Veðurfregnir

22.12 Orð kvöldsins

22.15 Mitt nafn er Steinn Steinarr, skáld. Ég kvaðst á við fjandann

23.10 Krossgötur

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (32:260) Bresk ungl-ingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.30 Hollyoaks (33:260)

17.00 Seinfeld (23:24)

17.30 Special Unit 2 (19:19)

18.15 Skins (6:10)

19.00 Hollyoaks (32:260)

19.30 Hollyoaks (33:260)

20.00 Seinfeld (23:24)

20.30 Special Unit 2 (19:19) Gaman-samir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af.

► 21.15 Skins (6:10) Átakanleg bresk þáttaröð um unglinga sem reyna að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturfja-neyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.

22.00 Chuck (6:13) Chuck Bartowski er ósköp venjulegur og lífir frekar óspennandi lífi, allt þar til hann opnar tölvupóst með öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.

22.40 Terminator: The Sarah Connor Chronicles (4:9) Spennuþættir sem byggð-ir eru á kvikmyndunum vinsælu um baráttu manna og vélmenna.

23.25 Twenty Four 3 (20:24)

00.10 Tónlistarmyndbönd frá Skíf-unni TV

iNN

20.00 Lífsblómið Umsjónarkona er Stein-unn Anna Gunnlaugsdóttir. Kristbjörg Krist-mundsdóttir og Edda Björgvinsdóttir mæta til leiks ásamt Jónu Björg Sætran sérfæðingi í Feng Shui.

21.00 Líf og land Valdemar Ásgeirsson er húnvetnskur bóndi sem vill fá hlutina á hreint. Í þessum fyrsta þætti er gestur hans Vignir Sigurðsson bóndi á Kolugili.

21.30 Kristinn H. Þáttur í umsjón Kristins H. Gunnarsson alþingismanns. Hann ræðir um stjórnmál við gest sinn.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Kontant 10.35 Aftenshowet 11.00 Aftenshowet 2. del 11.25 En epoke i spåner 11.50 Ha' det godt 12.20 Dine, mine og vores børn 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyh-eder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 Pigeme Mod Drengene 14.30 Hannah Montana 14.55 Svampebob Firkant 15.20 Grumme historier om grusomme børn 15.30 Skæg med tal 15.55 Gurli Gris 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Hvad er det værd? 18.00 DR1 Dokumentaren 19.00 TV Avisen 19.25 Penge 19.50 SportNyt 20.00 En sag for Frost 21.15 Onsdags Lotto

NK1

10.00 NRK nyheter 10.10 Med hjartet på rette staden 11.00 NRK nyheter 11.05 Jessica Fletcher 12.00 NRK nyheter 12.05 Barmeny 12.30 ,Allo, ,Allo! 13.00 NRK nyheter 13.03 Utfordringen 13.30 Dracula junior 14.00 NRK nyheter 14.10 Hannah Montana 14.35 Mona Mørk 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - nyheter på samisk 15.25 Uventet besøk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Rupert Bjørn 16.10 Ugler i mosen 16.30 Lure Lucy 16.40 Distriktskyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Forbrukerinspektørene 17.55 Tingenes tilstand 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktskyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.40 Vikinglotto 19.45 House 20.30 Migrapolis 21.00 Kveldsnytt

1* SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Packat & klart 10.35 Jag och min skugga 11.10 En helt vanlig jude 12.40 Andra Avenyn 13.10 Gomorron Sverige 14.00 Rapport 14.05 Hannah Montana 14.30 Mega 15.00 Lilla prinsessan 15.10 Dagens visa 15.15 Alfons Åberg 15.25 Den itusågade kaninen 15.40 Hemska Henry 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Go'kväll 17.00 Kulturnyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Uppdrag Granskning 19.00 Plus 19.30 Carin 21.30 20.00 Tell me You Love me 20.55 Livet i Fagenvik

ESTÉE LAUDER

Frír maskari*

Debenhams fagnar 7 ára afmæli. Komdu með gamla maskarann þinn til okkar og fáðu að gjöf nýja Sumtuuous maskarann frá Estée Lauder í fullri stærð.

* 200 stykki í boði, einn maskari á viðskiptavin

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Það eru náttúrliga bara jóla-lögin. Boney M fór í spilun um helgina og gekk vel í fólk. Það komst smá í jólagírinn. Það eru 77 dagar til jóla í dag.“

Benedikt Grétarsson, verslunarmaður í Jólagarðinum í Eyjafirði.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. dangel, 6. hvort, 8. fley, 9. hlé, 11. leita að, 12. dótari, 14. ljóst, 16. hvað, 17. neitun, 18. tálbeita, 20. tónlistarmaður, 21. faðmur.

LÖÐRÉTT 1. tel, 3. frá, 4. saumreka, 5. knæpa, 7. tildrög, 10. hald, 13. sjón, 15. tif, 16. sær, 19. ónefndur.

LAUSN

1. hafi, 2. bank, 3. ef, 4. far, 5. lot, 6. skýrt, 7. drasl, 8. skýrt, 9. hafi, 10. hafi, 11. hafi, 12. hafi, 13. hafi, 14. hafi, 15. hafi, 16. hafi, 17. hafi, 18. hafi, 19. hafi, 20. hafi, 21. hafi.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

1. Fjármálaeftirlitið.
2. Lindsay Lohan og Paris Hilton.
3. Sigurður Einarsson.

Ræstum fyrirtæki og stofnanir
Er HREINT hjá þér?

Hreint
RÆSTING
• Reykjavík • Akureyri • Selfossi
Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

Ert þú í vandræðum?

Er þitt fyrirtæki í fjárhagslegum vandræðum eða á barmi gjaldþrota. Þá getum við aðstoðað þig við að losna undan því. Skoðum öll fyrirtæki stór sem smá.

Upplýsingar:
fjarfesting@internet.is

Aðeins ein íslensk mynd slegin hjá Bruun

„Fyrir um ári hefði verið slegist um þessi verk. Þá hefðu verið hér tíu til fimmtán Íslendingar, og annað eins í símanum, að bitast um þau. Ég sá hér engan Íslending,“ segir Pétur Þór Gunnarsson listaverkasali.

Pétur Þór var staddur á uppboði í Kaupmannahöfn og sleginn yfir dræmum viðtökum en í gær voru boðin upp, hjá danska uppboðshaldaranum Bruun Rasmussen, fjögur mjög frambærileg verk eftir fjóra af fremstu listamönnum íslenskrar listasögu: Júlíönnu Sveinsdóttur, Ásgrím Jónsson, Jón Stefánsson og Þorvald Skúlason. Aðeins verkið eftir Þorvald seldist og töluvert undir mati. Það fór á 42 þúsund danskar en var metið á



VERK EFTIR ÞORVALD Þetta verk, eitt íslensku verkanna, seldist á uppboði í gær og vel undir mati.

50. (Samkvæmt gengi gærdagsins eru það 770 þúsund ÍSK.)

„Einhver bauð 24 þúsund í Ásgrím og 18 þúsund voru boðnar í verk Júlíönnu sem metið var á 40. Þetta náttúrliga endurspeglar þetta hrún. Eitthvað gengisfall er á íslensku listinni líka.“

Pétur segir enga leið að sjá sam-bærileg kreppumerki á listaverkum annarra en þeirra íslensku. „Cobra myndir voru slegnar hér í gær [á mánudag] og þar voru myndir að fara á milljónir.“

Athyglisvert er að fyrir rúmu ári var verk eftir Kjarval, Hvítasunnudagur, sleginn á 25 milljónir með öllu. Það verk er í eigu Landsbankans í dag.

- jbg

PÉTUR ÞÓR Fyrir ári hefði uppboðssalurinn verið fullur af íslendingum og bitist um verkin.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Iceland Airwaves hefst eftir viku, „ljós við enda ganganna“ eins og **Egill Tómasson**, einn umsjónarmannanna, orðaði það í blaðinu í gær. Auglýst dagskrá helst að öllu leyti nema að hljómsveitin Dirty Projector er hætt við. Það er þó ekki vegna efnahags-ástandsins heldur vegna hljóðversskuldbindinga sveitarinnar. **Þorsteinn Stephensen** fékk greiðslufrest á flugfargjöldum þegar evran var komin í 200-kall. Greiðslufresturinn varir þangað til „Geir er búinn að laga gengið“.

Þeir eru ekki allir til í að taka flokks-línuna og lægja öldurnar. Þannig var **Mikael Torfason** rithöfundur í viðtali á Danmarks Radio í gær og dró ekkert af sér þegar hann lýsti ástandinu hér á Fróni: Risavinnustaðir á leið á hausinn og fólk býst við því versta sagði Mikael sem klykkti út með því að það mikilvægasta í eigu Íslendinga nú væri vegabréfið.

Listamaðurinn **Tolli** lætur sér hvergi bregða frekar en venjulega. Á föstudag opnar hann myndlistarsýningu í Magasin du Nord og verður fróðlegt að sjá þær viðtökur sem hann fær þar. Það sem heimspressan pikkaði út úr tyrfnu ávarpi **Geirs H. Haarde** á mánudag (líkt og Baggalútur hefur sýnt fram á), ekki síst í Kaupmannahöfn, voru þau orð að þjóðin rambi á barmi gjaldþrots.

- drg, jbg

ÁRNI ÞÓRARINS: ÍSLENSKIR KRIMMAR ÁBERANDI Á LISTUM Í FRAKKLANDI

Slær í gegn í Frakklandi

„Þetta er voðalega skemmtilegt. Frakkar eru mikil bókmenntapjóð og, já, mikil krimmapjóð,“ segir Árni Þórarinnsson rithöfundur.

Franskir útgefendur Árna, á forlaginu Métalié, eru ánægðir með sinn mann. Bók Árna, Tími nornarinnar, er nú að gera það gott á metsölulistum í Frakklandi og er nú sem stendur í 5. sæti yfir mest seldu glæpasögurnar og í 27. sæti á almennum bóksölulista. Árni segir að bókinni hafi komið út fyrir um ári, þá innbundin, og fengið ótrúlega góða dóma hjá gagnrýnendum. „Já, þeim fannst þetta einhvers konar ný mynd af þessu skrítna samfélagi okkar. Og svo er ég með afskaplega góðan útgefanda sem kann þetta. Það skiptir öllu máli þarna úti í Frakklandi. Þetta er ný kiljuútgáfa sem hefur verið að klífa upp lista.“

Aðspurður hvort hann sé ekki að verða moldríkur á þessum krimmaskrifum sínum segir hann: „Nei, svarið er nei, nei, nei.“ En

þegar listarnir eru skoðaðir má sjá bækur eftir franska höfundinn Fred Vargas og hinn sænska Stieg Larsson sem er með þrjár bækur eins og víða um Evrópu. Neðar á metsölulistanum eru svo þrjár bækur eftir Arnald Indriðason. „Merkilegt að tveir íslenskir krimmahöfundar séu á sama tíma á lista yfir höfunda mest seldu krimmana. Eigum við ekki að segja að einhver útrás hafi tekist!“ segir Árni.

Dauði trúðsins, nýjasta bók Árna ef frá er skilin sú sem er að koma úr prentsmiðjunum nú um stundir, er að koma út í Frakklandi og hefur þegar fengið lofsamlega dóma franskra gagnrýnenda. Bernard Strainchamps hjá Bibliosurf.com líkir höfundinum við metsölhöfundinn Stieg Larsson og segir Trúðinn: „Glæpasögu fulla af hómor, lífi og spennu. Gott úrræði gegn deyfð og drunga.“

Ekki aðeins eru það Frakkar sem hafa Árna undir heldur rauk

þýska forlagið Droemer Knaur til og festi sér útgáfuréttinn á Dauða trúðsins áður en Tími nornarinnar fór í dreifingu sem telst afar óvanalegt í útgáfuheiminum. Í umfjöllun sinni hafði Uli Geissler hjá Literature.de orð á hnitmiðaðri samfélagsgagnrýni Árna Þórarinnssonar og segir Tíma nornarinnar ... „frábæra spennubók frá hinum drungalega norðurhvara.“ Árni hefur í flimtingum að í því ljósi sé rétt að Íslendingar lesi hana aftur. Og gagnrýnandi Fränkische Nachrichten segir bókina „hafa allt það til að bera sem ein-kennir góðan krimma“.

Íslenskir lesendur eiga hins vegar von á Sjöunda syninum sem hefst á setningunni: Hér er allt að fara til andskotans. Árni vill þó ekki hafa það á samviskunni að tala upp kreppuna: „Þar er ekkert svartnætti þótt hún gerist í skammdeginu á Ísafirði. Það er ljós í myrkri og líf eftir Dauða trúðsins.“

jakob@frettabladid.is

Hjaltalín smyr sér nesti fyrir tónleikaferð

Íslenska tónlistarútrásin heldur áfram, en með nýjum svip. „Ég fór nú bara í Bónus í gær og keypti álegg á tilbóði og fullt af brauði. Svo smurðum við bara nesti til að taka með.“ Hér talar Sigríður Thorlacius, söngkona Hjaltalín, en hljómsveitin spilar í kvöld í klúbbi í London. „Það er auðvitað óds manns æði á þessum tímum að standa í þessu en það er langt síðan þetta var bókað. Svo kostar inn á þessa tónleika og við tökum eitthvað af því. Gengið er hagstætt.“

Þetta er stutt ferð. Hljómsveitin kemur heim á morgun. „Viktor ætlar að taka með bollasúpu, svo við verðum með bæði bollasúpu og samlokur. Verst að við getum

ekki tekið með okkur vatn í flugið. Nú dugar ekkert annað en að vera með nesti og hlýja skó. Allavega ekki nýja skó. Það hefur enginn efni á nýjum skóm.“

Sigríður segir þessa ferð enga frægðarferð. Bandið hafi spilað á þessum klúbbi áður og meiningin hafi verið að kynna plötuna sem átti að vera komin út í Englandi á þessum tíma. Það hefur hún ekki gert enn þá. „Það er langt síðan þetta var bókað og það er búið að borga miðana og svona. Svo er bara vonandi að það verði flogið heim til baka. Ef allt annað klikkar er Axel trommari með flugpróf og getur flogið okkur heim í hollum.“

- drg



MEÐ NESTI OG HLÝJA SKÓ Sigríður Thorlacius og Högni Egilsson smyrja nesti fyrir Lundúnaferð Hjaltalín.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

NÝ ÍSLENSK KVIKMYND – FRUMSÝND 9. OKTÓBER

BESTA MYNDIN

– Teddy-Awards-Berline-Film-Festival

Sérstakt afrek í þágu kvikmynda
– Exit, Novi Sad, Serbía

BESTA MYNDIN og Showtime verðlaunin
– New York LGBT Festival

„Áhrifarík kvikmynd“ – LA Times
„Heillandi og dómlaus frásögn“ – Hollywood Reporter

THE AMAZING TRUTH ABOUT Queen Raquela



ERTU Á LEIDINNI Í BÍÓ?
SENDU SMS **BTC BSR** Á NÚMERID **1900**

VINNINGAR ERU BÍÓMÍÐAR, DVD MYNDIR, TÖLVULEIKIR OG MARGT FLEIRA



Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn 1 SMS klúbb. 149 kr/skeytið.



Gesthús Dúna
Tveggja manna herbergi
á kr. 5.000 nóttin
Svefnpokapláss
kr. 1.500 nóttin

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is



BAKPANKAR
Þórhildar Elínar
Elínardóttur


Hamstur

Ef ætlunin er að fá brjóstsviða, vöðvabólgu eða viðvarandi hárlós er upplagt um þessar mundir að æfa hamstur. Öll skilyrði eru enn hagstæð til að verða lunkinn í þeirri vanræktu íþróttagrein svo nú er um að gera að munda innkaupakörfuna rösklega. Ýmislegt getur komið sér vel í kreppunni. Til dæmis verður hægt að hrósa sigri yfir að luma enn á krukku af fetaosti daginn sem Mjólkursamsalan leggur upp laupana og allir aðrir verða búnir að gleyma þeirri munaðarvöru. Eða súpa hlakkandi á síðasta espressóinum á meðan hinir ófor sjálu horfa hnípnir og kaffilausir í gaupnir sér.

Í ANDA kreppu og fyrirhyggju gerði ég á sunnudag reyndar dálitla tilraun til forsjálni og lagði af stað til að kaupa bara ponsulítið í frystinn. Það var einmitt daginn áður en forsætisráðherra hræddi líftórana úr okkur öllum með því að biðja guð í beinni útsendingu um að blessa íslensku þjóðina, svo enn var tiltölulega létt yfir mannskapnum. Engisprettufaraldurinn hafði þó auðsjáanlega verið skrefinu á undan mér því vörulager verslunarinnar var ekki svipur hjá sjón. Allt þetta praktíska búíð og hvorki til slátur né hveiti. Því var ekki um annað að ræða til að friða hamsturspörfina en að kaupa fullkominn óparfa á uppsprengdu verði. Búrhillur einhverra heimila svigna nú vonandi undan hagsýnum og næringarríkum vetrarforða á meðan vér hin óforsjálu nögum síðasta parmesanostinn.

EKKI tókst betur til með að hamstra eldsneyti. Rétt fyrir hroðalega hækkun og skort á því hafði ég ekki fyrr laumast á bensínstöðina til að fylla tankinn en olíufélögin híuðu á mig með því að lækka verðið um heilan helling.

EFTIR sjö feit ár breyttist þjóðin á einni nóttu í risavaxinn jafnaðarmannaflokk sem fyrirliður ekkert meir en stórgróða. Á meðan sumar veraldlegar eignir rýrna hefur almennur orðaforði þó blómstrað sem aldrei fyrr. Hvaða barn sem er getur nú rætt af nokkurri þekkingu um lánshæfismat, gjaldeyrisviðskipti og kross eignarhald. Skáldlegar myndlíkingar um ástandið eru á hvers manns vörum, einkum tengdar sjósókn og brunavörnum. Orð eru dýrari en brauð. Við sem ekki kunnum að hamstra efnisleg gæði getum að minnsta kosti birgt okkur upp af orðaforða til vetrarins.



GÓÐAN DAG!
Í dag er miðvikudagurinn
8. október, 281. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	7.58	13.15	18.31
Akureyri	7.46	13.00	18.12

Heimild: Almanak Háskólans

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR KLETTHÁLSI

NÆSTUM NÝIR BÍLAR MED

MIKLA

ÁBYRGÐ



Frábært tilboð á bílaleigubílum
Nú bjóðum við vel með farna bílaleigubíla á kjörum sem bjóðast ekki annars staðar:

- Allir bílar eru í 5 ára ábyrgð frá nýskráningardegi.
 - 80% fjármögnun.
 - Bílalán til 84 mánaða.
- Komdu í heimsókn og kynntu þér frábært verð á næstum nýjum bílum. Við erum í samningaskapi.

5 ÁRA
ÁBYRGÐ Á
ÖLLUM BÍLUM

BÍLALÁN
TIL 84 MÁNAÐA

80%
FJÁRMÖGNUN

VW Polo Comfortline 1,4 SEMJUM UM FRÁBÆRT VERÐ  Nýskráður júní 2007 Beinskiptur, ekinn 33.000 km Ásett verð 1.560.000,-	Skoda Octavia Ambiente, Dísel SEMJUM UM FRÁBÆRT VERÐ  Nýskráður maí 2007 Sjálfskiptur, ekinn 36.000 km Ásett verð 2.490.000,-	MM Pajero Intense, Dísel SEMJUM UM FRÁBÆRT VERÐ  Nýskráður júní 2007 Sjálfskiptur, ekinn 45.000 km Ásett verð 5.550.000,-
---	--	--



Das Auto.



SIMPLY CLEVER



MITSUBISHI MOTORS



KIA MOTORS



Bílaábyrgð Varðar fylgir notuðum bílaleigubílum frá HEKLU.

Opið 10-18 virka daga | Opið 12-16 laugardaga
Kletthálsi | sími 590 5040 | www.heklanotadirbilar.is | notadirbilar@hekla.is

